



NAUSTASKÓLI

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!



Ársskýrsla

3. starfsár 2011-2012



Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Stefna Naustaskóla	3
Hlutverk.....	3
Framtíðarsýn.....	3
Áherslur skólans	3
Naustaskóli 2011-2012	5
Húsnæðismál	5
Skólinn í tölum	6
Nemendur	6
Starfsfólk	7
Fjármál.....	8
Vettvangsferðir og heimsóknir	9
Ýmsir viðburðir í skólastarfinu	9
Skólatími / stundaskrár	11
Skóladagatal	12
Stjórnun	13
Skipurit	13
Skólaráð.....	13
Teymi - fundir.....	14
Nemendaráð.....	14
Trúnaðarmenn.....	15
Kennsluskipan	15
Valgreinar	17
Námsmat.....	17
Mötuneyti	17
Frístund.....	17
Bókasafn	18
Samstarf við Naustatjörn	18
Endurmenntun og starfsþróun	18
Rannsóknarverkefni um námssamfélag.....	19
Umhverfismál	19
Jákvæður agi - bekkjarfundir.....	19
Samskipti heimila og skóla.....	20
Námsgögn.....	20
Nemendaverndarráð.....	20
Skólahjúkrun.....	21
Námsráðgjöf	21
Stuðningskennsla / þjálfun	21
Skýrslur starfsmannahópa.....	22
Skýrsla kennara í 1. bekk.....	22
Skýrsla kennara í 2.-3.bekk	26
Skýrsla kennara í 4.-5. bekk	31
Skýrsla kennara í 6.-7. bekk	36
Skýrsla kennara í 8. – 9. bekk.....	38
Skýrsla náms- og starfsráðgjafa.....	43
Mat á skólastarfinu	45
Almennt mat og umbótatillögur	45
Viðauki, sýnishorn af stundaskrá og fréttabréf skólaársins.....	47



Inngangur

Hér má sjá ársskýrslu Naustaskóla fyrir þriðja starfsár Naustaskóla, 2011-2012. Skólinn gefur árlega út rit af þessu tagi, markmiðið með því er að taka saman og miðla upplýsingum um skólastarfið, kynna þau verkefni sem unnið er að hverju sinni og skrá þannig um leið sögu skólans frá upphafi. Jafnframt er útgáfa ársskýrslu þáttur í formlegu sjálfsmati skólans enda ætlunin að koma á framfæri mati á því hvernig til hefur tekist með ýmsa þætti starfsins, og hugmyndum að úrbótum. Skýrslan er birt á heimasíðu skólans og dreift til starfsmanna, skólaráðs, skólanefndar og skóladeildar Akureyrarbæjar.

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Stefna Naustaskóla

Starfið innan skólans er byggt á stefnu hans sem sett er fram sem leiðarljós fyrir skólastarfið, þ.e. hvert hlutverk skólans er, hvaða framtíðarsýn við höfum fyrir skólann okkar og hvaða markmið við viljum helst hafa í huga með starfinu. Stefnan var mótuð í samvinnu við fulltrúa foreldra á grunni undirbúningsvinnu sem fram fór fyrir stofnun skólans. Hún byggir einnig á skólastefnu Akureyrarbæjar sem samþykkt var í bæjarstjórn árið 2005 en þá stefnu má finna á heimasíðu skóladeildar Akureyrarbæjar <http://skoladeild.akureyri.is>

Hlutverk

Hlutverk skólans er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda, að mennta ábyrga og hæfa þjóðfélagsþegna sem geta tekið virkan þátt í þróun samfélagsins og stundað frekara nám. Allir skulu öðlast alhliða menntun og fá hvatningu til náms í samræmi við þroska sinn og áhuga. Skólinn er mennta- og þjónustustofnun sem sinnir hlutverki sínu í náinni samvinnu við heimilin með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.

Framtíðarsýn

Naustaskóli verði framsækinn 500 nemenda grunnskóli, kunnur fyrir kraftmikið og vel heppnað skólastarf með sérstakri áherslu á að koma til móts við hvern og einn nemanda. Nemendur skólans verði lífsglaðir, sjálfstæðir og sjálfsöruggir. Skólinn eigi gott samstarf við heimilin og samfélagið.

Áherslur skólans

- Námsaðlögun

Markmið: Skólinn mæti þörfum nemenda í námi
Nemendur verði sjálfstæðir og taki ábyrgð á námi sínu
Allir nemendur taki stöðugum framförum

Leiðir: Einstaklingsáætlanir að hluta
Fjölbreyttar kennsluaðferðir
Þemavinna / smíðjur
Námsstöðvar
Áhugasviðsvinna
Reglubundið og fjölbreytt mat á vinnu nemenda
Markviss starfsþróun og endurmenntun starfsmanna

N ámsaðlögun
A thvarf
U mhyggja/virðing
S amvinna
T áp og fjör
A llir með!
SKÓLI



- **Athvarf**

Markmið: Nemendum líði vel í skólanum
Forráðamenn og nemendur eigi aðgang að ráðgjöf og stuðningi
Skólinn sé miðstöð fyrir íbúa hverfisins

Leiðir: Vingjarnlegt og áhugavert umhverfi
Góður aðbúnaður og aðstaða
Góður og hollur matur
Vel menntað og vingjarnlegt starfsfólk
Gott samstarf við íbúa, félög og fyrirtæki í hverfinu

- **Umhyggja og virðing**

Markmið: Samskipti í skólasamfélaginu byggist á virðingu og umhyggju
Nemendur læri að bera virðingu og umhyggju fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu

Leiðir: Jákvæð agastefna – samstaða um gildi
Markviss notkun bekkjafunda
Aldursblöndun nemenda / sveigjanleg hópaskipting
Jafnréttisstefna
Umhverfisstefna

- **Samvinna**

Markmið: Starfsmenn, foreldrar og nemendur taki þátt í ákvörðunum
Foreldrar séu virkir þátttakendur í námi barna sinna
Skólinn lúti markvissri stjórnun sem byggir á kunnri stefnu

Leiðir: Gott upplýsingastreymi
Skólaþing
Teymiskennsla
Mannauðurinn innan skólans sé virkjaður
Foreldrar virkjaðir til þátttöku

- **Táp og fjör**

Markmið: Nemendur og starfsmenn séu glaðir í starfi sínu innan skólans
Að það sé gaman í skólanum!
Skólinn stuðli að hreysti nemenda

Leiðir: Fjölbreytni og sveigjanleiki í starfinu
Nægileg hreyfing og útivera fyrir nemendur
Söngur og leikur ríkulegur þáttur í skólastarfinu

- **Allir með!**

Í námi
Í starfi
Í leik
Í ákvörðunum



Naustaskóli 2011-2012

Heimilisfang: Hólmatún 2, 600 Akureyri

Kennitala 530109-0110

Sími: 460-4100, sími í Frístund: 460-4111

Netfang: naustaskoli@akureyri.is

Heimasíða: <http://naustaskoli.is>

Skólastjóri: Ágúst Frímann Jakobsson agust@akureyri.is

Deildarstjóri: Bryndís Björnsdóttir dis@akmennt.is

Fjöldi nemenda: 247

Fjöldi starfsmanna: 40

Naustaskóli hóf starfsemi haustið 2009 með 153 nemendur í 1.-7. bekk. Skólinn er staðsettur í Naustahverfi, við hlið leikskólans Naustatjarnar sem var fyrsta húsið sem reis í hverfinu og tók til starfa haustið 2003.

Skólaárið 2010-2011 voru nemendur um 200 í 1.-8. bekk og á þriðja starfsárinu 2011-2012 voru nemendur tæplega 250. Skólinn verður orðinn heildstæður grunnskóli með 1.-10. bekk frá og með hausti 2012. Fyrstu árin hefur auk þess verið staðsett í húsnæði skólans, ein deild frá leikskólanum Naustatjörn, og er hún jafnan skipuð elstu börnum leikskólans.

Húsnæðismál

Fyrri áfangi húsnæðis Naustaskóla var tekinn í notkun þegar skólinn hóf starfsemi haustið 2009. Þar er að finna heimasvæði sem ætluð eru 1.-7. bekk, heimasvæði Frístundar, forstofu og fatahengi yngsta stigs, tónlistarstofu, heimilisfræðistofu og húsnæði sem síðar mun hýsa eldhús en það rými er nýtt sem smíðastofa í bili. Eftir er því að reisa síðari áfanga skólans en hann mun fullbyggður rúma 500 nemendur. Til að byrja með er húsnæði skólans að nokkru leyti nýtt á annan hátt en hönnun gerir ráð fyrir. Þar má nefna að deild frá leikskólanum Naustatjörn er til húsa þar sem gert er ráð fyrir aðalaðsetri Frístundar (síðdegisgæslu), Frístund nýtir þess í stað kennslusvæði 1.-3. bekkjar eftir að kennslu lýkur. Herbergi sem ætlað var til afnota fyrir foreldra er nýtt sem aðstaða skólahjúkrunarfræðings, aðstöðu stjórnenda, ritara, bókasafni, kaffistofu og samkomusal er komið fyrir á efri hæð skólans þar sem gert er ráð fyrir kennslurýmum í framtíðinni, smíðastofa er sem fyrr segir í "framtíðareldhúsi" skólans og vinnurými kennara voru í vetur í þremur rýmum sem sum hver eru ætluð til kennslu. Vorið 2011 hófust framkvæmdir við seinni áfanga skólahúsnæðisins. Að loknu útboði var samið við fyrirtækið SS-Byggi um framkvæmdina. Um er að ræða 3.900 m² byggingu sem mun hýsa heimasvæði 8.-10. bekkja, félagsaðstöðu nemenda, sérgreinastofur (fyrir smíðar, textílmennt, myndmennt og náttúrufræði), starfsmanna- og stjórnunarrými, samkomusal, matsal, bókasafn, forstofu og fatahengi miðstigs, aðalinngang skólans og fatahengi unglingastigs, búningsklefa og íþróttahús. Haustið 2012 mun álma sem ætluð er fyrir unglingastig og sérgreinastofur verða tekin í notkun auk miðrýmis skólans þar sem verða samkomusalur, matsalur og bókasafn. Auk þess verður eldhús skólans tekið í notkun sumarið 2012 og mun þá matreiðsla fyrir Naustaskóla og Naustatjörn færast yfir í húsnæði Naustaskóla. Framkvæmdum við uppsteypu og utanhússfrágang á öllu skólahúsnæðinu á að vera lokið á vordögum 2013 en ekki hefur verið ákveðið hvenær ráðist verður í innréttingar og frágang á íþróttahúsi og stjórnunarálmum. Heildarkostnaður við seinni áfanga er áætlaður um 1,1 milljarður króna.

Teikningar af skólahúsnæðinu má nálgast á heimasíðu skólans.



Skólinn í tölum

Eftirfarandi tölur lýsa úthlutuðum stöðuheimildum og stöðu mála við upphaf skólaárs.

	09-10	10-11	11-12	12-13
Fjöldi nemenda	153	200	241	
Fjöldi almennra kennslustunda	275	378	445	
Fjöldi almennra kst. pr. nem.	1,797	1,890	1,84	
Fjöldi sérkennslustunda	45	84	86	
Fjöldi sérkennslust. pr.nem.	0,294	0,420	0,357	
Fjöldi umsjónarkennara	10	12	15	
Meðaltal nemenda pr. umsj.kennara	15,3	16,67	16,07	
Fjöldi barna í Frístund	58	71	76	
Fjöldi stöðugilda við stjórnun	1,61	1,61	1,81	
Fjöldi stöðugilda í kennslu	12,3	17,76	20,42	
Hlutfall réttindakennara (%)	100%	100%	100%	
Kynjahlutföll starfsmanna kvk/kk %	74 / 26	74 / 26	75/25	
Stöðugildi stuðningsfulltrúa	1,40	2,93	2,58	
Stöðugildi skólaliða	2,18	3,64	3,82	
Stöðugildi vegna námsráðgjafar	0,25	0,40	0,40	
Stöðugildi vegna Frístundar	1,28	2,24	2,81	
Stöðugildi vegna bókasafns	0,50	0,50	0,80	
Stöðugildi vegna eldhúss	1,40	1,74	1,50	
Stöðugildi vegna húsvörslu	1	1	1	
Stöðugildi vegna ritarastarfa	0,80	0,80	0,80	
Tölvur alls	47	50	61	
Tölvur fyrir nemendur	30	30	33	
Nemendur pr tölvu	5,10	6,67	7,30	
Tölvur í stjórnun og kennslu	17	20	28	
Kennarar pr. tölvu	1	1	1	
Hlutfall nemenda í mötuneyti	100%	97%	96%	
Hlutfall nemenda í ávaxtaáskrift	87%	79%	74%	
Árangur á samr.pr. í 4.b. (mt. ís/stæ)	30,55	26,55	29,70	
Árangur á samr.pr. í 7.b (mt. ís/stæ)	25,90	24,15	24,20	
Árangur á samr.pr. í 10.b(mt. ís/stæ)	-	-	-	
Stærð húsnæðis	2338 fm	2338 fm	2338 fm	

Nemendur

Umsjónarhópar:	Drengir:	Stúlkur:	Alls:	Umsjónarkennari
1.HJ	8	7	15	Halla Jóhannesdóttir
1.LÞ	9	6	15	Lilja Þorkelsdóttir
2/3.JH	9	7	16	Jóna Hjaltadóttir
2/3.JFÞ	8	8	16	J. Freydís Þorvaldsdóttir
2/3.GBA	7	10	17	Gyða Björk Aradóttir
2/3.YHH	10	6	16	Yrsa Hörn Helgadóttir
4/5.ILÓ	8	6	14	Inga Lilja Ólafsdóttir
4/5.HÖÁ	8	10	18	Heimir Örn Árnason
4/5.VRJ	9	6	15	Valdís Rut Jósavinsdóttir
4/5. BDH	8	7	15	Brynja Dögg Hermannsdóttir
6/7.ÁKG	5	11	16	Ása Katrín Gunnlaugsdóttir
6/7.GEG	6	10	16	Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson
6/7. SJ	6	10	16	Sigurlaug Jónsdóttir
8/9. ÚB	8	10	18	Úlfar Björnsson



8/9. ÞÝS	9	8	17	Þóra Ýr Sveinsdóttir
	116	125	241	

Árgangaskipting:	Drengir:	Stúlkur:	Alls:
Árg. 1997 (9.b)	8	8	16
Árg. 1998 (8.b)	9	11	20
Árg. 1999 (7.b)	5	16	21
Árg. 2000 (6.b)	13	14	27
Árg. 2001 (5.b)	15	14	29
Árg. 2002 (4.b)	17	13	30
Árg. 2003 (3.b)	19	18	37
Árg. 2004 (2.b)	16	15	31
Árg. 2005 (1.b)	14	16	30
	116	125	241

(Fjöldi nemenda 22.ágúst, nemendum fjölgaði, nokkuð yfir veturinn, voru 247 um vorið)

Starfsfólk

Nafn	Starfsheiti	Meginstarfssvið
Aðalheiður Reynisdóttir	Iðjuþjálfari	þjálfun/ráðgjöf
Aðalheiður Skúladóttir	Námsráðgjafi	ráðgjöf / kennsla
Agnes Þorleifsdóttir	Stuðningsfulltrúi	stuðningur við nemendur
Auður Guðný Yngvadóttir	Skólaliði	gæsla/ræsting
Ágúst Frímann Jakobsson	Skólastjóri	stjórnun
Ása Katrín Gunnlaugsdóttir	Kennari	6.-7. bekkur / textílmennt
Berglind Sigurðardóttir	Aðstoðarmatráður	eldhússtörf
Bryndís Björnsdóttir	Deildarstjóri	stjórnun/sérkennsla
Brynja Dögg Hermannsdóttir	Kennari	4.-5. bekkur / áhugasvið
Daníel Örn Einarsson	Skólaliði	stuðningur/gæsla/ræsting
Elva Rósa Helgadóttir	Skólaliði	gæsla/ræsting
Guðrún Huld Gunnarsdóttir	Ritari	afgreiðsla / upplýsingar
Guðrún Valdís Eyvindsdóttir	Skólaliði	gæsla/ræsting
Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson	Kennari	6.-7. bekkur / uppl.tækni
Gyða Björk Aradóttir	Kennari	2.-3. bekkur / íþróttir
Hafðís Björg Bjarnadóttir	Þroskaþjálfari	þjálfun/ráðgjöf
Halla Jóhannesdóttir	Kennari	1. bekkur
Harpa Hrönn Gunnarsdóttir	Skólaliði	eldhússtörf/gæsla/ræsting
Harpa Mjöll Hermannsdóttir	Stuðningsfulltrúi	stuðningur við nemendur
Heimir Örn Árnason	Kennari	4.-5. bekkur / uppl.tækni
Hrafnhildur Stefánsdóttir	Forst.m. Frístundar	umsjón með Frístund
Hugrún H. Sigurbjörnsdóttir	Skólaliði	gæsla/ræsting
Ingibjörg Jóna Hjaltadóttir	Kennari	2.-3. bekkur / myndmennt
Inga Lilja Ólafsdóttir	Kennari	4.-5. bekkur / myndmennt
Ingibjörg Ósk Hannesdóttir	Skólaliði	gæsla/ræsting
Ingibjörg S. Ingimundardóttir	Skólahjúkrunarfr.	(starfsm. heilsugæslu)
Ingólfur Valur Ívarsson	Umsjónarmaður	húsvarsla / stundakennsla
J. Freydís Þorvaldsdóttir	Kennari	2.-3. bekkur
Karl Hallgrímsson	Kennari	tónmennt / danska
Kolbrún Eva Helgadóttir	Skólaliði	gæsla/ræsting
Kolbrún Sigurðardóttir	Skólaliði	gæsla/ræsting



Lilja Þorkelsdóttir	Kennari	1. bekkur
Magnús Blöndal Jóhannsson	Skólaliði	gæsla/ræsting
Sandra Mjöll Tómasdóttir	Stuðningsfulltrúi	stuðningur við nemendur
Sigurlaug Jónsdóttir	Kennari	6.-7. bekkur / myndmennt
Snorri Bergþórsson	Kennari	íþróttakennsla
Úlfar Björnsson	Kennari	8.-9. Bekkur
Valdís Rut Jósavinsdóttir	Kennari	4-5.bekkur/ textílmennt
Yrsa Hörn Helgadóttir	Kennari	2.-3. bekkur / heimilisfr.
Þóra Ýr Sveinsdóttir	Kennari	8.-9. bekkur / áhugasvið
Örlygur Þór Helgason	Kennari	íþróttakennsla

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahópnum yfir veturinn. Auður Guðný réði sig til annarra starfa snemma um haustið og í hennar stað kom Almar Barja. Magnús hætti skömmu síðar og var þá ráðin Kristín Reykjalin Aðalsteinsdóttir. Gunnþór Eyfjörð var ráðinn sem skólastjóri Árskógsskóla í febrúar og þá kom Andri Snær Stefánsson í hans stað. Ása Katrín og Brynja fóru í fæðingarorlof komu Sigríður Jóna Ingólfsdóttir og Kolbrún Sigurgeirsdóttir til starfa í staðinn. Ingólfur húsvörður hætti í desember og var Brynjar Hermannsson ráðinn í hans stað.

Fjármál

Fyrir fjárhagsárið 2011 voru niðurstöðutölur Naustaskóla eftirfarandi:

Lyklar	Raun 2011	Áætlun 2011	Mismunur	Notað. (%)
* Tekjur	-21,512,993	-10,609,000	10,903,993	202.78
* Laun og launatengd gjöld	161,979,036	162,665,000	685,964	99.58
* Vörukaup	19,364,869	7,676,000	-11,688,869	252.28
* Þjónustukaup	115,266,336	112,970,000	-2,296,336	102.03
** Samtals	275,097,248	272,702,000	-2,395,248	100.88

Eins og sjá má voru nokkur frávik frá fjárhagsáætlun. Tekjur og vörukaup voru nokkuð vanáætlaðir flokkar, munar þar mest um tekjur og kostnað vegna mótuneytis. Í heildina fór rekstur skólans nokkuð fram úr áætlun eða um 0,88%. Má nefna í því sambandi að kostnaður við leigu húsnæðis og búnaðar varð samtals um 1.800.000 kr. meiri og kostnaður við rafmagns- og hitanotkun samtals um 700.000 kr. meiri en áætlun gerði ráð fyrir. Það má því segja að vanáætlaður húsnæðiskostnaður skólans skýri hallareksturinn.

Þegar árið 2012 er hálfnað er útlit fyrir að reksturinn sé í járnnum. Ljóst er að tekjur verða nokkuð meiri en áætlun gerði ráð fyrir en á móti kemur að ýmsir vöru- og þjónustukaupaliðir eru mjög knappir. Samþykkt áætlun ársins 2012 er sem hér segir:

Lyklar	Áætlun 2012
* Tekjur	-16,782,000
* Laun og launatengd gjöld	192,990,000
* Vörukaup	17,290,000
* Þjónustukaup	132,689,000
* Styrkir og framlög	
** Samtals	326,187,000

Vettvangsferðir og heimsóknir

Nemendur fóru nokkuð í vettvangsferðir og fengu heimsóknir frá ýmsum aðilum. Varðandi atburði hjá einstökum námshópum vísast til skrifna kennarateymanna aftar í skýrslunni. Meðal þeirra heimsókna sem skólanum bárust sem heild má nefna eftirfarandi:

- Rithöfundarnir Margrét Örnólfsdóttir og Kristín Helga Gunnarsdóttir komu í desember og lásu upp úr bókum sínum fyrir nemendur. Einnig kom tónlistarmaðurinn Mugison og söng nokkur lög fyrir nemendur.
- Rannsóknarhópur á vegum Háskólans á Akuryri var hér við störf í eina viku í september og skoðaði hvernig Byrjendalæsið er fléttað inn í skólastarfið. Í apríl komu kennarar og kennaranemar frá Danmörku og dvöldu hjá okkur einn dag. Skólaliðar frá Dalvík og Blönduósi komu í heimsókn og danskur farkennari kenndi dönsku við skólann nokkrar vikur í vor.
- Fjórir kennaranemar á 1. ári komu í skólann í tvo daga, einnig komu meistaraþrófsnemar í vettvangsathug. Síðar um veturinn dvaldi hjúkrunarfræðinemi hjá okkur í vettvangsnámi.



Ýmsir viðburðir í skólastarfinu

- Samverustundirnar voru tvískiptar og haldnar einu sinni í viku fyrir hvorn hóp á sitt hvorri hæð hússins. Vegna plássleysis var brugðið á það ráð að skipta nemendahópnum. Sungnir voru söngvar af ýmsu tagi, skólastjórnendur nýttu stundum tækifærið til að koma á framfæri upplýsingum eða ábendingum og nemendur sýndu atriði af ýmsu tagi sem þeir höfðu æft, námshópar skiptust á að hafa atriði en einnig var nokkuð um að nemendur kæmu með atriði að eigin frumkvæði.
- Útivistardagur: Í september var einn dagur helgaður útivist. Í boði voru gönguferðir, hjólatúrar, bryggjuveiði, leikir o.fl á Hömrum og gátu nemendur valið sér hvað þeir vildu gera. Reyndist gönguferð á Súlur og bryggjuveiðin ákaflega vinsæl.
- Böll: Þrisvar sinnum héldu eldri nemendur skólans böll, annað var hrekkjavökuball haldið fyrir yngri nemendur skólans en hin voru árshátíðarböll, haldin fyrir yngri og eldri nemendur skólans.
- Kjörfundur: Nemendur 4.-8. bekkjar kusu fulltrúa í nemendaráð. Framboðsræður og formlegar kosningar fóru fram.
- Rýmingaræfing: Brunakerfið prófað tvisvar sinnum og skólinn rýmdur.
- Hæfileikakeppni nemenda: Að þessu sinni bar hæfileikakeppnin heitið „Naustaskóli got talent“. Í ár voru 11 atriði í keppninni og voru þau af ýmsu



- tagi og kom vel í ljós hversu hæfileikaríkir nemendur eru í Naustaskóla.
- Spurningakeppni grunnskólanna á Norðurlandi: Fulltrúar Naustaskóla stóðu sig frábærlega, komust alla leið í úrslit og urðu í 2.sæti keppinnar.
 - Litlujól: Litlujólin voru haldin á “hefðbundinn” hátt með stofujólum og síðan jólatrésskemmtun, helgileik og tilheyrandi.
 - Stóra upplestrarkeppnin: Nemendur í 7.bekk tóku þátt í Stóru upplestrarkeppninni sem haldin var í febrúar. Stóðu okkar fulltrúar sig með mestu þryði.
 - Árshátíð skólans var haldin 15.mars. Að þessu sinni var þema árshátíðarinnar helgað 150 ára afmæli Akuryrarbæjar. Á árshátíðinni voru þrjár sýningar, allir bekkir sýndu á þessum sýningum, en bekkjunum var skipt niður í sýningarhópa. Nemendum var raðað saman í þrjá hópa þannig að systkini sýndu á sömu sýningu. Á milli sýninga voru seldar kaffiveitingar. Árshátíðin tókst þryðilega og var góð mæting meðal foreldra og annarra aðstandenda nemenda.
 - Opin vika: Á haust -og vorönn var opin vika í skólanum. Þá voru foreldrar og forráðamenn sérstaklega hvattir til að kíkja við í skólanum og skoða starfið.
 - Fræðslufundur: Í upphafi skólaárs var haldið skólafærninámskeið fyrir foreldra nýnema. Á haustdögum var haldin á vegum foreldrafélags Naustaskóla fræðslufundur um kvíða, þar sem Kristín Elva Viðarsdóttir sálfræðingur og sérkennari flutti erindi. Einnig var haldin fræðslufundur á vegum skólans um tölvunorkun barna og unglunga, þar sem Guðjón Hauksson framhaldsskólakennari hélt erindi.
 - Skíðadagur: Þann 21. mars fóru allir nemendur skólans upp í Hlíðarfjall einn dag og renndu sér.
 - Skólabúðaferð 7. Bekkjar: 7. bekkur fór í skólabúðir að Reykjum 26.-30. mars.
 - Gisting í skólanum: 6. bekkur gisti í skólanum eina nótt meðan 7. bekkur dvaldi í skólabúðum.
 - Skólabúðaferð 4. bekkjar. Nemendur 4. bekkjar fóru í þriggja daga ferð í skólabúðir í Bárðardal 25.- 27. apríl. Skipulagt og framkvæmt með fulltingi foreldra.
 - Öðruvísi dagar: Nokkrum sinnum var fyrirskipuð tilbreyting í klæðaburði eða háttum, má þar nefna, ullarfatadag og góðverkadag, rafmagnslausan dag, fullvelldis- og fánalitadag, jólasveinahúfudag, snakk-bíó- og náttfatadag, slæman hárdag, mottudag, rugludagur og dagur íslenskrar tungu.
 - Þemadagar: Tvisvar um veturinn voru þemadagar nokkra daga í senn, þar sem nemendur störfuðu í aldursblönduðum hópum. Fyrri skiptið var í desember og nefndust þeir dagar "jólþemadagar", en hitt skiptið var síðustu daga ársins og var áhersla þeirra daga útileikir. Þemadagarnir tókust afar vel og var mikil ánægja með þá.
 - Nemendadagurinn: Var haldinn í annað sinn 25 nóvember. Fulltrúar í nemendaráði skólans höfðu áður skipulagt daginn en hann fólst í því að nemendaráðið tók við stjórn efri hæðar skólans og stýrði skólastarfinu hjá 4.-9. bekk fyrir hádegi.
 - Unicef-dagurinn: Í samstarfi við Unicef á Íslandi stóðum við fyrir viðburði þar sem nemendur hreyfðu sig gegn áheimum foreldra og söfnuðu með því



fjármunum fyrir Unicef hreyfinguna. Þetta tókst afar vel og söfnuðust um 200.000 kr.

- Vorhátíð: Haldin var vegleg vorhátíð í samstarfi við Foreldrafélag og Hverfisnefnd Dagskráin var í Naustaborgum þetta árið þar sem boðið var upp á grillaðar pylsur, leikjastöðvar og hoppukastala. Í skólanum var hægt að kaupa vöfflur með kaffinu. Hátíðin gekk mjög vel enda veður með eindæmum gott þennan dag.



- Afmæli Akureyrarbæjar: Nemendur Naustaskóla tóku þátt í 150 ára afmæli Akureyrarbæjar með ýmsu móti. Í mars fóru allir nemendur skólans niður í miðbæ og tóku þátt í samsöng grunn- og leikskóla bæjarins. Í maí tóku einnig allir þátt í listahátíð leik- og grunnskólanna og þar átti Naustaskóli fulltrúa á sviði í miðbænum. Nemendur 4.-5.bekkjar lögðu sitt af mörkum við gerð mósaíklustaverks sem grunnskólabörn gefa Akureyrarbæ í afmælisgjöf. Einnig var góð þátttaka nemenda í ljóðasamkeppni sem haldin var í tilefni af afmælinu og mynd- og listaverk nemenda prýddu veggi Deigllunnar.
- Morgunkaffi með stjórnendum: Sú nýbreytni var um haustið að bjóða foreldrum í morgunkaffi með stjórnendum, þar sem tækifæri gafst til að spjalla og skiptast á skoðunum.
- Viðurkenning skólanefndar: Naustaskóli fékk að þessu sinni tvær viðurkenningar. Einn nemenda skólans fékk viðurkenningu fyrir góðan námsárangur og fyrir að vera frábær fyrirmynd, fyrir listsköpun og tjáningu, samskiptahæfni, frumkvæði og framlag til að auðga skólaandann. Þá hlaut skólinn viðurkenningu fyrir verkefnið Jákvæður agi. Við erum að sjálfsögðu afar stolt af þessum viðurkenningum.

Skólatími / stundaskrár

Í vetur hófst kennsla kl. 8:10 að morgni og lauk kl. 13:15 hjá 1.-3. bekk en nokkru síðar hjá eldri bekkjunum þrjá daga í viku. Kennslustundafjöldi í hverjum árgangi var sem hér segir: Kennndar voru 30x40mínútur í 1.-3. bekk, 33x40 mínútur í 4.-5. bekk, 35x40 mínútur í 6.-7. bekk og nemendur í 8-9. bekk voru í skólanum sem svarar 37x40 mínútum.

Stundaskrár voru annars unnar á þann hátt að stjórnendur settu upp ákveðinn ramma með íþrótt- og sundtímum og fleiri þáttum sem krefjast samhæfingar, en hvert kennarateymi fyrir sig bjó til og skipulagði stundaskrá síns hóps að öðru leyti. Sýnishorn af stundaskrár námshópa má finna í viðauka þessarar skýrslu.



Skóladagatal



Skóladagatal 2011 - 2012

Naustaskóli
Vöðmáttun
600 Akureyri

AGÚST	SEPTEMBER	OCTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRUÁR	MARS	APRIL	MÁI	JUNÍ
1 M Frídagur veisluvænna	1 F	1 L	1 Þ	1 F Fríðagsdagurinn / Fríðagsdagur	1 S Nýársdagur	1 M	1 F	1 S Þrínaundagur	1 Þ Veiðisöndugurinn	1 F
2 Þ	2 F Útvarsdagur	2 S	2 M	2 F	2 M ÞRI	2 F	2 F	2 M	2 M	2 L
3 M	3 L	3 M	3 F	3 L	3 Þ Starfsdagur	3 F Dagur stærkt aðbarna	3 L	3 Þ	3 F	3 S
4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S	4 M Víska	4 L	4 S	4 M	4 F	4 M Músdagur
5 F	5 M Morgunfundur kvenna	5 M	5 L	5 M Jógundagur	5 F	5 S	5 M Starfsdagur / Fríðagsdagur eftir hálgi	5 F Starfsdagur	5 L	5 Þ Sóskell
6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ	6 F Þrjátíundin	6 M Opn vika	6 Þ	6 F Fátugdagurinn lang	6 S	6 M Starfsdagur
7 S	7 M Skólastærminnaug	7 F	7 M Starfsdagur / Fríðagsdagur eftir hálgi	7 M Jólahefurhúsdagur	7 L	7 Þ	7 M	7 L	7 M	7 F Starfsdagur
8 M	8 F Dagur barna	8 L	8 Þ Starfsdagur	8 F	8 S	8 M	8 F	8 S Þrjátíundagur	8 Þ	8 F Starfsdagur
9 Þ Namnskildagur kvenna	9 F	9 S	9 M	9 F	9 M	9 F	9 F	9 M	9 M	9 L
10 M Namnskildagur kvenna	10 L	10 M Opn vika	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S
11 F Namnskildagur kvenna	11 S	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 L	11 S	11 M	11 F	11 M
12 F Namnskildagur kvenna	12 M Aðalfundur / Félagsráðgjafi	12 M	12 L	12 M	12 F Ráðgjafadagur	12 S	12 M	12 F	12 L	12 Þ
13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 M Jóladagur	13 Þ	13 F	13 S	13 M
14 S	14 M	14 F Stærstur hluti dagur	14 M Jólahefur	14 M	14 L	14 Þ	14 M	14 L	14 M	14 F
15 M Starfsdagur	15 F	15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 F Jólahefur	15 S	15 Þ	15 F
16 Þ Starfsdagur	16 F Rógnudagur	16 S	16 M Dagur stúdentafélaga	16 F	16 M	16 F	16 F	16 M	16 M	16 L
17 M Starfsdagur	17 L	17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 L	17 Þ	17 F Útvarpsdagur	17 S Jóladagurinn
18 F Starfsdagur	18 S	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 L	18 S	18 M Samdagsdagurinn	18 F	18 M
19 F Starfsdagur	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F	19 S	19 M	19 F Samdagsdagurinn fyrsti	19 L	19 Þ
20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ Jólahefur	20 F Þrjátíundagurinn / Jólahefur	20 M Jólahefur	20 Þ	20 F Þrjátíundagurinn	20 S	20 M
21 S	21 M	21 F	21 M	21 M	21 L	21 Þ Sprengdagurinn	21 M	21 L	21 M	21 F
22 M Skólaárið / Veiðisöndugurinn	22 F Samr. 476. hárdráttur	22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 M Vetrarþessi	22 F	22 S	22 Þ	22 F
23 Þ	23 F Samr. 476. hárdráttur	23 S	23 M	23 F Þrjátíundagurinn	23 M	23 F Vetrarþessi	23 F Þrjátíundagurinn	23 M	23 M	23 L
24 M	24 L	24 M Vetrarþessi	24 F	24 L Vetrarþessi / Jóla	24 Þ	24 F Vetrarþessi	24 L	24 Þ	24 F	24 S
25 F	25 S	25 Þ Vetrarþessi	25 F Vetrarþessi	25 S Vetrarþessi	25 M	25 L	25 S	25 M	25 F Útvarpsdagurinn	25 M
26 F	26 M	26 M	26 L	26 M Vetrarþessi / Jóla	26 F	26 S	26 M Þrjátíundagurinn	26 F	26 L	26 Þ
27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 M	27 Þ	27 F	27 S Vetrarþessi	27 M
28 S	28 M Víska	28 F	28 M	28 M	28 L	28 Þ	28 M	28 L	28 M Áttundagurinn	28 F
29 M	29 F Víska	29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 F	29 S	29 Þ	29 F
30 Þ	30 F Starfsdagur / Hátíðin	30 S	30 M	30 F	30 M		30 F Ólafur dagur	30 M	30 M	30 L
31 M		31 M		31 L Jóladagurinn	31 Þ		31 L		31 F Vetrarþessi	

Stjórnun

Skólastjóri er forstöðumaður skólans og ber ábyrgð á starfi hans. Hann stjórnar skólanum ásamt deildarstjóra, sem er staðgengill skólastjóra, og í sameiningu veita þeir skólanum faglega forystu. Stjórnendur hafa með sér verkaskiptingu sem er í grófum dráttum eins og sést hér að neðan en hefur að öðru leyti verið í mótun.

Skólastjóri: Ágúst Jakobsson

Deildarstjóri: Bryndís Björnsdóttir


Umsjón með starfi í 4.-9. bekk

Umsjón með starfi í 1.-3. bekk

Starfsmannamál og fjármál

Stoðþjónusta

Skipurit



Skólaráð

Skólaráð starfar við skólann skv. grunnskólalögum. Ráðið er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahaldið. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Það fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Þá hefur skólaráð Naustaskóla einnig tekið þátt í umræðum um ráðningar millistjórna og kennara.

Skólaráð er skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Að auki starfar með ráðinu fulltrúi grenndarsamfélagsins og er það fulltrúi hverfisnefndar Naustahverfis.

Skólaárið 2011-2012 skipuðu eftirtaldir skólaráð Naustaskóla:

Ágúst Jakobsson skólastjóri, Bryndís Björnsdóttir deildarstjóri, Sigurlaug Jónsdóttir flt. kennara, Brynja D. Hermannsdóttir fltr. kennara, Harpa Mjöll Hermannsdóttir fltr. starfsmanna, Vaka Óttarsdóttir fltr. foreldra, Sara Stefánsdóttir fltr. foreldra, Gísli Rúnar Magnússon fltr. hverfisnefndar, Hrannar Þór Rósarsson fltr. nemenda, Pétur Már Guðmundsson fltr. nemenda.

Skólaráð fundaði 13 sinnum yfir skólaráðið og hafði mikil áhrif á t.d. skóladagatal, viðmiðunarstundaskrá, stundaskrárramma o.fl. auk þess sem ráðið hafði hönd í bagga með ráðningum kennara að skólanum vorið 2012. Fundargerðir skólaráðs eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Teymi - fundir

Kennarar skólans störfuðu í teymum. Kennarar 1. bekkjar mynduðu eitt teymi, einnig kennarar í 2.-3. bekk, kennarar í 4.-5. bekk, kennarar í 6.-7. bekk og kennarar í 8.-9. bekk. Teymin störfuðu sameiginlega að kennslu sinna nemendahópa og báru ábyrgð á skipulagningu hennar. Samkvæmt skipuriti starfaði deildarstjóri með teymum 1.-3. bekkjar en skólastjóri með teymum 4.-8. bekkjar, hins vegar skaraðist þetta í raun mikið og báðir stjórnendur sátu iðulega fundi með teymunum. Þá störfuðu aðrir starfsmenn skólans einnig með teymunum eftir atvikum og funduðu reglulega með þeim. Fyrirkomulag funda var með þeim hætti að einu sinni í viku var 30 mínútna starfsmannafundur (á föstudögum). 90 mínútna deildafundir voru á fimmtudögum og 75 mínútna kennarafundir á þriðjudögum. Þriðju hverja viku funduðu stjórnendur með hverju teymi fyrir sig og féllu deildarfundir niður þær vikur í staðinn. Í starfsáætlun skólans fyrir veturinn var birt fyrirfram áætlun um viðfangsefnið kennarafunda yfir veturinn. Þó að sú dagskrá hafi raskast töluvert af ýmsum orsökum er það tvímælalaust æskilegt að hafa slíkan ramma til að fara eftir.

Nemendaráð

Nemendur í 4.-9. bekk kusu nemendaráð vetrarins á formlegum kjörfundi. Eftirtaldir nemendur voru kjörnir:

Pétur Már Guðmundsson 9. bekk – formaður, Hrannar Þór Rósarsson 9. bekk – varaformaður, Brynjar Helgason 8. bekk, Ugly Snorradóttir 7. bekk, Freyr Jónsson 6. bekk, Guðný Birta Pálsdóttir 5. bekk og Íris Orradóttir 4. bekk
Varamenn í nemendaráði eru: Arnar Birkir Dansson 9. bekk, Jakob Gísli Ágústsson 8. bekk, Ásgeir Tumi Ingólfsson 7. bekk, Petra Reykjalín Helgadóttir 6. bekk, Thelma Karen Sveinsdóttir 5. bekk, Arnór Ísak Haddsson 4. bekk.

Nemendaráð starfar skv. starfsreglum sem birtar eru í starfsáætlun skólans hverju sinni. Nemendaráð fundaði 7 sinnum yfir

veturinn og lét ýmis mál til sín taka. Má þar nefna að ráðið kom með hugmyndir að ýmsum uppákomum. Þá kom nemendaráð með ábendingar um ýmsa þætti s.s. um æskileg búnaðarkaup fyrir nemendur, breytingar á skipulagi fyrir fótboltavöll o.fl. Einnig skipulagði ráðið nemendadaginn og hæfileikakeppnina N-faktor sem greint er frá hér framar í skýrslunni og kom að vali þátttakenda að spurningarkeppni grunnskólanna. Þá kom nemendaráð óskum og tillögum frá nemendum áleiðis til skólastjóra og lagði fram hugmyndir að búnaði í nýja félagsaðstöðu nemenda. Að ósk foreldrafélagsins lagði nemendaráð fram tillögur að foreldrasamstarfi. Fulltrúar 9. bekkjar sátu fundi skólaráðs fyrir hönd nemendaráðs.



Trúnaðarmenn

Trúnaðarmaður kennara var Gunnþór E. Gunnþórsson en þegar hann hvarf frá störfum við skólann tók Lilja Þorkelsdóttir við störfum trúnaðarmanns. Trúnaðarmaður annarra starfsmanna var Guðrún Valdís Eyvindsdóttir.

Kennsluskipan

Skipulag og kennsluhættir Naustaskóla markast af stefnu og markmiðum skólans.

Áhersla er á **námsaðlögun** en við skilgreinum hana sem **"viðleitni til að koma til móts við þarfir, áhuga og getu hvers og eins nemanda"**.

Í starfsáætlun skólaársins voru settar fram eftirfarandi skilgreiningar á námi og kennslu:

Við höfum skilgreint nám sem **"ferli sem leiðir til breytinga á færni/hæfni og viðhorfum. Einstaklingur eða hópur uppgötvar, skynjar og tileinkar sér nýja þekkingu, viðhorf eða leikni. Það hefur í för með sér framsýni og frumkvæði um að þróa þessa þætti enn frekar. Nám byggir á fyrri reynslu, þekkingu og viðhorfum viðkomandi. Það á sér stað í samfélagi við aðra með virkri þátttöku hvers og eins."**

Kennslu skilgreinum við þannig: **"Kennsla er ferli, athöfn eða samskipti sem yta undir eða leiða til þess að nám eigi sér stað. Í kennslu er hægt að nota ýmis verkfæri til að stuðla að námi, s.s. samræðu, skýr markmið, viðmið um árangur, spurningar, sköpun námsumhverfis og tengingu við fyrri reynslu."**

Leitast er við að leggja viðfangsefni í hverri grein fram á fjölbreyttan hátt þannig að þau höfði til allra nemenda. Áhersla er lögð á skapandi viðfangsefni og að sérhver nemandi noti þá hæfileika sem hann býr yfir. Aðalnámskrá grunnskóla er lögð til grundvallar námsmarkmiða fyrir nemendur. Lagt er upp með að tímafjöldi nemenda í hverjum árgangi og í hverri námsgrein sé í samræmi við viðmiðunarstundaskrá menntamálaráðuneytisins en kennarar hafa svigrúm til að skipuleggja kennslu sína þannig að áherslur á námsgreinar og viðfangsefni séu mismunandi eftir vikum og tímabilum skólaársins.

Í starfsáætlun skólans 2011-2012 var að finna eftirfarandi lýsingu á kennsluskipan í skólanum:

Kapp er lagt á fjölbreytni í kennsluaðferðum og endurmenntun kennara og annars starfsfólks miðast við þjálfun og hvatningu til fjölbreytni.

Leitast er við að leggja viðfangsefni í hverri grein fram á fjölbreyttan hátt þannig að þau höfði til allra nemenda. Áhersla er lögð á skapandi viðfangsefni og að sérhver nemandi noti þá hæfileika sem hann býr yfir. Aðalnámskrá grunnskóla er lögð til grundvallar námsmarkmiða fyrir nemendur. Lagt er upp með að tímafjöldi nemenda í hverjum árgangi og í hverri námsgrein sé í samræmi við viðmiðunarstundaskrá menntamálaráðuneytisins en kennarar hafa svigrúm til að skipuleggja kennslu sína þannig að áherslur á námsgreinar og viðfangsefni séu mismunandi eftir vikum og tímabilum skólaársins.

Leitast er við að mæta þörfum nemenda á kennslusvæðum með námsaðlögun eins og framarlega er kostur. Nemendur eru ekki teknir út af heimasvæðum sínum til stuðningskennslu nema í algjörum undantekningartilfellum, þess í stað er lögð áhersla á fyrirbyggjandi starf með samvinnu kennara og teymisvinnu. Kennarar, stuðningsfulltrúar, iðjuþjálfar, þroskaþjálfar og skólastjórnendur vinna saman að því að skipuleggja hvetjandi námsumhverfi, leita lausna, veita ráðgjöf og leita sér ráðgjafar utan skólans þegar þess gerist þörf.

Frá og með 2. bekk er nemendum kennt í aldursblönduðum hópum, til að leggja áherslu á að allir eru einstakir, að það sé eðlilegt að nemendur séu á mismunandi stöðum í náminu og til að efla félagsþroska þeirra, auka umburðarlyndi og auka sveigjanleikann í skólastarfinu.

Skipta má vikulegu skipulagi/stundaskrá í nokkra flokka;

a) Umsjónartími / fundir / samverustundir; Flestir dagar hefjast með því að umsjónarkennari fundar með sínum umsjónarhópi um það sem efst er á baugi hverju sinni, þrjá daga í viku eru gæðahringir (bekkjafundir) þar sem umsjónarhópurinn ræðir saman og nemendur æfa m.a. samskiptahæfni sína, einu sinni í viku er samverustund þar sem nemendur leika og syngja saman.

b) Vinnustundir; Flestar kennslulotur á stundatöflum nemenda heita einfaldlega vinnustundir en þá vinna nemendur og kennarateymi hvers aldurshóps saman að náminu. Þá vinna nemendur stundum skv. einstaklingsáætlunum sem þeir búa til í samráði við sinn umsjónarkennara (meira er um þessa aðferð eftir því sem nemendur eldast) en þar er megináherslan á íslensku og stærðfræði en einnig er að hluta unnið í öðrum greinum s.s. náttúru- og samfélagsfræði, tungumálum o.fl. Þarna vinna nemendur að hluta einir, að hluta í hóp, stundum á ákveðnum námsstöðvum, stundum úti o.s.frv., allt eftir því sem verkefni krefjast og hvað hentar hverjum og einum. Töluvert er notast við svokallaðar "hringekjur" þar sem nemendur færast í litlum hópum milli verkefna og eru þá gjarnan notaðar ólíkar aðferðir til að nálgast námsmarkmiðin þannig að allir geti fundið leið sem hentar þeim.

c) Smíðjur; Verklegar greinar eru kenndar í svokölluðum "smíðjum" þar sem kennarar skólans skipta með sér verkum í kennslunni og nýta sérþekkingu sína. Í smíðjunum fá nemendur því kennslu í heimilisfræði, smíðum, textílmennt, myndmennt, tónmennt og upplýsingatækni auk þess sem þeir fá tækifæri til að vinna að áhugasviðsverkefnum. Með áhugasviðsverkefnum er átt við að nemendur velja sér viðfangsefni til að kynna sér eða dýpka þekkingu sína á og gera samning um þá vinnu við kennara og í sumum tilfellum við foreldra.

d) Þemavinna; Með þemavinnu er átt við verkefni sem unnin eru út frá einu ákveðnu viðfangsefni þar sem námi í samfélagsgreinum, náttúrufræði, upplýsingatækni, lífsleikni og listgreinum er fléttað saman. Í þess konar vinnu gefast tækifæri til fjölbreyttra vinnubragða og mismunandi nálgunar fyrir hvern og einn. Í þemavinnunni vinna oftast saman sömu árgangar og venjulega, þ.e. 2./3., 4./5., 6./7. og 8./9., hvert kennsluteymi skiptir vetrinum í nokkur tímabil og á hverju tímabili verða ákveðin þemu í gangi. Nokkra daga yfir veturinn verður nemendum hins vegar blandað enn meira og þá vinna allir nemendur skólans að sömu þemu.

e) Íþróttir og sund; Sund er kennt í Sundlaug Akureyrar, hver nemandi fer vikulega í sund. Nemendur í 1.-3. bekk fara einu sinni í viku í íþróttir í Íþróttahúsinu við Laugagötu en nemendur í 4.-9. bekk fara vikulega í Íþróttahús Lundarskóla. Nemendum er ekið í þessa kennslu. Að auki fara svo allir nemendur einu sinni í viku í útiþróttir sem oftast eru kenndar á íþróttavelli skólans.

Segja má að þessi lýsing hafi staðist í öllum aðalatriðum. Að öðru leyti vísast til greinargerða kennarateyma og kafla um mat á skólastarfinu.

Valgreinar

Nemendur í 8 og 9. bekk áttu kost á að velja sér valgreinar, var þar um að ræða um fjórðung námsstíma nemenda. Hluti valgreinanna var kenndur innan skólans en einnig gafst nemendum kostur á að velja valgreinar sem kenndar eru í samvali með öðrum skólum bæjarins. Veturinn 2011-2012 voru nemendur í eftirfarandi valgreinum:

Í Naustaskóla: Heimilisfræði, hönnun og smíðar, upplýsingatækni, áhugasvið, tónmennt, myndmennt.

Í samstarfi allra grunnskóla bæjarins: Tónlist og tölvur, handboltaskóli, útivist og hreyfing, myndlist., hreysti, líkamsrækt Átak, lífið og tilveran, Þjóðleikur, knattspyrnuskóli Þórs.

Auk þess áttu nemendur þess kost að fá íþróttaiðkun, félagsstörf eða nám í sérskólum metið í stað valgreina og nýttu flestir nemendur sér þann kost að einhverju marki.

Námsmat

Við formleg skil á námsmati var notast við svokallað „leiðsagnarmat“ sem er hluti af kerfinu mentor.is. Skil með þessum hætti fóru fram að vori en upplýsingum var safnað inn í kerfið yfir veturinn, s.s. frá verkgreinakennurum um miðjan vetur þegar hópaskipti urðu í verkgreinum. Þótti okkur þetta fyrirkomulag gefa bærilegt yfirlit yfir stöðu nemenda en ljóst er að koma þarf námsmatsupplýsingum bæði tíðar og fjölbreyttar til foreldra og nemenda. Að nokkru leyti var notast við svokallaða „námsframvindueningu“ í mentor þar sem var að finna markmið í íslensku og stærðfræði, sundurgreind í 20 þrep. Komu fram töluverðir gallar á þessum markmiðum og þarf að vinna þau áfram og samræma framsetningu, auk þess sem taka þarf tillit til nýrrar aðalnámskrár í þeirri vinnu. Áfram þarf svo að halda við að lista upp markmið í öðrum námsgreinum. Námsmöppur voru reglulega sendar heim og virtist sú leið gefast ágætlega til að miðla upplýsingum um námsstöðu og viðfangsefni. Að öðru leyti vísast til skrifna kennarateyma síðar í skýrslunni um námsmat í hverjum námshóp fyrir sig.

Mötuneyti

Leikskólinn Naustatjörn sá um matreiðslu fyrir Naustaskóla eins og áður. Starfsmaður frá Naustaskóla starfaði í eldhúsi að morgni en maturinn var svo fluttur yfir í hitakösum fyrir hádegis, skammtað var úr hitaborðum á hvorri hæð og nemendur mötuðust á kennslusvæðum þar sem ekki er um matsal að ræða í húsinu. Eins og áður var gert ráð fyrir að allir nemendur myndu kaupa mat í mötuneytinu, foreldrar voru því ekki beðnir um að skrá nemendur heldur gefinn kostur á að skrá þá úr mat. Niðurstaðan varð að um 96 % nemenda voru skráðir í mötuneytið. Það er örlítil minnkun frá fyrra ári þegar 97% nemenda voru skráðir.

Boðið var upp á ávaxtaáskrift og nýttu 74 % nemenda þá þjónustu, þar er líka um nokkra minnkun að ræða en á fyrra ári var nýtingarhlutfall 79%.

Frístund

Að lokinni kennslu gefst 6 – 9 ára nemendum kostur á að vera í Frístund til kl. 16:15. Þar geta börnin leikið við félagana, verið úti, lesið, unnið í heimanámi, hvílt sig og marga fleira. Frístund er opin alla daga sem skólinn starfar, og auk þess í fríum á starfstíma skólans og flestum starfsdögum. Foreldrar greiða fyrir vistun nemenda í Frístund skv. gjaldskrá. Forstöðumaður Frístundar er Hrafnhildur Stefánsdóttir. Sl. vetur voru á bilinu rúmlega 70 börn í Frístund.

Bókasafn

Áfram hefur verið haldið með að auka við bókakost bókasafns skólans, keypt var inn nokkuð af bókum og áfram hafa borist bókaþjafir frá velunnurum skólans. Ritari skólans annaðist umsjón safnsins og afgreiðslu.

Samstarf við Naustatjörn

Naustaskóli og leikskólinn Naustatjörn eru staðsett á sömu lóð við Hólmatún 2 og hafa með sér töluverða samvinnu sem hefur gengið afar vel. Ein af deildum leikskólans (Fífilbrekka) er til húsa innan veggja Naustaskóla, umtalsvert samstarf er milli Frístundar og Fífilbrekku, samstarf hefur verið milli Fífilbrekku og kennara 1. bekkjar vegna undirbúnings leikskólanemendanna undir grunnskólagönguna, stofnanirnar samnýta eldhús Naustatjarnar og þvottaaðstöðu í Naustaskóla, búnaður og húsgögn hafa verið samnýtt og lánuð milli húsa, fyrir hefur komið að starfsmenn hafa verið lánaðir milli stofnana, Naustatjörn hefur stutt við vinnu varðandi umhverfismál í Naustaskóla, og unnið er í samstarfi að innleiðingu agastefnu með tilheyrandi sameiginlegu námskeiðahaldi fyrir starfsfólk o.fl.

Samstarfsáætlun skólanna má nálgast á heimasíðu Naustaskóla.

Endurmenntun og starfsþróun

Endurmenntun starfsmanna skiptist annars vegar í þætti sem teknir eru fyrir sameiginlega og hins vegar einstaklingsbundna þætti sem einstakir kennarar nýta sinn skilgreinda endurmenntunartíma í ár hvert. Unnið var samkvæmt endurmenntunaráætlun skólans, bæði fyrir starfsmannahópinn allan og einstaka hópa innan hans, en einnig höfðu einstakir starfsmenn hana til hliðsjónar við sínar endurmenntunaráherslur. Hér verður stiklað á stóru um þá þætti sem teknir voru fyrir.

Viðfang	Hópur	Markmið	Tími	Ábyrgð / umsjón
Jákvæður agi	Allir	Innleiða agastefnuna Jákvæður agi á árangursríkan hátt í skólanum	ágúst, eftirfylgni allan veturinn	Ágúst í samstarfi við aðra skóla
Byrjendalæsi	Kennarar á yngri stigi	Innleiðing Byrjendalæsis haldi áfram af fullum krafti í yngri bekkjum skólans og kennsluaðferðin festist í sessi.	ágúst, eftirfylgni allan veturinn	Bryndís / fltr. H.A.
Orð af orði	Kennarar á eldri stigi	Að kennarar í 4.-9. bekk læri að beita kennsluaðferðinni Orð af orði og hún festist í sessi.	september, eftirfylgni yfir veturinn	Ágúst, Guðmundur Engilbertsson.
Stærðfræði	Kennarar	Efla stærðfræðikennslu og fjölbreytni	Allur veturinn	Stjórnendur og Þóra Rósa Geirsd.
Notkun Numicon kubbanna	Kennarar	Kynning á hugmyndafræði og notkunarmöguleikum Numicon kubbanna	ágúst	Kristin Wallis
Sjálfsstyrking og tölvufærni	Skólaliðar og stuðn.fltr.	Styrkja skólaliða og stuðningsfulltrúa í starfi og kenna hagnýta tölvunotkun, vefpóst, mentor o.fl.	ágúst	Símei
Sköpun í skólastarfi	Allir kennarar	Að efla umræðu um skapandi skólastarf	fræðslufundur í ágúst	Skóladeild.
Jafningjastuðningur	Stjórnendur / kennarar	Stjórnendur og kennarar nýti sér jafningjastuðning til starfsþróunar	hefst í nóvember.	Ágúst / Bryndís
Náms-samfélag	Stjórnendur / allir	Unnið verði að því að skilgreina og móta námssamfélag í Naustaskóla	Allur veturinn	Ágúst / Bryndís/Birna Svanbjörnsd.

Auk framantalins fóru einstakir starfsmenn á námskeið og sóttu ráðstefnur. Kennarar og þjálfar skiluðu yfirliti í lok skólaársins yfir þá endurmenntun sem þeir höfðu aflað sér

og hvernig þeir höfðu nýtt þann tíma sem skilgreindur er í kjarasamningi til endurmenntunar og undirbúnings. Starfsþróunarsamtöl eru nýtt til að fara yfir endurmenntun starfsmanna og leggja línur um áframhald. Endurmenntunaráætlun skólans er að finna í Starfsmannahandbók.

Rannsóknarverkefni um námssamfélag

Haustið 2009 fór af stað rannsóknar- og þróunarvinna í samvinnu Birnu Maríu Svabjörnsdóttur, doktorsnema við Menntavísindasvið HÍ, og skólastjórnenda Naustaskóla. Rannsóknin mun standa yfir þriggja ára tímabil og miðar að því að rannsaka hvort ákveðin aðferð forystu stuðli að námssamfélagi, í hverju hún felist og hvernig megi standa að henni. Upplýsinga er aflað með ýmsu móti, s.s. með viðtölum, vettvangsathugunum, leshringjum, samræðum og niðurstöðum námsárangurs nemenda. Unnið er að stefnumótun, hugtök skilgreind, sett niður viðmið um árangur, þar sem m.a. er stuðst við niðurstöður úr viðtölum og samræmdum prófum.

Rannsóknin gagnast skólanum m.a. á þann hátt að skólastjórnendur fá mikla endurgjöf frá rannsakanda, gagnlegar spurningar, upplýsingar og leiðbeiningar.

Umhverfismál

Segja má að fyrstu skref hafi verið stigin að því markmiði skólans að uppfylla skilyrði um Grænfánann þó að enn hafi ekki verið formlega sótt um þá viðurkenningu. Í vetur höfum við haldið áfram að flokka pappír og hefur ritari skólans leitt þá vinnu, auk þess var komið upp flokkunarstöðvum fyrir aðra flokka úrgangs og flokkað skv. þeim reglum sem Akureyrarbær gerir ráð fyrir. Naustatjörn hefur veitt okkur aðgang að ýmsu efni sem þau hafa unnið s.s. merkingum og plakötum með ýmsum ábendingum varðandi umhverfismál og hafa þær verið hengdar upp á viðeigandi stöðum..



Jákvæður agi - bekkjarfundir

Sú uppeldisstefna sem lögð er til grundvallar í Naustaskóla nefnist "Jákvæður agi". Stefnan byggir á svokallaðri "sjálfsstjórnarkenningu", sem felur það í sér að horft er á orsakir hegðunar og það gildismat sem býr að baki þegar leitast er við að ná fram leiðréttingu, frekar en að reyna einfaldlega að breyta hegðuninni með umbun og refsingu eins og lengi hefur tíðkast með ýmsum atferlismótunarkerfum.

Grundvallaratriði í stefnunni er markviss notkun gæðahringja (bekkjarfunda) til að þjálfa nemendur í samskiptum og æfa þá í að finna sameiginlega lausnir á þeim málum sem upp koma. Finna má nánari upplýsingar um stefnuna á vef skólans

http://www.naustaskoli.is/page/jakvaedur_agi

Á haustdögum var haldið u.þ.b. 12 klst námskeið fyrir kennara og stuðningsfulltrúa skólans. Þar fengum við viðurkenndan leiðbeinanda á þessu sviði, Teresa LaSala, sem kom frá New Jersey, en áður höfðu nokkrir starfsmenn setið námskeið hjá henni utanlands. Var þarna um að ræða samstarfsverkefni Naustaskóla, Naustatjarnar, Glerárskóla og Hrafnagilsskóla og fékkst styrkur til verkefnisins úr Sprotasjóði og Endurmenntunarsjóði grunnskóla.



Samskipti heimila og skóla

Eitt af meginmarkmiðum í starfi Naustaskóla er gott samstarf við foreldra og þátttaka þeirra í skólastarfinu og námi barna sinna. Helstu liðir í þessu samstarfi sl. skólaár voru eftirfarandi:

- Í byrjun september voru haldnir kynningarfundir fyrir foreldra.
- Ítarleg viðtöl umsjónarkennara við foreldra og nemendur snemma á skólaárinu (í september). Í viðtölunum var rætt um markmið, ábyrgð og þátttöku foreldra, fyrirkomulag heimanáms o.fl.
- Formlegir viðtalsdagar voru í september og í janúar, að auki var boðið upp á viðtöl í nóvember og apríl.
- Samskipti áttu sér stað þar fyrir utan eftir þörfum, s.s. með símtölum, tölvupósti og fundum þar sem ástæða var til.
- Skipaðir voru bekkjarfulltrúar og í flestum árgöngum stóðu þeir fyrir bekkjarkvöldum eða annars konar samveru nemenda- og foreldrahópsins. Þeir voru þó misjafnlega virkir eftir árgöngum eins og gengur.
- Aðalfundur Foreldrafélags skólans var haldinn 20. september. Stjórn þess fundaði nokkrum sinnum yfir veturinn og styrkti m.a. vorhátíð skólans.
- Opnar vikur voru í október og febrúar þar sem foreldrar voru hvattir til að kíkja við í skólanum. Þónokkuð var um heimsóknir, mest þó á yngra stiginu. Þar fyrir utan er töluverður hópur foreldra duglegur að kíkja við í heimsókn án sérstaks tilefnis.
- Skólastjóri sendi mánaðarleg fréttabréf með tölvupósti til foreldra, heimasíða var vel virk og nýtt til upplýsingamiðlunar, einnig dreifibréf/tölvupóstar eftir þörfum. Kennarar nýttu einnig tölvupóst mikið til upplýsingamiðlunar og samskipta, kennarateymi sendu út vikulega upplýsingapósta á föstudögum.
- Foreldrar styrktu töluvert við skólastarfið með sjálfbóðaliðastörfum. Má þar nefna að foreldrar mönnuðu nær alfarið gangbrautavörslu að morgni, þeir tóku þátt í skólabúðaferðum og gistingu nemenda

Í heildina tekið er óhætt að segja að samstarf skólans og foreldra hafi verið afar gott og lofi góðu um framhaldið. Starfsfólk skólans fann fyrir afar miklum velvilja og stuðningi frá foreldrum sem auglýsilega vilja skólanum sínum allt hið besta.

Námsgögn

Námsgögn fyrir nemendur s.s. stílabækur o.þ.h. var keypt í magninnkaupum og foreldrar svo rukkaðir fyrir kostnaðinum. Foreldrar nemenda í 1.-3. bekk þurftu að greiða 3.600 kr. og nemendur í eldri bekkjum 4.000 kr en í eldri bekkjum þurftu nemendur sjálfir að útvega sér skriffær. Ákveðið hefur verið að halda þessu fyrirkomulagi en þetta er gert til þæginda og einnig til að ná betri verðum enda nást fram verulegir magnafslættir með þessu móti og ljóst að nokkrir peningar sparast fyrir foreldra.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð starfar við skólann skv. grunnskólalögum og reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum. Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðiþjónustu, vera skólastjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um

sérstaka aðstoð við nemendur. Þurfi nemendi á sérstakri aðstoð að halda vegna fötlunar, sjúkdóms, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika, geta starfsmenn skólans eða foreldrar óskað eftir umfjöllun nemendaverndarráðs. Í ráðinu sátu veturinn 2011-2012 skólastjóri, deildarstjóri og skólahjúkrunarfræðingur. Auk þess funduðu reglulega með ráðinu sálfræðingur (Helga Vilhjálmisdóttir), starfsmaður barnaverndar (Þorleifur Níelsson) og sérkennsluráðgjafi (Elín Sigurbjörg Jónsdóttir) frá Akureyrarbæ. Þessir aðilar önnuðust jafnframt ráðgjafar- og sálfræðipjónustu við skólann. Nemendaverndarráð fundaði að jafnaði á fimmtudögum kl. 9:00.

Skólahjúkrun

Heilsugæslu í grunnskólum Akureyrar er sinnt af hjúkrunarfræðingum og læknum frá Heilsugæslustöðinni á Akureyri. Hjúkrunarfræðingur skólans er Ingibjörg S. Ingimundardóttir. Hún var í 33% starfi við skólann og hafði viðveru á þriðjudags-, fimmtudags- og föstudagsmorgnum.

Námsráðgjöf

Aðalheiður Skúladóttir er náms- og starfsráðgjafi við skólann í 55% starfi. Helstu verkefni námsráðgjafa eru að veita nemendum og foreldrum ráðgjöf varðandi námið og skipulag þess. Skrifstofa náms- og starfsráðgjafa er á annari hæð skólans.

Sjá greinargerð námsráðgjafa síðar í skýrslunni.

Stuðningskennsla / Þjálfun

Bryndís Björnsdóttir, deildarstjóri, hefur annast umsjón með stoðþjónustu skólans og stuðningskennslu og kennsluskylda hennar (5 kst) hefur nýst á því sviði. Hún hefur unnið með kennurum að því að aðlaga námsefni og finna einstaklingsbundnar lausnir auk nokkurrar þjálfunar- og greiningarvinnu.

Við skólann starfar iðjuþjálfari í 60% starfi og þroskaþjálfari í 75% starfi. Starfssvið þeirra er að vinna með teyrum skólans, að þjálfun og stuðningi bæði við einstaka nemendur, námshópa og einnig að styðja kennara í starfi með ráðgjöf og eftirfylgni í einstökum málum er varða bæði einstaklinga og námshópa.

Við skólann hafa í vetur starfað fjórir stuðningsfulltrúar.



Skýrslur starfsmannahópa

Skýrsla kennara í 1. bekk.

Tölulegar upplýsingar

Haustið 2011 byrjaði 31 barn í 1. bekk, 17 drengir og 14 stúlkur. Eftir áramót fjölgaði um 2 nemendur, eitt barn af hvoru kyni.



Starfsfólk tengt 1. bekk voru umsjónarkennararnir Lilja Þorkelsdóttir og Halla Jóhannesdóttir. Aðalheiður Reynisdóttir iðjuþjálfari og Hafðís Björg Bjarnadóttir þroskaþjálfari komu að tveimur börnum með leshömlun og einum nýbúa. Einnig unnu þær með félagsfærnihóp innan árgangsins. Kolbrún Sigurðardóttir skólaliði var okkur mikið innan handar. Daníel Örn stuðningsfulltrúi var með okkur síðustu vikuna sína í vor. Þá dvöldu hjá okkur nemar í nokkrar vikur.

Skipulag námsins

Byrjendalæsi réð mikið för og var mikið unnið í hringekjum og stöðvum þar sem nemendum var skipt í smærri hópa allt eftir viðfangsefni. Námsgreinum var oftast fléttað saman í þemu. Stafainnlagnir voru ávallt tengdar efni bókar sem og lykilorðið. Fyrsta þema haustsins var nærumhverfið og skólinn. Bókin **Asnaskóli** var notuð til grundvallar. Þar var skólaumhverfið tekið fyrir og reglur og var áhersla lögð á samvinnu og stafainnlögn. Hundradagahátíðin var kynnt en hún felst í því að fyrir hvern skóladag fæst rör og þegar rörin eru orðin 100 þá er haldin hátíð. Þetta var gert hvern dag. Markmiðið var að leggja inn tölustafi, einingu og tug og að telja aftur á bak og áfram. Numicon kubbarir voru kynntir og farið í ýmskonar leiki með þá. Þemað tók c.a. 2 vikur. Næst var bókin **Hjálparhendur** lesin þar sem áherslan var lögð á samvinnu, samhug og vináttu. Stærðfræðispil og borðspil voru spiluð af miklu kappi. Því næst voru tekin fyrir tröll og fjölskyldumynstur var fléttað inn í, ásamt tröllalögum og hugtakakortagerð. Bókin **Tóta og Tumi** lesin. Því næst var **Greppikló** lesin og rím var þar aðalmarkmið og markviss málörvun. Stærðfræðisögur voru unnar. Þar teiknuðu börnin sögu eftir fyrirmælum og áttu að finna lausn og skýra út hvernig. Nú var komið að **Þverúlfssögu grimma** og fræðslu um himingeiminn. Áherslan var lögð á andheiti og samsett orð, hugtakakort, röð reikistjarnanna, ritun og sköpun. Þau bjuggu til geimflaugar, hnetti og geimverur. Einnig var stuðst við bókina **Komdu og skoðaðu himingeiminn**. Farið var í dag, viku, mánuði og ár. Numiconkubbarir voru nýttir í talningu tengda reikistjörnunum. Fengnar voru margar fræðibækur um himingeiminn að láni frá Amtsbókasafninu sem nemendur leituðu óspart í. Ævintýraþema var næst á dagskrá sem var sameiginlegt þema með 2. og 3. bekk. Þá voru hin **Ýmsu ævintýri lesin** en markmiðið var B, P og D, lýsingarorð, samheiti, andheiti og sköpun. Nú var komið að henni Grýlu gömlu þar sem unnið var með **Grýlukvæði** og var áherslan lögð á Y og Ý. Synir Grýlu fylgdu svo í kjölfarið með **Jólasveinavísunum** hans Jóhannesar úr Kötlu. Nemendur bjuggu þá til jólabók og áherslan var lögð á þjóðsagnahefðina og

samsett orð. Voru hinar ýmsu byrjendalæsisleiðir í fyrirrúmi. Í stærðfræðinni unnum við með talnalínu.

Eftir áramót fórum við á vit álfanna og ljóðið **Stóð ég út í tunglsljósi** var gæðatextinn sem var lærður og sunginn. Markmiðið í þessu verkefni var ritun. Ýmsar álfasögur voru lesnar samhliða. Þórrinn kom í öllu sínu veldi með **Kugg og þorrablótinu**. Þar var markmiðið ritun og sóknarskrift. Nú var komið að mannlíkamanum. Bókin **Komdu og skoðaðu líkamann** ásamt bókinni **Svona var ég til** voru lesnar og krufnar. Markmiðið að kynnst helstu líffærum líkamans, hvernig hann starfar, hvernig við verðum til, um hollustu, umhirðu og heilbrigði með áherslu á ritun, lestur og fleira. Við fengum bækur af Amtsbókasafninu sem lágu frammi öllum til ánægju og yndisauka.

Komið var að hundraðdagahátíðinni en hún var haldin með pomp og prakt 3. febrúar. Þá vorum við búin að safna 100 röfum. Fengu börnin að koma í búning í skólann. Boðið var upp á 10 sortir af góðgæti og telja átti 10 stk. af hverju í þar til gert kramarhús.

Árshátíð skólans drap á dyr og lærðu börnin textana **Á skíðum skemmti ég mér** og **Á sjó** þar sem atriði allra nemenda áttu að tengjast Akureyrarbæ í tilefni



að afmælinu. Þau lærðu textana og unnu verkefni tengda textunum á byrjendlæsisgrunni. Í tilefni að Akureyrarafmælinu var bryddað upp á ljóðaviku vegna samkeppni grunnskólanna. Þau í 1. bekk tóku þátt í því og spreyttu sig í ljóðagerð og hlustuðu á margvísleg ljóð þá vikuna. Í tvígang var varið í vettvangsferð tengda afmæli Akureyrar. Í fyrra skiptið komu nemendur saman víðsvegar að í Skátagilinu og tóku lagið afmælisbarninu til heiðurs. Í seinna skiptið var haldið á Ráðhústorgið með viðkomu í Deigluinni þar sem listaverk Naustaskóla voru til sýnis. Á Ráðhústorginu voru hin ýmsu atriði sem gaman vara að hlýða á og boðið var upp á pylsur handa öllum. Í Dymbilvikunni var hin hefðbundna páskabók unnin á byrjendalæsisgrunni. Nemendur leystu verkefni tengda helgidögunum á margvíslegan hátt. Húsdýraþemað tók við eftir páska. Þar voru markmiðin að fræðast almennt um húsdýr, leggja inn tvíhljóð, læra um sérnöfn og samnöfn og ritun ásamt smíðum. Gæðatextinn var **Helgi skoðar heiminn**. Í framhaldi af þessu endurtókum við innlög á B-D og P með ýmsum verkefnum og í lok annar enduðum við á umhverfinu þar sem lesið var um **Ruslaskrímslið**. Verkefni tengd flokkun og endurvinnslu voru unnin og við heimsóttum Gámaþjónustuna og Endurvinnsluna. Matarleifum var safnað í viku og viktaðar í loka vikunnar. Farið var út að tína rusl sem síðan var flokkað. Við rifjuðum upp umferðarreglur lásu bækur umferðarskólans og þar að lútandi var umferðarspilið spilað. Kirkjugarðurinn var heimsóttur í tengslum við andlát Zippýs® Við fórum í Brynjuís með tilheyrandi göngutúr um nærumhverfið. Vorþema skólans var 29. og 30.maí. Var því skipt í vettvangsferð annan daginn og leikjastöðvar seinnidaginn. Fyrri daginn gekk 1. bekkur í Kjarnaskóg ásamt öðrum árgöngum með nesti og nýja skó og fengu að leika sér þar frjálst og nærðust svo á grilluðum hamborgurum í hádeginu. Vorhátíð Naustahverfis var haldin 31. maí í blíðskaparveðri og tókst afar vel. Svo var hin árlegi vor-útivistardagur. Síðasta kennsludaginn fóru nemendur með skúffur sínar á ný svæði sem bíða eftir þeim næsta haust. Þau fengu einnig að sjá væntanlega kennara sína. Skólaslit haldin með pompi og prakt 4. Júní.



Námsgreinar

Stærðfræði: Við tengdum stærðfræðina eins og mögulegt er inn í byrjendalæsið. Áherslan í vetur var á talnaskilning, samlagningu, frádrátt, talnalínur, stærðfræðisögur, formin, minna en, meira en og mikil áhersla var lögð á jafnaðarmerkið. Numicon kubbarir voru mikið notaðir ásamt hjálparkjum almennt. Ásamt heimasmiðuðum verkefnum var unnið í **Sprotabókunum** og hinum ýmsum stærðfræðiheftum. Þóra Rósa Geirsdóttir hitti okkur kennarana nokkrum sinnum þar sem hún leiðbeindi okkur og kom með nýjar hugmyndir sem við nýttum okkur í kennslunni. Það var frábært að fá leiðsögn hennar.

Íþróttir og sund: Nemendur fengu tvo íþróttatíma í viku. Einn íþróttatíma í Laugagötu og svo einn útiþróttatíma. Einn sundtími var í viku.

Tónmennt: Nemendur sóttu tónmennt einu sinni í viku. Kalli tónmenntakennari starfaði með okkur í tengslum við þemu og kenndi nemendum lög eins og tröllalög í tröllapemanu, lög um líkamann í tengslum við líkamapemað og dýralög í tengslum við Húsdýrapemað. Einnig var hann okkur mikill stuðningur þegar kom að árshátíð skólans.

Verkgreinar: Í textíl saumuðu nemendur bókstafinn H á pappaspjald. Stúlkurnar saumuðu ennisband í tengslum við árshátíðaratríðið sitt. Nemendur unnu veggmynd tengda páskum og ormur úr filti var þræddur saman. Í upphafi vetrar unnu þau smíðaverkefni, sjálfmynd sem þau pússuðu límdu og máluðu. Þau bjuggu til húsdýr úr kubbum tengt húsdýrapemanu. Í heimilisfræðinni fengu þau að búa til kókoskúlur. Þau bökuðu Mjallhvítarkökur og úlfakökur í tengslum við ævintýrapemað. Pizzasnúða fengu þau að gera fyrir sérlegan útivistardag hjá 1. bekk. Í myndmennt voru unnin mjög mörg verkefni tengd viðfangsefni hverju sinni.



Jákvæður agi/ Zippý: Börnin fóru í svokallaðan Gæðahring dag hvern. Eftir að gæðahringirnir urðu tveir í stað eins fóru nemendur að ná betri tökum á hringnum og fóru að tjá sig og fara eftir reglum gæðahrings. Þegar deilur komu upp á milli nemenda var reynt að höfða til þeirra sjálfra og fá þau til að sjá mistök sín og læra að setja sig í spor annarra. Nemendur fóru í svokallaða Zippý tíma þar sem ákveðnu námsefni í lífsleikni er fylgt. Þar er tekið á ágreiningsefnum, vináttu, sorg, tilfinningum og líðan. Þar fá nemendur að tjá sig í litlum hópum.

Vettvangsferðir:



Í upphafi vetrar fórum við í vettvangsferð í Naustaborgir þar sem genginn var hringur og nemendur fengu að sprikla og leika sér. Gengum í bæinn til að horfa á Búkollu í Rýminu og tekinn var strætó til baka. Tókum strætó á Amtsbókasafnið og fengum lánaðar líkamabækur. Gengum í miðbæinn ásamt öllum úr skólanum til að syngja fyrir Akureyrarbæ. Lékum okkur í miðbænum smá stund og tókum svo strætó til baka. Bökuðum pizzasnúða og suðum kakó og tókum með okkur í Naustaborgir þar sem þau léku sér og höfðu það gaman saman. Strax eftir páskafrí var haldið í Hlíðafjall

með sleða eða skíði. Farið var með rútu og var veðrið eins og best verður á kosið. Kirkjugarðurinn var heimsóttur í tengslum við lífsleikni-námsefnið Zippý. Ísferð var farin í Brynju. Gámaþjónustan tók á móti okkur í tengslum við umhverfisverkefnið okkar. Við fórum í Kjarnaskóg í vorþemanu, við fórum leið sem við köllum hestaleiðina. Þegar komið var á leiðarenda voru grillaðir hamborgarar, gengu nemendur báðar leiðir í dásamlegri veðurlíðu. Á útivistadaginn var farið aftur í Kjarnaskóg, en nú var farið í gegnum Naustaborgir. Leiðin var ratleikur og þurftu nemendur að svara ýmsum spurningum. Í þetta sinn voru grillaðar pylsur. Þetta var virkilega skemmtilegur dagur og gengu nemendur um það bil 5 til 6 kílómetra, geri aðrir betur.

Uppákomur

Nokkrum sinnum var 1. bekkur með atriði á samverustund þar sem 2. og 3. bekkur hlýddi á. Í eitt skipti fóru þau í heimsókn til 4. og 5. bekkjar til að syngja fyrir þau Reikistjörnulagið. Foreldrakaffi var í þrígang þar sem börnin komu fram ásamt bekkjarkveldinu. Árshátíð skólans var haldin 14. mars. Þá voru nemendur með feiknaflott atriði með lögum sem hljómsveit Ingimars Eydal gerði vinsæl hér um árið. Tókst það með ágætum. Þessi hópur er mjög söngelskur og væri tilvalið að gera kór úr þessum hópi.

Foreldrasamstarf

30 mínútna foreldraviðtöl voru haldin í upphafi annarinnar. Í lok september var aftur boðið upp á viðtöl þar sem hægt var að ræða hvernig skólastarfið hafði farið að stað. Viðtöl voru einnig strax eftir áramót. Einnig var foreldrum gert kleift að koma í viðtal þá daga sem svokallaðir mat og samráðsdagar voru. Gott samstarf var á milli kennara og foreldra og var tölvupóstur sendur á báða bóga ef þurfti. Hvern föstudag fór vikuáætlun næstu viku heim ásamt örlitlum fréttum af liðinni viku. Í vikuáætluninni komu fram þau námsmarkmið sem vinna átti með ásamt hugmyndum um heimavinnu tengda markmiðum vikunnar. Skólafærni námskeið var 7. sept sem Ágúst leiddi ásamt Bryndísi og okkur umsjónarkennurunum. Þar fengu foreldrar upplýsingar um hvernig hægt væri að vinna heima með nemendum t.d varðandi stafakennslu og stærðfræðikennslu þar sem heimanám sem slíkt er ekki í stefnu skólans fyrir utan heimalestur. Foreldrakaffi var haldið í tengslum við lokin á tröllapemanu. Þá hengdum við verk barnanna upp á vegg og þau sungu tröllalög fyrir foreldra sína. Nemendur höfðu útbúið tröllakóskúlur og buðu upp á þær. Í tengslum við Ævintýrapemað bökuðu nemendur ævintýrakökur sem boðið var upp á í foreldrakaffi. Þá sungu börnin fyrir foreldra sína ævintýralög. Á bekkjarkvöldi í febrúar sungu nemendur hin ýmsu líkamalög fyrir foreldra sína sem þau lærðu í tengslum við líkamapemað. Þá bjuggu þau líka til spurningar um líkamann og spurðu foreldra sína spjörunum úr.

Námsmat

Sú nýbreytni var tekin upp að svokallaðar námsmöppur voru sendar heim 4x yfir árið. Mappan innihélt u.þ.b. 4 verkefni sem börnin höfðu unnið mánuðinn á undan og þar var einnig að finna matsblað þar sem foreldrum og nemendum var gefinn kostur á að meta vinnu sína. Foreldrar kvittuðu fyrir móttöku möppunnar. Þetta er góð leið til að tengja heimili og skóla og gefa heimilum tækifæri til að fylgjast betur með og skoða vinnu barna sinna með börnum sínum. Annars var notast við símat og leiðsagnarmat. Lögð voru fyrir 3 læsispróf, tvær skriftarkannanir, fjögur lestrarpróf/stafakannanir og reglulega farið yfir kunnáttu í stærðfræði og íslensku munnlega.



Teymisfundir

Teymisfundir voru haldnir reglulega með stjórnendum þar sem farið var yfir mál málanna hverju sinni. Er þetta nauðsynlegt til að koma upplýsingum áfram og fá leiðsögn um ákv. mál einnig til að reifa hugmyndir og annað.

Það sem hefur gengið vel

Góð samvinna hefur verið innan teymisins og hefur skipulag kennslu gengið vel. Mikið var um fjölbreytta kennsluhætti og námsaðlögun gekk yfir höfuð vel. Reynt var eftir fremsta megni að koma til móts við hvern nemanda og reynt að skipta hópnum þannig að hver nyti sín sem best og fengi þá aðstoð sem þyrfti. Umsjónarkennarar eru virkilega ánægðir með afrakstur nemenda og framfarir.

Það sem hefur gengið miður

Nemendahópurinn var kraftmikill og reyndist stundum erfitt að koma til móts við þá sem mest þurftu á því að halda. Umsjónarkennarar telja nauðsynlegt að hafa alltaf fastan stuðningsfulltrúa í 1. bekk þar sem börn á þessum aldri þurfa mörg hver mikla athygli og aðstoð og eru að tileinka sér gríðarlega marga nýja þætti. Slæmt var að sjá að í foreldrakönnun kom fram að einu foreldri finnst það ekki velkomið í skólann. Einnig kemur þar fram að tveimur nemendum virðist ekki líða nægjanlega vel í skólanum og að foreldrum finnst þeir ekki vera upplýstir um gengi barna sinna og vilja fá örari og meiri upplýsingar þar að lútandi. Því teljum við æskilegt að í annaráætlun sé fest leiðsagnarmat eftir hvert þema eða lotu sem myndi þá opnast á Mentor jafnóðum. Greinilegt er að við kennarar þurfum að vera duglegri að senda einstaklingsmiðaða pósta í stað hóp-pósta um gengi nemanda. Með þessu móti fá foreldrar betri yfirsýn yfir stöðu og líðan barna sinna.

Lokaorð

Heilt yfir erum við stöllur sáttar með veturinn. Öflugir og flottir krakkar í hópnum sem eru mjög hávær og kraftmikil þegar þau koma öll saman. Þau náðu góðum árangri í lestri og skólafærni almennt. Samstarf okkar gekk vel en eins og fyrr segir þá hefðum við verið til í fastan stuðning allan veturinn okkur til halds og trausts.

Skýrsla kennara í 2.-3.bekk

Tölulegar upplýsingar

Nemendur voru 67 í vetur og skiptust þannig að í 2.bekk voru 18 drengir og 14 stúlkur en í 3.bekk voru 18 drengir og 17 stúlkur.

Starfsmenn

Gyða Björk Aradóttir umsjónarkennari, Jóna Hjaltadóttir umsjónarkennari, Freydís Þorvaldsdóttir umsjónarkennari, Yrsa Hörn Helgadóttir umsjónarkennari, Sandra Mjöll Tómasdóttir stuðningsfulltrúi, Daníel Örn Einarsson stuðningsfulltrúi.

Almar Barja kom inn í teymið sem stuðningsfulltrúi þegar nýr nemandi byrjaði í mars.



Ástundun

Nokkrir nemendur komu áberandi mikið of seint í skólann á morgnana. Haft var samband heim en það dugði ekki alltaf til. Voru þetta sömu nemendurnir endurtekið.

Skipulag námsins

Stundatafla og kennslufyrirkomulag:

Mánudagur var sunndagur og voru nemendur farnir frá okkur 11:45

Þriðjudagar, fimmtudagar og föstudagar voru smiðjudagar og nemendur farnir frá okkur 11:45 og mættir í smiðjur kl. 12:15 – 13:15

Miðvikudagar voru íþróttadagar og voru nemendur hjá okkur til 13:15

Mánudagar og þriðjudagar voru nýttir til innlagnar í svokölluðum fuglahópum. Þeir voru þrír og getuskiptir. Við skiptinguna var farið eftir lestrargetu nemendanna sem hélst nokkurn veginn í hendur við getu þeirra í öðrum greinum. Þá voru markmið og leiðir sniðin að þörfum nemenda. Einn kennari sá um Eldfugla sem var metinn lengst kominn, eins var um Krummana sem voru metin á miðju og með Dúfunum voru tveir kennarar en þar voru þeir nemendur sem þurftu mest utanumhald og mikla verklega leiðsögn. Samvera á neðri hæðinni var alltaf á mánudagsmorgnum.

Á **miðvikudögum** voru íþróttir, sem voru árgangaskiptar, sem gerði okkur kleyft að



vinna með litla hóp á einu. Við nýttum okkur þessa daga til að byrja með sem innlagnardaga en síðar notuðum við þessa tíma einnig til að kanna stöðu nemenda. Við vorum þá með umsjónarhópum okkar sem var mjög gott. Með þessu fyrirkomulagi fengum við frekari tækifæri til að kynna nemendum okkar betur og skapa meiri nánd. Eftir hádegi reyndum við að vera með gæðahringi. Til að byrja með vorum við með hópinn tvískiptan þ.e. í sitt hvorum króknum, en með vorinu þá höfum við skipt hópnum á umsjónarkennara.

Fimmtudagar og föstudagar voru hringekjudagar. Hringekju hóparnir voru 6 og skipt jafnt á hópinn, þ.e. nemendur úr báðum árgöngum. Í hópnum voru ca. 10 – 12 nemendur. Hóparnir heimsóttu alltaf sex mismunandi stöðvar. Á hverri stöð var viðfangsefni

sem bauð upp á leið að því markmiði sem stefnt var að. Við reyndum að hafa kennarastýrðar stöðvar með viðfangsefnum sem kröfðust endurinnlagnar eða þar sem verkefnin voru krefjandi. Eins vorum við með stöðvar sem við kölluðum sjálfstýrandi en þar var boðið upp á dót og ýmislegt sem við töldum að nemendur gætu alfarið bjargað sér með. Stundum var um að ræða vinnu sem við vorum búin að vera að þjálfra í vetur eins og t.d. að lesa, félagalestur, gera hugtakakort um e-ð viðráðanlegt, áhugasvið o.s.frv. Eftri áramótin ákváðum við að hafa hringekju hópana einnig getuskipta. Fyrir ávaxtastund alla daga nema miðvikudaga tók Yrsa þá nemendur sem verst voru staddir í lestri og var með þá í sérkennslu.

Kennsluhættir: MJÖG Fjölbreyttir☺

Námsgreinar

Byrjendalæsi: Nálgun í íslensku var svo til eingöngu í gegnum byrjendalæsi sem er ný nálgun fyrir nemendur yngstastigs í grunnskólum. Síðar vorum við farnar að samþætta íslenskuna við stærðfræði, samfélags- og náttúrufræði og settum fleiri markmið í áætlanirnar.

Jákvæður agi: Við náðum nokkurn veginn að fylgja áætluninni og lögðum inn þau verkfæri sem áætlunin sagði til um. Nemendurnir voru sérstaklega ánægðir með „Grænu bókina“.

Stærðfræði: Í vetur höfum við verið á námskeiði í „byrjenda“ stærðfræði hjá Þóru Rósu Geirsdóttur. Eftir að við byrjuðum á þessu námskeiði bökkuðum við með alla stærðfræðikennsluna, segja má að við höfum byrjað upp á nýtt. Við tókum talnaskilninginn rækilega í gegn og unnum okkur síðan upp á við. Við unnum mjög mikið í gegnum hugtakakort og þau verkfæri sem byrjendalæsið hefur kennt okkur.



Samfélags- og náttúrfræði höfum við unnið með í byrjendalæsi. Þá samnýtum við áætlun byrjendalæsis og þessara greina og vinnum með markmið sem tengjast báðum greinum.

Bekkjarfundir (gæðahringir) voru haldnir, til að byrja með í tveimur krókum. Með vorinu tókum við upp á því að hafa gæðahringina þannig að umsjónarkennari var með sína umsjónarnemendur og þegar búið var að kynna fyrir nemendum verkfærið „að setja mál á dagskrá“ fórum við að nota grænu bókina en í hana skrifuðu nemendur það sem þeim lá á hjarta s.s. uppákomur í frímínútum, líðan, ofl. Nemendur voru mjög ánægðir með þetta fyrirkomulag og töluð um að sennilega væri Græna bókin að hjálpa til við ástandið úti.

Þemaverkefni: bæði þau sem við unnum og þau sem við mælum með að rúlli annað hvert ár:

ár 1. haust: Hverfið okkar; Landnámið

ár 1.vor: Hafið og Akureyri, störf

ár 2. haust: Fjöllin og Akureyri; Merkismenn á Akureyri

ár 2. vor: Ísland áður fyrr, störf ,vinnustaðir

Lestur: teknar voru nokkrar hraðlestrarkannanir sem sýndu að almennt voru nemendur að bæta sig. Sumir nemendur voru meira að segja að bæta sig um 100 atkv. á mín. frá fyrsta prófi til þess síðasta. (tekin voru 5 hraðlestrarpróf í vetur). Einnig voru lagðar fyrir Læsis kannanir í 2.bekk og Orðrún í 3. bekk. Alltaf eru það einhverjir sem þurfa á frekari æfingu að halda. Freydís spjallaði við Jennýju G. sem er ein af byrjendalæsis frumkvöðlunum og hefur hún nokkrar áhyggjur af lestrarhraða nemenda í 2. bekk. Hún mælir því með að fljótlega næsta haust (2012) verið farið í massíva vinnu með hraðlestraræfingar af ýmsum toga s.s. runulestur, kórlestur, bergmálslestur og fleira. Taka það svo upp nokkrum sinnum yfir veturinn. Það skal þó tekið fram að allir nemendur voru teknir í hraðlestrarpróf og Læsis prófin og það kemur vissulega í ljós á niðurstöðunum.

Foreldrasamstarf og upplýsingamiðlun

Foreldrakynning var að hausti en þá voru allir foreldrar boðnir á kynningu í skólanum. Á þeirri kynningu sögðum við frá starfinu framundan, kynntum markmiðalistann á mentor, þeirri fjölbreytni sem við stefndum að í kennsluháttum og námsmati. Við lögðum mjög óhæðbundið stærðfræðiþróf fyrir foreldrahópinn til að gefa þeim nasapef af þeirri vinnu sem við vorum að vinna með í stærðfræði.

Það er spurning hvort ekki megi breyta þessu fyrirkomulagi þannig að umsjónarkennari hitti eingöngu foreldra sinna umsjónarnemenda. Þá gefst foreldrum líka kostur á því að átta sig betur á hver er umsjónarkennari barns síns og kynnast honum aðeins og öfugt.

Mentorfærslur: Nokkrir foreldrar fengu dagbókarfærslur daglega en það voru aðallega póstar sem áttu að halda utan um daglegt starf og hegðun nemenda heimavið.

Upplýsingamiðlun í gegnum mentor gæti verið meiri og betri og hefur Vaka sem er verkefnastjóra hjá mentor komið og kynnt teyminu þá möguleika sem í boði eru.

Viðtalsdagar: voru 4 (tvisvar sinnum tveir dagar og var foreldrum skipt á þá daga).

Foreldrar fengu úthlutaða viðtalstíma hjá umsjónarkennara ásamt nemanda þar sem farið var yfir stöðu hans.

Samráðs – og matsdagar: voru tveir á árinu og gafst foreldrum kostur á að koma og spjalla við kennara en afar fáir nýttu sér þá. Nokkrum var sérstaklega boðið að koma og nýttu þeir sér það flestir.

Með hliðsjón af könnunum meðal foreldra og nemenda, námsmati og öðrum gögnum hefur eftirfarandi komið í ljós;

- Persónulegir póstar til einstakra nemenda mega vera fleiri (meiri jákvæðni)
- Hafa ýtarlegri / fleiri upplýsingar í matsmöppu sem fer heim er varða námslegan þátt nemenda.
- Heimanám – foreldrar líta ekki á heimalestur sem heimanám og því er nauðsynlegt að gera foreldrum grein fyrir því hversu mikilvægur hann er sérstaklega í yngri bekkjum grunnskóla. Þess vegna er nauðsynlegt að hvetja foreldra til að lesa meira með börnum sínum og fá þá til að líta á það sem heimanám. Einnig þurfum við að benda á og fræða foreldra um ýmsar leiðir í heimanámi sem er hægt að framkvæma með einföldum hætti við t.d. eldhúsbörðið heima.
- Foreldrar hafa áhyggjur af agavandamálum í skólanum. Þeir upplifa mjög mikinn hávaða og finnst nemendur vera frekar frjálslægir. Þeir benda á leiðir því til úrbóta eins og t.d. að setja upp veggi, hætta samkenslu, breyta hópum, fækka í hópum osfrv. Hér þarf skólinn að ganga fram fyrir skjöldu og leiðrétt og fræða.

Námsmöppur: Listi yfir þau gögn sem áætlað er að hafa í námsmatsmöppur næsta vetur

- ágúst – Sjálfsmynd að hausti og rithandarsýnishorn
- sept. – Atkvæðapróf / lestrarsúla
- okt. – nem. velja tvö verkefni – rökstyðja
- nóv. – stærðfræði- og málfræðikönnun
- des. – atkv. próf / lestrarsúla, ritunarsýni, sýnishorn frá verkgreinakennurum
- jan. – nem. velja tvö verkefni og rökstyðja
- febr. –
- mars – stærðfræði- og málfræðikönnun
- apríl – framsagnarpróf
- maí – sjálfsmynd að vori, rithandarsýnishorn og ritunarsýnishorn

Vettvangsferðir og uppákomur

Tvisvar í vetur höfum við boðið foreldrum í heimsókn á sýningar. Foreldrar voru mjög duglegir að mæta og fannst margt áhugavert og skemmtilegt. Þá komu foreldrar á árshátíð í skólanum þar sem nemendur stigu á stökk og sýndu hvað í þeim býr og svo var mikil kaffiveisla á eftir. Opnir dagar voru a.m.k. 2x í vetur og komu þá foreldrar og fylgdust með vinnu barna sinna. Foreldrar nýttu þetta tækifæri misvel.

Farið var í tvær vinnustaðaheimsóknir til foreldra nemenda. Annarsvegar heimsóttum við vinnustað móður einnar stúlkunnar í hópnum, en hún er að vinna í Verkmenntaskólanum og hinsvegar vinnustað móður drengs, sem vinnur í Rósenborg. Þá kom móðir einnar stúlkunnar, þrisvar sinnum í heimsókn og sýndi nemendum nokkrar tilraunir, en hún er vísindamaður hjá Matís. Þessar heimsóknir voru mjög skemmtilegar og höfðu nemendur bæði gagn og gaman af. Tvisvar sinnum fóru nemendur í bæinn í tilefni afmælisárs Akureyrar. 3. bekk var boðið í skautahöllina á skauta sem við nýttum okkur og fórum við í tveimur hópum. Minjasafnið var heimsótt í sambandi við námsefnið Komdu og skoðaðu - Íslenska þjóðhætti og einnig fórum við í heimsókn í Nonnahús. Nemendur fóru í gönguferð í Naustaborgir og Kjarnaskóg og nú í vor um hverfið og söfnuðu götuheitum sem þeir unnu með í byrjendalæsi sem lykilorð og í krossglímu. Einnig var farið í ruslaferð í hverfinu þar sem nemendur tíndu rusl.

Vinna í teyllum

Tvisvar í viku voru teymisfundir á dagskrá sem allir meðlimir teymisins sátu. Þessir fundir voru færðir til bókar með fundarstjóra og ritara. Reglulega var skipt um fundarstjóra og ritara, allar fengum við að spreyta okkur á báðum hlutverkum (kennararnir fjórir). Fundargerðir eru til í þar til gerðri möppu. Við funduðum alltaf inni á vinnuherberginu okkar en því deildum við með 1. bekkjar teyminu og iðju- og þroskaþjálfara. Það var ekki fyrr en á vordögum sem við áttuðum okkur á því að færa okkur og vera í meiri friði. Við reyndum að funda reglulega með þjálfunum en þeir unnu þó nokkuð með nemendum okkar. Það gekk ekki alveg nógu vel upp hjá okkur, það var frekar að við kölluðumst á yfir borðið inni á vinnuherberginu okkar. Þá fundaði teymið reglulega með skólastjórnendum



Endurmenntun

- Freydís er á 1. ári í leiðtoganámskeiði í byrjendalæsi.
- Yrsa og Jóna luku öðru ári í byrjendalæsi.
- Gyða lauk 1. ári í byrjendalæsi.
- Allar vorum við á námskeiði í Byrjendastærðfræði hjá Þóru Rósu ásamt 1. bekkjar kennurunum og er ætlunin að halda áfram með þá vinnu næsta vetur.
- Auk þessa höfum við allar setið önnur námskeið, bæði í HA og á annars vegum, auk ráðstefna sem og námsdögum í haust.

Við teljum okkur hafa komið nokkuð vel til móts við nemendur námslega og gert okkur far um að mæta þeim þar sem þeir eru staddir á hvorn veginn sem er. Fljótlega vorum við komnar með það vinnu- og kennslufyrirkomulag sem við unnum eftir í vetur. Kennsluhættir voru mjög fjölbreyttir. Ágætlega hefur tekist að aga nemendur og gera þá nokkuð meðvitaða um nám sitt.

Það sem við teljum að betur megi fara er að uppfærða foreldra um námslega stöðu barna sinna. Einnig teljum við að við höfum byrjað of seint að hafa umsjónarnemendur í gæðahringjum og leggjum því til að það verði strax þannig næsta vetur. Þá teljum við að við hefðum getað nýtt miðvikudagana enn betur en við gerðum til að byrja með varðandi mat. Einnig teljum við að gott sé að skipta umsjónarnemendum þannig niður á hvern umsjónarkennara að hann hafi umsjón með nemendum úr báðum árgöngunum. Þá



myndu t.d. miðvikudagarnir nýtast betur þar sem allir gætu haft sinn hóp 8 – 10 nem. hjá sér í ýmsum verkefnum eða spjalli.

Hugmyndir fyrir næsta vetur

- Leiðsagnarmat og mat almennt
- Umsjónarkennarar meira með sinn umsjónarhóp
- við getum gert meira af því að skoða verkefni nemenda og meta þannig námlega stöðu þeirra.
- Lesskilningspróf þarf að taka að hausti og aftur snemma að vori til þess að mögulegt sé að vinna úr upplýsingunum sem niðurstöðurnar gefa.
- Taka þarf hraðlestrarátak með verðandi 3. bekk, þau eru mjög mörg hæglæs

Listi yfir þemu næsta vetur: Þema tekur ca 4-6 vikur og hver sérgreinakennari gæti verið með okkur ca 2-3 vikur í senn.

Fyrsta haust: Landnámið og hverfið okkar (Naustahverfi)

Fyrsta vor: Hafið og Akureyri:

Annað haust: Fjöllin og Akureyri/merkismenn á Akureyri.

Annað vor: Ísland áður fyrr.

Skýrsla kennara í 4.-5. bekk

Tölulegar upplýsingar

Nemendur í 4.-5. bekk í vetur voru 63 talsins. Umsjónarkennarar voru fjórir, sem skiptu 63 nemendum á milli sín í umsjón, einn stuðningsfulltrúi sem sinnti ýmsum stuðningi við nemendur.

Skipting milli kynja: Í árgöngunum voru 30 stelpur á móti 33 stráku.

Árgangaskipting: Í 4. bekk voru 30 nemendur og 33 nemendur í 5. bekk.

Mæting barnanna í vetur hefði mátt vera betri. Margir nemendur mættu oft of seint í vetur, oft sömu nemendurnir. Því miður virtist mörgum nemendum vera alveg sama þó þeir væru að mæta of seint. Síðustu tvo mánuði skólaársins voru mætingar settar inn á mentor og sendar heim vikulega til foreldra en það virtist ekki skila sér í bættri mætingu. Okkur fannst ástundun í íþróttum og sundi vera nokkuð góð miðað við í fyrra. Nokkuð bar á því að nemendur kæmu ekki með sundföt. Föstudagsmorgna byrjuðum við á því að fara yfir hverjir væru ekki með sundföt og þeir sem höfðu tók á sendir heim til að sækja þau.

Skipulag námsins

Eftir mikla ígrundun teymisins var komin nokkuð föst stundatafla rétt fyrir áramót. Alltaf var verið að prófa sig áfram og finna hvað hentaði best. Tvisvar til þrisvar í viku voru áætlunartímar þar sem nemendur áætluðu vinnuvikuna sína í íslensku, stærðfræði, skrift og stafsetningu með aðstoð umsjónarkennara. Þess á milli voru innlagnir og vinna í greinunum í anda byrjendalæsis, orð af orði og lifandi stærðfræðikennslu að fyrirmynd Þóru Rósu. Þegar litið er um öxl erum við sáttað við veturinn og finnst hann hafa gengið vel, skipulagið var gott og við upplifðum góða yfirsýn yfir nemendur. Teymið hefur átt gott samstarf og við lært mikið hvert af öðru.

Úthald barnanna í vinnu er æði misjafnt og dagar eins og þriðjudagar voru þeim stundum erfiðir, en þá daga lauk kennslu kl. 14:20. Á þessum löngu dögum er lífsnauðsynlegt að brjóta daginn upp og var því mjög gott að hafa tvær smíðjur á

priðjudögum. Þegar á heildina er litið vorum við mjög ánægð með stundatöfluna. Gott að byrja alltaf með börnin fyrst á morgnanna í krók. Það skiptir miklu máli upp á samheldni í hópnum og að koma skilaboðum áleiðis. Okkur fannst samveran ganga nokkuð vel og sú breytingin að hafa eina samveru í viku til batnaðar. Það sem teymin verða að bæta varðandi samveru er að hafa miklu markvissari atriði á samveru. Þetta þarf alls ekki að vera mikill undirbúningur, bara stutt atriði til að gera samveruna meira spennandi. Kannski þarf að upplýsa börnin með lengri fyrirvara um hvenær árgangar eiga að troða upp, hafa nemendur ábyrgari fyrir sínum uppákomum. Bekkjarfundir tókust vel og höfðum við þann sið að hafa oftast skipt í umsjónarhópa tvisvar í viku (fjórir hópar). Við fengum dagskrá frá stjórnendum skólans fyrir bekkjarfundina og það nýttist nokkuð vel. Vorum reyndar svolítið mikið á eftir áætlun en samt sem áður gott að miða við dagskrána. Að öllu jöfnu lítum við á samveru í krók sem þjálfun í lífsleikni og gott tækifæri til þess að vera með jákvæðan aga eins og á formlegum bekkjarfundum.

Námsgreinar og áætlun

Á hverjum mánudegi gerðu nemendur vikulega áætlun í íslensku, stærðfræði, skrift og stafsetningu í áætlunarbók (Skjatta) undir leiðsögn síns umsjónarkennara. Nemendur skoðuðu markmiðin sín þ.e. þau sem tengdust þeim námsþáttum sem unnið var í hverju sinni og áætlðu sér í samræmi við þau í upphafi viku. Þegar ákveðnu verkefni var lokið merktu þau við í áætlunarbókina. Kennari fór yfir þessa áætlun í vikunni á eftir og mat vinnuna. Unnið var í áætlun 2-3 sinnum í viku og stundum einnig í hringekjutímum. Áætlunin fór heim daglega og gátu foreldrar þannig skrifað hvetjandi orð í áætlunarbókina. Mjög misjafnt var þó eftir einstaklingum hversu duglegir þeir voru að muna eftir að fara með bókina heim og sýna foreldrum sínum. Mikilvægt að foreldrar fylgist vel með námi barna sinna. Okkur fannst áætlunin vera akkúrat í takt við stefnu skólans og gefa nokkuð góða yfirsýn yfir hvern og einn nemanda. Mjög mikilvægt og nánast nauðsynlegt er að umsjónarkennari sé að kenna hópnum sínum á mánudegi og á föstudegi til að fara yfir áætlunina og sjá hvernig gekk í vikunni. Auðvitað þarf áætlunarvikan ekki endilega að byrja á mánudegi og enda á föstudegi en mikilvægt fyrir umsjónarkennara að byrja vikuna og enda vikuna með sínum nemendum.

Íslenska: Í 5.bekk var notast við „Vandamálið“ sem grunnbók og í 4.bekk Skinnu 1 og 2 sem grunnbók, þessar bækur voru nær eingöngu notaðar í áætlunartímum. Stærstur hluti íslenskunnar var kenndur með aðferðum tengdum Orð af orði og byrjendalæsi. Í hverju þema var íslenskustöð með mismunandi áherslum eftir því hvaða námsþátt var verið að vinna með.



Stærðfræði: Stærðfræðin var mest unnin í áætlunartímum en innlagnir fóru fram í árgangaskiptum hópum á miðvikudögum. Okkur fannst það ganga vel að skipta börnunum upp í innlögnum en hefðum mátt vera duglegri að búa til litla námshópa bæði fyrir þá sem þurftu aukainnlagnir og þá sem lengra voru komnir. Nemendur í 4.bekk notuðu Sprota 3b og 4a sem grunnbók en 5.bekkur Sprota 4b og Geisla 1a og 1b, auk fjölbreyttra verklegra æfinga.

Enskukennsla: Enskan var kennd einu sinni í viku, klukkutíma í senn. Tveir kennarar með 5.bekk og tveir kennarar með 4.bekk.

Þemaverkefni voru eftirfarandi fyrir áramót: Endurvinnsluþema, plánetuþema, draugþema, jólaþema.

Þemaverkefni voru eftirfarandi eftir áramót: Hafið, Akureyri og ritunaráttak. Öll markmið í þeim eru inn á samgögnum.

Það sem gekk vel: Nemendur voru heilt yfir mjög áhugasamir í þemavinnu og stóðu sig nokkuð vel í samvinnu og hópavinnu. Við vinnuna sýndu nemendur sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði og mikinn metnað.

Við hefðum mátt vera aðeins duglegri í námsmati í þema. Að vel hugsuðu máli þurfum við að gera aðeins meiri kröfur til nemenda með að tileinka sér námsefnið út frá markmiðum. Það námsmat sem við höfðum var t.d. jafningjamat, könnun, verkleg kynning og mat á möppum. Þetta fannst okkur gott námsmat en það hefði mátt vera fjölbreyttara og skilvirkara.

Vettvangsferðir og helstu viðburðir

30.ágúst: Heimsókn í Sorpu. Krakkarnir fengu smá innsýn í endurvinnsluferli Sorpu.

Þau vissu t.d. ekki að efnið í flestum flíspeysum er unnið úr plasti.

1. september: Sameiginlegur umhverfisþemadagur með 6.-7.bekk.

2. september: Útivistardagur, allur skólinn.

11. október: Plánetuþema, foreldrar komu í heimsókn og fóru m.a. í spurningakeppni við nemendur. Einnig sýndu nemendur allskyns verkefni úr plánetuþemanu.

3.-10.-17.október: Skautuferð, 4.bekkur fór þrjá þriðjudaga í röð á skauta. Það gekk mjög vel og fékk 5.bekkur að koma með í þriðju og síðustu ferð.

17.-21. október: Þrautavika

25.nóvember: Nemendadagur, dagurinn þar sem börnin tóku völdin. Kennarar fóru í frímó og síðan var rosaleg hæfileikakeppni milli starfsmanna. Virkilega skemmtilegur dagur.

1.desember: Heimsókn á minjasafnið. Nemendur kynnstust sögu jólanna.

6.-7.desember: Jólaþemadagur.

15.desember: Sleðaferð í jólasveinabrekku. Heimur kom á kakóbílum ☺

19.desember: Helgileikur sýndur á Naustatjörn.

17.janúar: Maritafraeðsla fyrir 5.bekk.

3.febrúar: Dagur stærðfræðinnar

8.febrúar: Heimsókn í Leikfélag Akureyrar.

15.mars: Árshátíð og Akureyrarþema. Vegna 150 ára afmælis Akureyrarbæjar var þema árshátíðarinnar „Akureyri“.

21.mars: Skíðaferð í Hlíðarfjall

25.-27.apríl: Kiðagilsferð, 4.bekkur





26.apríl: Ísferð í Brynju, 5.bekkur

7.maí: Foreldrar komu í heimsókn og skoðuðu verkefni barnanna frá Akureyrarþemanu.

16.maí: Ferð í miðbæinn- afmæli Akureyrarbæjar. Komið var við í Deigluinni þar sem börnin áttu verk á sýningu í tilefni afmælisins.

22.-23.maí: Frjálsíþróttamót í Boganum

29.maí-1.júní: Vorþemadagar og vorferðir. Það var farið í Kjarnaskóg, Lystigarðinn og á golfvöllinn.

Námsmat

Í stærðfræði og íslensku var símat, lagðar voru fyrir kannanir eftir ákveðna námsþætti. Í verkefnabók á Mentor voru skráðar niðurstöður úr könnunum. Einnig voru settar upplýsingar inn á verkefnabók sem gáfu til kynna ef nemandi hafði ekki náð settum markmiðum. Í leiðsagnarmatinu skrifuðum við umsögn um það sem vel var gert og það sem betur mætti fara. Lestrarpróf voru lögð fyrir fjórum sinnum yfir veturinn, niðurstöður úr þeim voru settar í verkefnabók á mentor. Þrjú lesskilningspróf voru lögð fyrir nemendur, eitt fyrir áramót og tvö eftir áramót, skráð í verkefnabók á mentor. Hakað var við markmið inn á mentor fyrir hvern og einn nemenda í íslensku og stærðfræði.

Í ensku var lögð fyrir könnun í 5. bekk sem var sett inn í matsmöppur. Nemendur í 4. bekk völdu sér sýnishorn úr vinnu vetrarins í sínar möppur.

Matsmappa: Okkur fannst þessi nýbreytni koma vel út. Mappan fór fjórum sinnum heim yfir veturinn með ýmsum verkefnum sem við töldum vera lýsandi fyrir námslega stöðu nemandans. Þetta gaf foreldrum betra innsýn inn í nám barna sinna og virtust foreldrar vera almennt ánægðir með þetta fyrirkomulag. Mismunandi verkefni voru sett í möppuna hverju sinni og inn á samgögnum er hægt að finna það sem fór í möppuna í hvert skipti. Mappan heitir „gögn í matsmöppu“ inn á samgögnum 4.-5.bekkjara 2011-2012.

Foreldrasamstarf og upplýsingamiðlun

Við teljum að foreldrasamstarfið hafi verið mjög gott í vetur. Það hafa verið vikupóstar, viðtöl, heimsóknir og mikið af persónulegum samtölum við börn og foreldra, bæði tengd námi og hegðun. Við höfum reynt eftir bestu getu að leysa öll vandamál sem upphafa komið. Þónokkrir foreldrar hafa lýst yfir ánægju sinni með samskiptin og gott samstarf.

Flestir foreldrar hafa verið ánægðir með fyrirkomulag heimanámsins í vetur. Ef athugasemdir komu og beiðni um meira eða minna heimanám var orðið viðþeim óskum.

Mat með hliðsjón af könnunum

Við erum sátt við niðurstöður könnunar meðal nemenda og foreldra. Þar kemur í ljós að líðan nemenda er góð og flestum finnst gaman í skólanum. Foreldrar treysta starfsfólki og fram kemur að þau geti leyft sér að gera mistök. Við vorum sérstaklega ánægð með að nær allir fá hrós hér í skólanum og heima þegar það á við. Foreldrum fannst við bjóða upp á fjölbreytt nám og góðar aðstæður sem er hvating fyrir okkur til að gera enn betur. Við sjáum að við megum skerpa á kröfum til þeirra flestra.

Teymisvinna

Við höfum verið samstíga í okkar teymi og unnið sem sterk heild. Við höfum getað gagnrýnt vinnu okkar á jákvæðan og uppbyggjandi hátt. Við höfum með samtölum verið í lausnaleyti að betri leiðum og kennsluháttum til að auka gæði kennslunnar og þar

með að styrkja okkur sem fagmenn. Hver umsjónarkennari sá um skráningar t.d. í Mentor fyrir sína umsjónarnemendur og um samskipti við foreldra. Nemendahópurinn var sem ein heild fyrir okkur og komum við jafnt að öllum nemendum í kennslu og umgengni. Skipulag hverrar viku var ákveðið á teymisfundi á þriðjudögum en það fyrirkomulag var mjög gott eftir áramót. Þar ræddum við málefni einstakra nemenda og samræmdum vinnubrögð eins og kostur var og skipulögðum vikuna. Ómældur gæðatími fór í ígrundun og umræður teymis utan formlegs fundartíma og teljum við þær hafa styrkt okkur og þar með skólastarfið.

Hvað þarf að hafa í huga fyrir næsta vetur

Teymið var sammála um að við hefðum e.t.v. getað verið duglegri að skipta í getuskipta hópa og nýta starfskrafta betur í að búa til litla námshópa. Í þessum hópum hefðu nemendur fengið betra aðhald og markvissari innlagnir. Þetta hefði mátt festa í töflu strax í upphafi. Áætlunin gekk yfirleitt vel og flest börnin sýndu mikinn metnað í áætlunargerð í vetur. Að sjálfsögðu áttu einn og einn nemandi erfitt með þetta fyrirkomulag. En það sem okkur finnst mikilvægast er að umsjónarkennari sé með hópnum sínum þegar áætlun er gerð og endi vikuna með hópnum og nái að fara yfir og meta það sem unnið hefur verið. Þetta er gríðarlega mikilvægt og ef sunðið verður á föstudögum áfram er spurning um að byrja áætlunavikuna á fimmtudegi og enda á fimmtudegi.

Athuga þarf vel hvort ekki eigi að skipta um námsefni í stærðfræðinni í 5.bekk. Við höfum heyrt mikla ánægjuraddir um Stiku 1a og 1b. Við mælum með að Geisla verði skipt úr fyrir Stiku. Farið verði yfir markmiðin í stærðfræðinni fyrir 5. bekk og þau gerð skýrari og aðgengilegri til að vinna með. Í kjölfarið þarf að gera nýjar kannanir úr nýju námsefni en vafalítið hægt að nýta sér eitthvað af því sem til er hjá okkur á samgögnum því námsþættir eru þeir sömu. Þetta þarf e.t.v. líka að skoða í 6.-7. bekk og uppúr.

Tveir krókar: Við hugsuðum mikið um það að skipta nemendum í tvo króka í vetur en úr því varð aldrei, okkur fannst svo gaman að vera saman. Það gekk í heildina þokkalega að hafa þau öll saman en stundum tók of langan tíma að fá hljóð og athygli. Við leggjum til að hafa tvo króka næsta vetur!!

Smiðjur: Smiðjur gengu nokkuð vel og almenn ánægja með þær. Við teljum ráðlegt að kynjaskipta smiðjunum næsta vetur. Með því er e.t.v. auðveldara að koma til móts við áhuga nemenda og auðvelda fyrir kennara í skipulagningu.

Kiðagil: Ferð 4. bekkjar í skólabúðirnar heppnaðist vel og ekki annað að sjá en ánægju úr hverju andliti. Ef til vill væri betra að fara fyrr á skólaárinu í ferðina, það væri góð hópeflisferð snemma á skólaárinu. Nauðsynlegt að tveir starfsmenn fari frá skólanum í svona ferð, aldrei einn. Þeir foreldrar sem taka að sér að fara með í ferðina komi klukkan 16:00 þegar formlegri dagskrá lýkur á Kiðagili. Halda þarf stuttan fund með



foreldrum og þeim kennurum sem fara í ferðina. Með því móti geta allir skipulagt saman og lagt eitthvað til sem örugglega mun gera ferðina fjölbreyttari og skemmtilegri þ.e. frjálsa tímann sem er töluverður í svona ferð. Kannski er nóg að gista eina nótt í svona ferð fyrir þennan aldur þ.e. taka tvo daga í þetta. Leggjja snemma á stað, gista eina nótt, borða kvöldmat á Kiðagili seinni daginn og halda svo heim á leið.



Varðandi skólastarfið í heild finnst okkur við svo sannarlega vera á réttri leið, góð þróun, jákvæðni og mikil og góð samvinna í húsinu. Það sem þarf að huga að í framhaldinu er að flýta sér hægt í skólaþróun og einbeita sér að því að gera betur og fara dýpra í það sem við höfum verið að vinna í undanfarin misseri. Þá erum við t.d. að tala um vinnu í námsmati, skýrari stefnu og utanumhald í vinnuaðferðum milli árganga, námsefni e.t.v. meira samræmt (Geisli eða Stika o.s.frv.), yfirfara markmið og gera þau einfaldari og skýrari, jákvæður agi, sérgreinarúlla o.s.frv.

Mentor: Því miður hefur það bersýnilega komið í ljós að þrátt fyrir betri kynningu í skólabyrjun hefur notkun foreldra ekki aukist í samræmi við það. Oftar en ekki höfðu foreldrar sjaldan eða aldrei skoðað markmið barnanna eða niðurstöður í verkefnabók. Þetta þurfum við að laga !

Virkilega góðu skólaári lokið. Krakkarnir voru yndislegir og við förum rosaleg sátt og ánægð úti sumarfríið.

Kveðja Heimir Örn, Inga Lilja, Valdís, Sigríður Jóna, Brynja og Harpa.

Skýrsla kennara í 6.-7. bekk

Tölulegar upplýsingar

Byrjuðum veturinn með 35 nemendur en enduðum í 31 nemanda, í 6. bekk eru 17 nemendur, 5 strákar og 12 stelpur. Í 7. bekk eru 14 nemendur, 7 strákar og 7 stelpur.

Ástundun hjá 6. bekk: seint = 189 dagar

veikindi = 70 dagar

leyfi = 66 dagar

Ástundun hjá 7. bekk: seint = 131 dagar

veikindi = 100 dagar

leyfi = 36 dagar

Starfsmenn teymis Ása Katrín Gunnlaugsdóttir, Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson og Sigurlaug Jónsdóttir umsjónarkennarar. Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson fór til annarra starfa 1. febrúar og í hans stað kom Andri Snær Stefánsson, Ása Katrín Gunnlaugsdóttir fór í veikindafri fyrir páskafrí og fyrir hana kom Kolbrún Sigurgeirsdóttir. Karl Hallgrímsson kenndi dönsku í 7. bekk. Örlygur Helgason kenndi sund, íþróttir og útiþróttir. Snorri Bergþórsson kenndi íþróttir.

Skipulag námsins

Nemendur unnu í **stærðfræði** samkvæmt áætlunarkerfinu, 11,12,13,14 stigi fram að áramótum, en við sniðum svo námið í námskeið þar sem ákveðnir þættir voru teknir fyrir og unnið með það í 4 – 6 vikur. Reynt var eftir bestu getu að sníða námið að þörfum hvers og eins nemanda og var leitað að viðfangsefnum í samræmi við það. Nemendur fóru með áætlanir heim og voru foreldrar meðvitaðir um þau námskeið sem í gangi voru. Það kom oft fyrir að tíminn í skólanum var ekki vel nýttur og nemendur tóku með sér vinnu heim þegar síga fór á seinni hluta námskeiðsins og þeir höfðu ekki lokið áætlun.

Í **íslensku** var unnið út frá kennsluháttum Orð af orði og var í byrjun skólaárs unnið með bókina Franskbraud með sultu og upp úr henni unnin öll málfræði og stafsetningarverkefni. Málfræðikennslunni var skipt í þemu þar sem unnið var með ákveðna þætti í 4-6 vikur eins og t.d lýsingarorð, nafnorð og sagnorð í þemum þar sem

Þessum þáttum voru gerð góð skil og hvert þema endaði með könnun/mati. Eins voru samfélagsfræðibækurnar Frá Róm til Þingvalla, Líkaminn minn og Evrópa sem samþættingarverkefni í íslensku og samfélagsfræði. Eyðufyllingar og málfræðihefti voru einnig til staðar og voru þau sett saman úr ýmsum áttum en samt í tengslum við þema hverju sinni. Við lestur áðurnefnds námsefnis unnu nemendur margvísleg verkefni í orð af orði sem og lesskilningsverkefni, gagnvirkar lestur og ritun. Þeim nemendum sem á þurftu að halda, bauðst að lesa áðurnefnt námsefni með aðstoð hljóðbókar væru þær á annað borð til. Lestur á frjálsslestrarbókum var ekki fastur liður á stundaskrá vetrarins en við hvetjum til að það verði á næsta ári þar sem við teljum að það auki til muna lestrarfærni nemenda sem og lestur heima sem var fastur liður í heimavinnu hjá okkur í vetur.

Í vetur var markvisst unnið í hringekjum í íslensku og stærðfræði, hver stöð var 20 – 30 mínútur. Í íslenskuhringekjunum var lagt upp með ákveðið markmið, eins og áður var nefnt, og misjöfn nálgun á námsþáttinn á hverri stöð. Á hverjum mánudegi settust nemendur niður með sínum umsjónarkennara og fóru yfir síðustu viku ásamt því að áætla í stærðfræði og íslensku fyrir komandi viku. Með þessu náðu nemendur og umsjónarkennarar að eiga gott spjall tveir saman í viku hverri.

Danska: 7. bekkingar sóttu tíma tvisvar í viku, tæpa klukkustund í senn.

Aðalviðfangsefnið var að sýna þeim fram á hversu auðvelt það er að læra dönsku, hversu lík hún er íslensku og hvernig kunnátta þeirra í ensku getur komið þeim að gagni við að tileinka sér ný orð á dönsku. Mikil áhersla var lögð á orðaforðann, lestur og hlustun fyrirferðarmeiri en talaða málið og ritun. Því var þó hvoru tveggja sinnt jafnóðum. Kennslubækurnar Klar parat voru notaðar, þ.á.m. D-bókin sem er glósubók og úrklippubók sem nemendur útbúa sjálfir. Með henni notaði ég alla vega verkefni sem ekki tengjast Klar parat á nokkurn hátt. Annars hélt ég mig að mestu við efni og áherslur kennskubókanna. Tveir nemendur hópsins sækja nám í norsku. Þeir komu ekki í dönskutímana en voru velkomnir og það kom fyrir að þeir sæktu tímana. Sérstaklega var það þegar eitthvað sérstakt var á dagskrá, eins og kvikmyndasýning eða einhver leikur. Þann tíma sem danski farkennarinn var hjá okkur voru þeir alveg með okkur. Þá var hið talaða mál og hlustun aðalmálið. Við sáum tvær kvikmyndir: Vikaren og Kærlighed ved første hik. Við sáum líka valda kafla úr einni framhaldsmyndinni af Kærlighed ved første hik og nokkra sjónvarpsþætti og brot úr sjónvarpsþáttum af vef Danska ríkisútvarpsins, DR, www.dr.dk. Þar á meðal Simons danseskole og Funky familie. Nemendurnir tóku tvisvar skriflegt próf yfir veturinn. Í bæði skiptin var leyfilegt að nýta sér kennslubækurnar við lausn prófsins. Prófin eru til á samskrá.

Þemaverkefni

Náttúrufræðiþema: Nemendur byrjuðu á því að læra um líf í sjó og vatni. Nemendum var skipt upp í níu hópa. Nemendur fóru í vettvangsferð og gerðu athuganir í tjörnum í Naustaborgum. Þar tóku þau sýnishorn úr vatninu, lífverur, vatn og gróður. Lífverurnar voru látnar vera í ferskvatni í skólanum í 3 daga. Á fyrsta degi var mælt hitastig og sýrustig vatnsins, lífverur voru greindar sem og gróður. Nemendur gerðu grein fyrir niðurstöðum hver hópur fyrir sig. Að lokum voru gerðar tilraunir og ræktun á fræjum. Þessu lauk með könnun.



Skýrsla kennara í 8. – 9. bekk.

Tölulegar upplýsingar

Við byrjuðum veturinn með 36 nemendur og enduðum með 37 nemendur. Í 8. bekk eru 21 nemendur, 10 strákur og 11 stelpur. Í 9. bekk eru 16 nemendur, 8 strákar og 8 stelpur.

Nemendur voru samtals með 377 sinnum seint að morgni til, 216 skráða veikindadaga, 277 skráða leyfisdag og 21 stund skráða sem fjarvist. Út frá þessum tölum sjáum við að vinna þarf með stundvísi nemenda næsta vetur og leggja áherslu á að þau beri virðingu fyrir sínum tíma og annarra.

Umsjónarkennarar eru Þóra Ýr Sveinsdóttir og Úlfar Björnsson, stuðningsfulltrúi Agnes Þorleifsdóttir. Heimir Árnason sá um ensku í 9. bekk, Karl Hallgrímsson sá um dönsku hjá báðum árgöngum, íþrótt- og sundkennari var Örlygur Helgason.

Ýmsir aðrir kennarar komu síðan að valgreinakennslu.



Skipulag námsins

Í stærðfræði fékk hver og einn nemandi námeftni við hæfi og var deildarstjóri til aðstoðar við það. Frá hausti og fram að áramótum unnu nemendur í stærðfræði samkvæmt áætlanakerfinu, stig 15, 16, 17 og 18 og notuðust við námsbækurnar Átta tíu 1 - 4. Nemendur áætluðu sjálfir námsefnið yfir vikuna og við lok hverrar lotu er könnun og hvert stig endar á lokakönnun. Þetta fyrirkomulag var ekki að ganga upp, nemendum fannst námsbækurnar erfiðar aðgengis og innlagnatímar voru mjög óreglulegir og því var ákveðið að taka upp nýtt fyrirkomulag um áramót. Notast var við Almenna stærðfræði 1 og 2 sem grunnbækur og Átta tíu bækurnar með þar sem á þurfti vegna



markmiða. Námssefninu var skipt upp í þemu og lauk hverju þema með könnun, nemendur fengu vikuáætlun þar sem fram komu markmið, leiðir og námsmat. Bæði nemendum og kennurum fannst þetta aðgengilegra fyrirkomulag. Vinnusemi lagaðist í hópunum og nemendur gátu betur unnið saman þar sem hópurinn var að vinna að sömu markmiðum. Vetrinum lauk með lokakönnun þar sem kannað var upp úr helstu atriðum vetrarins.

Í íslensku byrjuðum við á að lesa Gísla sögu Súrssonar, horfðum á myndina og unnu nemendur verkefni úr köflum bókarinnar. Unnið var með bækurnar Fallorð, Sagnorð og Orðhák ásamt ýmsu ítarefni til að vinna með málfræðimarkmið vetrarinnar s. Nemendur lásu Sögueyjan 2 hluti og unnu verkefni út frá Orð af orði í tengslum við efni bókarinnar. Í kringum dag íslenskrar tungu var Mugison og textar hans kynntir til sögunnar og verkefni unnið sem flutt var síðan á kynningum í öðrum skólum. Yfir veturinn völdu nemendur sér 5 bækur sem þeir lásu og unnu síðan verkefni sem ýmist var skilað skriflega eða munnlega. Nemendur voru einnig hraðlestarprófaðir og sjá



kennarar miklar framfarir sem rekja má til aukins lesturs í vetur. Frá áramótum fengu nemendur vikuáætlun þar sem fram komu markmið, leiðir og námsmat. Vetrinum lauk síðan með lokakönnun þar sem kannað var upp úr helstu atriðum vetrarins.

Þemu vetrarins voru 4 talsins, **Krafur og hreyfing, Efnisheimurinn, kynfræðsla og samfélagsfræði**. Veturinn byrjaði á Kraftur og hreyfing, báðir árgangar fóru saman í gegnum námsefnið. Bókin var lesin, farið í gegnum kaflaverkefni og þemað endaði á lokakönnun upp úr öllu námsefninu. Þemað gekk ágætlega, það hefði átt að leggja meira upp úr tilraunum og verklegri kennslu til að vekja meiri áhuga nemenda. Einnig tók þemað langan tíma sem hafði svo áhrif á þemun sem eftir komu.

Næst var bekknum skipt í tvo hópa eftir árgöngum. 9. bekkur fór í Efnisheiminn á meðan 8. bekkur tók kynfræðslu. Báðir bekkirnir tóku fyrstu tvo kaflana í Efnisheiminum, unnu heimaverkefni og heimapróf sem tengdist síðan könnun í skóla. Of margir nemendur voru ekki virkir í þessu þema varðandi heimavinnu og hafði það því áhrif á útkomu á lokamati. Þemað hefði þurft lengri tíma svo hægt hefði verið að ná öllum þeim markmiðum sem lagt var út með. Gott væri að halda áfram með þemað næsta vetur, bæði sem upprifjun og einnig til að klára það sem vantaði upp á.

Kynfræðslan gekk ágætlega, tímarnir gengu út á að lesið var í bókinni Um stelpur og stráka, kynfræðsla og var mikil umræða í kjölfarið ásamt verkefnavinnu. Nemendum fannst eðlilega misjafnlega auðvelt að ræða þessi mál en oftast skapaðist mikil og lífleg umræða í tímunum. Þemanu lauk síðan með könnun upp úr námsefninu. Þemað og skipulagning þess gekk vel og voru nemendur jákvæðir gagnvart efninu. Tíminn sem þemað tók var vel rúmur.

Veturinn endaði á söguþema. Lesið var fyrir nemendur upp úr bókinni *Grafarþögn* eftir Arnald Indriðason og mynduð þannig tenging við stríðsárin á Íslandi. Mikil og góð umræða skapaðist í tengslum við söguna og snérist umræðan um seinni heimsstyrjöldina, aðbúnað fólks og líf þeirra á stríðsárunum á Íslandi, einnig um heimilisofbeldi, misnotkun og almennt siðferði. Í kjölfarið var horft á heimildarmynd um fangabúðirnar í Auzwitch. Síðan hófst verkefnavinnan þar sem nemendur völdu sér sjálfir viðfangsefni til að fjalla um og unnu verkefnin bæði sem einstakling og hópar. Verkefnum var skilað í formi glærusýninga, veggspjalda og ritgerða. Í lokinn voru nemendur látnir meta vinnu sína og vinnu hópsins.

Þemað gekk vel og var það áberandi hvað nemendur höfðu mikinn áhuga á þessu þema. Kennarar gengu út frá þeim punkti að verkefnin fjölluðum um atriði tengd seinni heimsstyrjöldinni en þar sem áhugasvið nemenda breyttist var ákveðið að verkefnin þyrftu ekki að vera tengd heimsstyrjöldinni. Vinnan gekk í heildina séð vel, nemendur héldu sig flesti allir vel að verki og var niðurstaðan mjög góð verkefni.

Í enskukennslu í 8. bekk var notast við bækurnar Matrix og Go for it ásamt ítarefni. Farið var yfir sex kafla í Matrix þar sem farið er yfir málfræði, lestur, skilning og ritun. Auk þess var horft á tvær kvikmyndir og verkefni unnin út frá þeim. Námsmat í ensku var svo hátt að nemendur tóku kaflakönnun eftir hverja tvo kafla ásamt því að taka sagnakannanir upp úr óreglulegum sögnum.

8. bekkur var í dönsku þrisvar sinnum í viku. Einu sinni í klukkustund, tvisvar sinnum í skemmri stund.

Danska: Efnið sem notað var í 8. bekk var Tænk lesbók, fyrri hluti bókarinn og Vinnubók 1 og nemendur voru að eins byrjaðir í Vinnubók 2. Nemendur skildu bækurnar eftir í tónmenntarstofunni þar sem hægt er að ganga að þeim í haust. Þar eru bæði lesbækur og Vinnubækur 2 hvers nemanda.

Umsjónarkennarar hópsins skiptust á að fylgja hópnum í tímana. Megintilgangurinn var að aðstoða einn nemandann við lestur. Margir nemendur stunduðu námið mjög vel og lögðu sig venjulega fram. Þrír nemendur úr hópnum tala dönskuna vel og sækja ekki tíma hópsins í dönsku. Einn þeirra sótti tíma 9. bekk. Það gekk vel. Þar er á ferðinni nemandi sem er mjög góður í dönsku, að öllu leiti. Hefur góðan orðaforða, talar reiprennandi og hefur góða þekkingu á málfræði og slíku. Svo eru tveir nemendur sem bjuggu um tíma í Danmörku og sóttu nám í VMA í dönsku. Þeir sinntu því sjálfir, stundum í sama rými og aðrir 8. bekkingar á meðan þeir voru í dönsku.

Reglan í þeim könnunum sem lögð var fyrir var að öll hjálpargögn væru leyfileg. Þær eru til á samskrá. Ég hafði hugsað mér að nota næsta vetur með þessum hópi TÆNK lesbók og Vinnubók 2. Og eftir að því efni lyki Ekko.

Við sáum tvær kvikmyndir: Vikaren og Kærlighed ved første hik og brot úr einni af framhaldsmyndum þeirrar myndar – sennilega þeirri þriðju.

Við sáum líka nokkur brot úr sjónvarpsþáttum af vef Danska ríkisútvarpsins, DR, www.dr.dk. Simons danseskole er einn þeirra þátta.

9. bekkur sótti dönsku þrisvar í viku. Einu sinni í klukkutund hinar ke.st. voru styttri. Megnið af vetrinum var TÆNK efnið sem við notuðum. Lesbókin með Vinnubók 2. Svo tók Ekko við.

Nemendur stunduðu flestir námið vel og kennslustundirnar gengu venjulega mjög vel. Þetta er hörkugóður hópur. Síðasta verkefnið sem þeir unnu var verkefni skipulagt af danska farkennaranum. Það varð eftir hjá mér til að meta það. Ég lét það gilda 5% af lokaeinkunn. Þetta var ekki nógu vel unnið hjá farkennaranum og nemendur voru ekki með allt á hreinu um það til hvers var ætlast af þeim. Við það bættist að tölvurnar okkar voru ekki nægilega hressar undir vorið þar sem þær voru orðnar fullar af verkefnum og það hafði hægt mikið á vinnslugetu þeirra. Sumir nemendur gáfust upp á því að vinna þetta verkefni almennilega. En aðrir gerðu þetta allt vel.



Við sáum tvær kvikmyndir: Vikaren og eina af framhaldsmyndum Kærlighed ved første hik – sennilega þá þriðju.

Við sáum líka nokkur brot úr sjónvarpsþáttum af vef Danska ríkisútvarpsins, DR, www.dr.dk. Líka fréttir og við lásum töluvert af fréttum af Vefnum. Við fylgdumst líka með Grand prix undankeppninni í Danmörku og stundum með danska handboltanum karla- og kvenna- og gengi íslensku fótboldamannanna í danska boltanum. (Karl Hallgrímsson)

Gæðahringir voru settir á stundaskrá einu sinni í viku og var þá miðað við að árgangarnir yrðu í sitthvoru lagi. Var kassi staðsettur í stofunni þar sem nemendur gátu komið með málefni á dagskrá, bæði undir nafni og nafnlaust, og var hann nýttur til að byrja með en svo ekki meir. Oftast voru gæðahringirnir nýttir til að vinna verkefni í tengslum við Jákvæðan aga en einnig var tíminn nýttur í umræður um hin og þessi málefni. Þetta gekk ágætlega í byrjun og voru gæðahringirnir alltaf markvissari í 9. bekk heldur en 8. Þótt að vinnan í kringum Jákvæðan aga hafa ekki skipað eins stórt hlutverk á gæðahringjum og til stóð þá nýttust tímarnir vel sem gæðastundir kennara og nemenda saman. Einnig má taka fram að hver morgun hófst á stuttum fundi með öllum



nemendahópnum þar sem farið var yfir daginn, upplýsingum komið til skila og einnig stutt mál rædd.

Stuðningur, Agnes Þorleifsdóttir var stuðningur í 8. – 9. bekk og fylgdi hópnum í alla tíma nema dönsku, íþróttir, sund og valgreinar. Gekk það mjög vel í heildina séð, helst hefði þurft að finna meiri tíma fyrir stuðningsfulltrúann til undirbúnings þar sem námsefnið verður erfiðara eftir því sem ofar kemur. Eins hefði stuðningsfulltrúinn vilja að tími væri til í lok hvers dags að setja niður, fyrir yfir daginn og ljúka kennsludeginum. Umsjónarkennarar komu til skiptis inn í dönskutíma 8. bekkjar sem stuðningur frá áramótum.

Kennsluhættir: notast var við Orð af orði, hringekjuform, innlagnir, sjálfstæða vinnu nemenda, hópavinnu, samvinnunám, þrautalausnir, gagnvirkur lestur, uppgötvunarnám, verkleg vinna og einstaklingsmiðaðir kennsluhættir.

Foreldrasamstarf og upplýsingamiðlun

Umsjónarkennarar hafa verið í góðu samstarfi við foreldra í allan vetur. Upplýsingapóstur er sendur heim á hverjum föstudegi þar sem fram koma helstu punktar varðandi vikuna sem er að ljúka og einnig varðandi það sem framundan er. Einnig var send heim vikulega ástundun nemenda. Vinnuáætlun vikunnar var sett inn í Mentor þar sem foreldrar og nemendur gátu sótt sér hana, einnig fylgdi hún stundum með í vikupóstum. Umsjónarkennarar voru ekki með auglýstan viðtalstíma í vetur og virtist það ekki koma að sök. Foreldrar eru ófeymnið við að hringja, koma eða senda tölvupóst þegar á þarf að halda. Opin vika var í febrúar og voru foreldrar boðnir velkomnir að kíkja í heimsókn voru það aðeins 2 – 3 foreldrar sem kíktu í smá stund. Kennarar hefðu mátt vera duglegri að láta vita af því sem gekk vel í skólanum og eins senda hróspósta heima.

Vettvangsferðir og uppákomur:

September: Útivistardagur að hausti – í boði voru gönguferðir, bryggjuveiði og fleira og gátu nemendur valið sér hvað þau vildu gera, gönguferð á Súgur og bryggjuveiði voru vinsælust.
Heimsókn á Amtsbókasafnið, fengum kynningu á starfsemi bókasafnsins og farið var yfir bókakostinn.
Fótboltamót grunnskóla Akureyrar

Október: 9. bekkur – kynning frá Jafnréttisstofu
8. bekkur – kynning frá Blátt áfram
Náttfata – snakk og bíódagur
Höfundar bókarinnar Carpediem komu í heimsókn

Nóvember: Dagur íslenskrar tungu
Marítafræðslan
Nemendadagurinn
9. bekkur í heimsókn í MA

Desember: Jólþemadagar
Kaffihúsaferð á Bautann í tilefni aðventunar

Janúar: ullarfatadagur í tilefni Þorrans
Námsráðgjafi með verkefni fyrir 9. bekk um sjálfsmynd og gildi

Febrúar: Spurningakeppni grunnskóla Norðurlands, lentum í 2. sæti
Heimsókn frá ungum manni til að ræða fordóma samfélagsins

Mars: Starfskynningar 8. bekkjar
Árshátíð og árshátíðarball



	8. bekkur fékk kynningu frá forvarnarfulltrúa um einelti
	9. bekkur fékk kynningu frá hjúkrunarfræðingi um ást, kynlíf, kynsjúkdóma og samskipti kynjanna
	Söngferð í miðbæinn í tilefni af kaupstaðarafmæli Akureyrarbæjar
Apríl:	Útivistardagur
	Kynning um Europass
	Fræðslufundur fyrir foreldra og nemendur um tölvunotkun
	Starfskynningar foreldra
Maí:	Forvarnarsýningin <i>Hvað ef</i>
	Afmælishátíð Akureyrarbæjar
	Unicef dagurinn
	Vorþema
	Vorhátíð
	Útivistardagur

Námsmat

Stærðfræði: Fram að jólum voru kannanir við loks hvers þreps og lokapróf hvers stigs. Eftir áramót skiluðu nemendur sjálfsprófum, kannanir voru við lok hvers þema og síðan lokapróf að vori. Árangur skráður jafnóðum inn í verkefnabók í Mentor og sýnilegur foreldrum. Kannanir voru einnig settar inn í matsmöppuna fyrir foreldra að skoða.

Íslenska: Kannanir voru lagðar fyrir eftir að farið hafði verið í ákveðinn markmiðapakka, t.d. fornaðakönnun, lýsingarorða- og sagnorðakönnun. Endað var á lokaprófi þar sem kannað var upp úr helstu atriðum vetrarins. Hraðlestrarpróf voru lögð fyrir tvisvar sinnum yfir veturinn, í janúar og maí. Nemendur lása skáldsögur í vetur að eigin vali og skiluðu verkefnum skriflega og munnlega. Nemendur unnu einnig verkefnapakka í kringum Gísla sögu og Sögueyjuna sem þeir skiluðu til kennara. Árangur skráður jafnóðum inn í verkefnabók í Mentor og sýnilegur foreldrum. Kannanir voru einnig settar inn í matsmöppuna fyrir foreldra að skoða.

Enska: Nemendur skiluðu inn verkefnum úr köflunum, kaflakannanir voru eftir hverja tvo kafla og einnig tóku nemendur sagnakannanir. Árangur skráður jafnóðum inn í verkefnabók í Mentor og sýnilegur foreldrum. Kannanir voru einnig settar inn í matsmöppuna fyrir foreldra að skoða.

Þemu: Kannanir lagðar fyrir, heimapróf og heimaverkefni. Einnig skiluðu nemendur verkefnum í formi glærusýninga, veggspjalda, myndbandagerð og ritgerða.

Vinna í teyrum

Teymið samanstóð af Þóru Ýri, Úlfari og Agnesi. Teymið vann vel saman en þó hefði mátt halda betur utan um teymisfundina, þ.e.a.s. hafa formlega teymisfundi með reglulegu millibili. Teymið hafði fasta fundartíma þrisvar í viku sem nýttir voru til skipulags og spjalls, voru þessir tímar nýttir vel þótt það væri með óformlegum hætti.

Endurmenntun

Endurmenntun okkar fólst meðal annars í fræðslu um Orð af orði, Numicon, stærðfræðikennslu, námsmat og matsmöppur, lestur ýmissa fræðigreina ásamt námskeiðum sem sótt voru yfir veturinn.

Niðurstöður úr foreldrakönnunum

Foreldrar eru yfirhöfuð ánægðir með skólann og segja að börnunum þeirra líði vel í skólanum. Þeim finnst kennarar og annað starfsfólk koma fram við börnin þeirra af viðringu og telja að metnaður kennara sé mikill. Foreldrar eru sammála um að árangur barna þeirra sé í samræmi við væntingar þeirra og að skólinn komi til mót við þarfir



barnanna. Einnig segjast flestir hafa gott yfirlit yfir nám og námsstöðu barns síns, heimavinna sé hæfilega mikil og upplýsingastreymið frá skólanum gott. Það sem þarf að skoða og bæta er að hafa meira samband heim, sérstaklega þegar vel gengur. Einnig kom fram að foreldrar telja sig ekki alltaf vita hvernig þeir geti aðstoðað börnin sín og þekki ekki viðfangsefnin.

Hvað hefur gengið vel í vetur og hvað má betur fara

Í upphafi vetrar voru umsjónarkennarar örlítið uggandi yfir því hvernig tækist að hrista þessa tvo árganga saman og mynda einn góðan hóp. Voru þessar áhyggjur óþarfar þar sem frá upphafi gekk blöndunin vel og styrktist eftir því sem leið á veturinn. Bekkjarbragurinn sem slíkur var mjög góður og nemendum virtist líða vel hjá okkur. Iðju- og þroskajálfrar komu inn til aðstoðar og skilaði sú aðstoð góðum árangri. Teyminu gekk vel að skipuleggja námið í kringum þarfir allra og er gaman að sjá árangurinn af þeirri vinnu. Teymisvinnan hjá 8. – 9. bekk gekk mjög vel og var góður andi í hópnum sem skilaði sér út í nemendahópinn og hafði góð áhrif. Umsjónarkennarar og stuðningsfulltrúi voru duglegir að hrósa nemendum í skólanum en hefðu máttvera duglegri að koma því heim til foreldra líka. Eins hefði mátt láta vita betur af því sem vel gekk í skólanum. Innlagnar- og umræðutímar hefðu mátt vera oftar og reglulegar í vetur.

Skýrsla náms- og starfsráðgjafa

Aðalheiður Skúladóttir náms- og starfsráðgjafi er í 55% starfi námsráðgjafa við Naustaskóla.

Námsráðgjöfin er öllum opin jafnt nemendum sem foreldrum. Námsráðgjafi hefur ekki fastan viðtalstíma heldur eru viðtöl bókuð skv. samkomulagi. Viðvera námsráðgjafa er alla daga frá 8-16. Námsráðgjafi er trúnaðarmaður nemenda og er bundinn þagnarskyldu. Hann vinnur skv. starfslýsingu fyrir námsráðgjafa sem starfa við grunnskóla Akureyrar http://skoladeild.akureyri.is/static/files/starfslýsingar/starfslýsing_namsradgjafar_2001.pdf Helstu verkefni námsráðgjafa eru m.a.:

- að veita nemendum ráðgjöf varðandi nám, námstækni, námsvenjur, félagsleg- og persónuleg vandamál
 - að auka skilning nemenda á eigin stöðu þannig að þeir meti raunhæfan máta möguleika varðandi nám og störf.
 - að aðstoða nemendur við að gera sér grein fyrir áhugasviðum og hvetja þá til sjálfsábyrgðar og stefnufestu.
 - að safna og miðla upplýsingum um nám og störf og að undirbúa nemendur undir flutning milli skóla og/eða skólastiga.
 - að hjálpa nemendum við að leita sér aðstoðar innan og utan skólans.
- Námsráðgjafi situr í nemendaverndarráði skólans.

Forvarnir

Nemendur í 1. bekk fengu fræðslu frá náms- og starfsráðgjafa og hjúkrunarfræðingi um kynferðislegt ofbeldi, nemendur komu í litlum hópi inn til hjúkrunarfræðings þar sem lesin var fyrir þau saga og rætt um hana. Nemendur í 2. bekk fóru á brúðuleikhússýningu á vegum Blátt áfram þar sem tekið var á ofbeldi jafnt líkamlegu og kynferðislegu, bekkjarkennarar, náms- og starfsráðgjafi auk hjúkrunarfræðings skólans voru viðstaddir sýninguna sem fram fór í Naustaskóla 3. bekkur fékk síðan að sjá teiknimyndina Leyndarmálið og vinna verkefni í tengslum við hana en myndin tekur á kynferðisofbeldi. Náms- og starfsráðgjafi auk hjúkrunarfræðings skólans sáu um



fræðsluna. 7, 8 og 9. bekkur fengu fræðslu um kynferðislegt ofbeldi en konur frá Aflinu komu og sögðu frá sinni reynslu, auk þess sem eldri nemendur fóru í Hof og fengu fræðslu um kynferðisofbeldi og forvarnarfræðslu tengda vímuefnum. Viðstödd var náms- og starfsráðgjafi skólans. Foreldrum var boðið upp á að sjá eineltismyndband sem margir sáu.

Nýir nemendur

Ég hef reynt að hitta nýja nemendur og fylgst með hvernig félagsleg tengsl þeirra þróast í nýjum skóla.

Annað

Náms- og starfsráðgjafi fór inn í alla bekki í haust og kynnti sig og sín störf. Allir nemendur skólans fengu starfsfræðslu. Nemendur í 1-5. bekk unnu verkefni tengd því en 6.-9. bekkur fóru í heimsóknir og unnu verkefni. 6-7. bekkur fór í vinnustaðaheimsókn saman í hóp. 8. bekkur fékk að velja sér starf til að kynna sér betur og var mætt þörfum hvers og eins eins nemenda.

9. bekkur vann síðan verkefni tengt draumastarfinu. Nemendur í 8-9. bekk fengu síðan kennslu í námstækni og skipulagi. Margir nemendur í elstu bekkjum komu síðan einstaklingslega til námsráðgjafa og gerðu sér tímaskipulag og verklagsáætlun. Allir nemendur í 8. bekk fengu bókina Námstækni að gjöf. Mikið var unnið að samskiptamálum og unnið var í þreumur eineltismálum í vetur sem virðast í góðum farvegi. Tengslakannanir voru lagðar tvisvar sinnum fyrir í hverjum bekk og unnið úr þeim eins og hægt var. Námsráðgjafi sá um það og kynnti niðurstöður fyrir umsjónarkennurum.

Námsráðgjafi sat marga fundi með námsráðgjöfum grunnskóla Akureyrarbæjar. Þeir eru einkum nýttir til að samræma fræðslu og deila verkefnum og reynslu. Komið hefur verið upp sameiginlegu svæði þar sem safnað er saman verkefnum. Einnig sat ég fundi með forvarnarfulltrúa og þeim er koma að félagsmiðstöðvum bæjarins. Einnig sat námsráðgjafi fundi í valgreinanefnd og í nefnd sem skipup var til að ákvarða hvernig best væri að mæta nýbúum þegar deildinni í Oddeyrarskóla verður lokað næsta haust. Skólaárið 2011-2012 voru 71 einstaklingar í viðtölum, drengir 43 og stúlkur 28, auk þess voru þó nokkrir hópar sem námsráðgjafi hitti og vann með og þá aðallega samskiptavandamál. Heildarfjöldi viðtala var 416 við nemendur auk þess sem námsráðgjafi átti 133 viðtöl við foreldra nemenda bæði hvað varðar ráðgjöf og upplýsinga viðtöl.

Kennsla

Námsráðgjafi var í heimilisfræðikennslu á móti og gekk það ekki nægjanlega vel þar sem námsráðgjafi var oft á fundum eða í öðrum störfum þegar að kennsla var.

Námsráðgjafi hefur átt mikið og gott starf í vetur við kennara og stjórnendur skólans. Vegna veikinda var námsráðgjafi frá vinnu alveg í 6 vikur og í skertu starfi rétt þar á eftir.



Mat á skólastarfinu

Vorið 2012 var mikill breytingatími í Naustaskóla. Um vorið þurfti að ráða 20 nýja starfsmenn, búnaðarkaup fyrir nýjan hluta húsnæðisins tóku sinn tíma o.fl. Þar af leiðandi gafst frekar lítil tími til að leggjast í mikla greiningar- og matsvinnu. Engu að síður var yfir veturinn rýnt í ýmis gögn sem safnað var og teknar ákvarðanir með hliðsjón af þeim. Þessi gögn voru t.d. eftirfarandi:

- Gögn úr mentor.is, t.d. yfirlit yfir mætingar og forföll nemenda og starfsmanna, námsmatsgögn o.fl.
- Niðurstöður samræmdra prófa í 4. og 7. bekk
- Niðurstöður starfsmannasamtala.
- Minnispointar / matspointar frá kennarateymum í júní 2012.
- Spurningakönnun meðal foreldra.
- Niðurstöður úr læsisprófum í 1.-3. bekk
- Niðurstöður úr Skólapúlslinum, könnun meðal nemenda í 6.-9. bekk.
- Matslisti um námssamfélag, lagður fyrir kennara skólans á vorönn.
- SVÓT greining starfsmanna í júní 2012.

Drjúgan hluta þessara gagna má finna á heimasíðu skólans á slóðinni

http://www.naustaskoli.is/page/matsgogn_skyrslur

Almennt mat og umbótatillögur

Í heildina tekið má lesa ánægju með skólann út úr því mati sem framkvæmt hefur verið meðal foreldra, nemenda og starfsmanna. Í könnun meðal nemenda í 6.-9. bekk, Skólapúlslinum komu ennfremur í ljós ótvíræðir styrkleikar hjá skólanum hvað varðar t.d. þátttöku nemenda í kennslustundum, að þeir fái að ræða um nám sitt og tjá skoðanir sínar o.m.fl. Eins og fram kom hér að framan gafst ekki tími til að setja taka fram heildstætt mat fyrir árið en með hliðsjón af gögnum var gengið út frá því að eftirfarandi væru þeir þættir sem þyrfti að leggja áherslu á að bæta á næsta skólaári:

Námsaðlögun:

- Bæta þarf enn frekar yfirsýn foreldra varðandi námsstöðu nemenda. Þetta þarf að gera með aukinni notkun námsmarkmiða, birtingu markmiðanna og stöðu nemenda miðað við sett markmið á mentor.is. Aukin tíðni skila á námsmóppum og söfnun verkefna og gagna í þær þannig að þær gefi foreldrum greinargóðar upplýsingar um það nám sem fram fer og stöðu nemenda.
- Vinna þarf að innleiðingu nýrrar aðalnámskrár grunnskóla. Það snýr að vinnu með grunnþætti menntunar, lykilhæfniþætti og vinnu að markmiðasetningu og gerð hæfniviðmiða skv. nýjum greinanámskrám.
- Varðandi endurmenntun verði unnið skv. endurmenntunaráætlun og áhersla að mestu lögð á sömu þætti og á undanförunum misserum þ.e. námsmat, Jákvæðan aga, námsaðlögun, Byrjendalæsi, Orð af orði, vinnu í teymi og mótun námssamfélags.

Athvarf:

- Skipuleggja þarf skólalóð með tilliti til leikja og kenna nemendum að nýta sér hana betur.
- Nýta þarf gæðahringi enn betur til að kenna nemendum að leysa ágreiningsmál og styrkja þá til að finna lausnir á málum.
- Hrinda þarf í framkvæmd áformum um vinabekki.

- Vinna þarf að nánari útfærslu á því stefnumiði skólans að „skólinn sé miðstöð hverfisins“ enda gefa samkomusalur og mötuneyti aukna möguleika í þeim efnum.
- Endurskoða þarf áhættumat fyrir vinnustaðinn skv. lögum og reglum um vinnuvernd m.t.t. stækkunar húsnæðisins.

Umhyggja og virðing:

- Enn frekari þjálfun þarf fyrir starfsmenn um Jákvæðan aga, þjálfun í notkun bekkjarfunda, vinna þarf að aukinni samstöðu um gildi, viðhorf og framkomu við nemendur.
- Móta þarf formlegar skólareglur fyrir skólann þar sem kveðið er á um viðbrögð við óæskilegri hegðun.
- Sótt um að skólinn „komist á græna grein“, sett á stofn umhverfisnefnd og hafin vinna að því að öðlast Grænfánann.

Samvinna:

- Foreldrar séu hvattir enn frekar til að mæta í skólann og kennarar gefi þeim tækifæri til þátttöku í skólastarfinu, sérstaklega í kennslustundum.
- Halda áfram þjálfun í vinnubrögðum teymisvinnu, nýta þá leiðtogaþæfileika sem finnast í starfsmannahópnum til forystu í ákveðnum verkefnum.
- Halda áfram mótun námssamfélags skv. framkvæmdaáætlun þar um.
- Stofnsetja starfsteymi vegna agastefnu, námskrárgerðar, umhverfisstefnu o.fl.
- Tryggja þarf að starfsmannafundir nýtist til að miðla upplýsingum um nemendur til allra sem þær þurfa.

Táp og fjör:

- Útikennslutími festur á kennsluskipulag hvers námshóps.
- Sérgreinakennarar vinni með kennsluteymum að ákveðnum þemaverkefnum.
- Nemendaráð styrkt enn frekar í starfi, námsráðgjafi taki við umsjón með störfum nemendaráðs – tengsl við félagsmiðstöð efla og komið á auknu félagsstarfi fyrir miðstignemendur.





Viðauki, sýnishorn af stundaskrá og fréttabréf skólaársins

STUNDASKRÁIN MÍN – 1. bekkur

NÁMSAÐLÖGUN - ATHVARF - UMHYGGJA – SAMVINNA - TÁP OG FJÖR - ALLIR MED

Klukkan		Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
7:45 – 8:10		Næðisstund	Næðisstund	Næðisstund	Næðisstund	Næðisstund
8:10 - 8:20	10	Umsjón	Umsjón	Umsjón	Umsjón	Umsjón
8:20 – 8:40	20	Samvera	Bekkjartími	Bekkjartími	Bekkjartími	Bekkjartími
8:40 – 9:25	45	Bekkjartími	Bekkjartími	Bekkjartími	Bekkjartími	Bekkjartími
9:25 - 9:30	5	Hressing	Hressing	Hressing	Hressing	Hressing
9:30 - 9:55	25	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
9:55 - 10:45	50	Bekkjartími	Bekkjartími	Bekkjartími	Bekkjartími	Bekkjartími
10:45 - 11:45	60	Tónmennt Bekkjartími	Bekkjartími	Íþróttir Laugargötu Sótt 10:35 koma 12:05	Úti-íþróttir 11.15-11:45	Bekkjartími
11:45 - 12:15	30	MATUR	MATUR	MATUR	MATUR	MATUR
12:15 - 13:15	60	Bekkjartími	Bekkjartími	Bekkjartími	Bekkjartími	Sund – Sverðfiskar sótt kl.11:50 koma kl. 13.10 Sund – Gullfiskar sótt kl. 12.20 koma kl. 13.40 Sund – Flugfiskar sótt kl. 12:50 koma kl. 14:10



STUNDASKRÁIN MÍN 2.-3. BEKKUR

NÁMSAÐLÖGUN – ATHVARF – UMHYGGJA – SAMVINNA – TÁP OG FJÖR – ALLIR MEÐ!



		MÁNUDAGUR	ÞRIÐJUDAGUR	MÍÐVIKUDAGUR	FIMMTUDAGUR	FÖSTUDAGUR
7:45-8:10	25	Næðisstund	Næðisstund	Næðisstund	Næðisstund	Næðisstund
8:10-8:40	30	Umsjón	Umsjón	Umsjón	Umsjón	Umsjón
8:40-9:00	20	Vinnustund	Vinnustund	3. b. íþróttir 8:40-10:10 / Vinnustund	Vinnustund	Vinnustund
9:00-9:25	25	Vinnustund	Vinnustund	3. b. Íþróttir 8:40-10:10 / Vinnustund	Vinnustund	Vinnustund
9:25-9:30	5	Hressing	Hressing	Hressing	Hressing	Hressing
9:30-9:55	25	Fríminútur	Fríminútur	Fríminútur	Fríminútur	Fríminútur
9:55-10:20	25	Vinnustund	Vinnustund	2. b. íþróttir 9:30-11:00 / Vinnustund	Vinnustund	Vinnustund
10:20-10:45	25	Vinnustund	Vinnustund	2. b. íþróttir 9:30-11:00 / Vinnustund	Vinnustund	Vinnustund
10:45-11:10	25	Vinnustund	Vinnustund	2. b. íþróttir 9:30-11:00 / Vinnustund	Vinnustund	Vinnustund
11:10-11:45	35	Sund 3. bekkur Hópur 1: 11:20–12:40Hópur 2: 11:50–13:10	Gæðahringur	Vinnustund	Gæðahringur	Gæðahringur
11:45-12:15	30	MATUR	MATUR	MATUR	MATUR	MATUR
12:15-12:45	30	Sund 2. bekkur Hópur 1: 12:20-13:40 Hópur 2: 12:50-14:10 Hópur 3: 13:20-14:40	Smiðja A: tón D: mynd B: smí/hand E: heim C og F: íþr	Vinnustund	Smiðja A og D: íþr B:tón C: smí/hand E:mynd F: heim	Smiðja A: smí/hand B og E: íþr D: heim C: tón F: mynd
12:45-13:15	30			Gæðahringur		



Netföng umsjónarkennara

Gyða Björk Aradóttir

Jóna Hjaltadóttir

J. Freydís Þorvaldsdóttir

Yrsa Hörn Helgadóttir

gydabjork@akmennt.is

jonah@akmennt.is

jft@akmennt.is

yrsa@akmennt.is



Naustaskóli

Read-Error

STUNDASKRÁIN MÍN 4.-5. bekkur

Námsaðlögun - Athvarf - Umhyggja - Samvinna - Táp og fjör - Allir með

		MÁNUDAGUR	ÞRIÐJUDAGUR	MIÐVIKUDAGUR	FIMMTUDAGUR	FÖSTUDAGUR
7:45-8:10	30	Næðisstund	Næðisstund	Næðisstund	Næðisstund	Næðisstund
8:10-8:20	10	Umsjón	Umsjón	Umsjón	Umsjón	Umsjón
8:20-9:25	45	Bekkartími	Bekkjartími	Bekkjartími	Samvera	Bekkjartími/Sund
					Bekkjartími	
9:25-9:30	15	Hressing	Hressing	Hressing	Hressing	Hressing
9:30-9:55	25	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
9:55-10:40	45	Bekkjartími	Bekkjartími	Bekkjartími	Bekkjartími	Bekkjartími/Sund
10:40-10:45	5	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
10:45-11:15	30	Bekkjartími	Smiðja	Bekkjartími	Bekkjartími	Smiðja
11:15-11:45	30					
11:45-12:15	40	MATUR	MATUR	MATUR	MATUR	MATUR
12:15-12:45	30	Smiðja	Bekkjartími	Smiðja	Íþróttir 12.30-13.20	Bekkjartími
12:45-13:15	30					
13:15-13:20	5	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
13:20-14:20	60		Smiðja	Bekkjartími 13.20-13.50		



Námsaðlögun – Athvarf – Umhyggja - Samvinna - Táp og fjör - Allir með

MÁNUDAGUR		ÞRIÐJUDAGUR	MÍÐVIKUDAGUR	FIMMTUDAGUR	FÖSTUDAGUR
7:45-8:10	30	Næðisstund	Næðisstund	Næðisstund	Næðisstund
8:10-8:20	10	Umsjón	Umsjón	Umsjón	Umsjón
8:20-8:40	20	Gæðahringur	Íslenska	Samvera	Gæðahringur
8:40-9:25	45	Íslenska Sund 7. bekkur Fer 9:16 til baka 10:10	Íslenska	pema	Ísl./stæ. hringekja
9:25-9:30	5	Hressing	Hressing	Hressing	Hressing
9:30-9:55	25	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
9:55-10:40	45	Stærðfræði Sund 6. bekkur A Fer 9:46 til baka 10:40	Stærðfræði	Stærðfræði	Ísl./stæ. hringekja
10:40-10:45	5	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
10:45-11:15	30	Stærðfræði	Danska 7. bekkur	Danska 7. bekkur	Smiðja
11:15-11:45	30	Sund 6. bekkur B Fer 10:16 til baka 11:10	Enska 6. bekkur	Enska 6. bekkur	
11:45-12:15	40	MATUR	MATUR	MATUR	MATUR
12:15-12:45	30	Smiðja	Smiðja	Enska 7. bekkur Stærðfræði 6. bekkur	Ísl./stæ. hringekja
12:45-13:15	30				
13:15-13:20	5	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
13:20-14:20	60		Enska 7. bekkur Íslenska 6. bekkur	Íþróttir Fer 13:10 til baka 14:30	

Umsjónarkennarar: Ása Katrín Gunnlaugsdóttir
Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson
Sigurlaug Jónsdóttir

netfang: asakatrín@akmennt.is
netfang: gunnthor@akmennt.is
netfang: sigurlaug@akmennt.is

Viðtalstími: Samkomulag
Viðtalstími: Samkomulag
Viðtalstími: Samkomulag

Klukkan	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
08:10 - 08:20	Umsjón 8.-9.	Umsjón 8.-9.	Umsjón 8.-9.	Umsjón 8.-9.	Umsjón 8.-9.
08:20 - 08:40	Stæ / 9. sund (8:10 - 9:45)	Ens 8 / dan 9	Gæðahringur	Samvera	Ens 9 / dan 8
08:40 - 09:25	Stæ / 8. sund (8:46 - 9:40)	Ens 8 / dan 9	Íslenska	Stærðfræði	Ens 9 / dan 8
09:25 - 09:55					
09:55 - 10:40	Stærðfræði	Ens 9 / dan 8	Ens 9 / dan 8	Ens 8 / dan 9	Ens 8 / dan 9
10:45 - 11:15	Íslenska	Smiðja	Þema	Íslenska	Útiþróttir
11:15 - 11:45	Íslenska	Smiðja	Þema	Íslenska	Útiþróttir
11:45 - 12:15					
12:15 - 13:15	Smiðja	Stærðfræði	Smiðja	Þema	Klárutími
13:20 - 14:00				Þema	13:30 - 14:00 starfsmanna- fundur
14:00 - 15:00				Íþróttir 14:20-15:10	
15:00 - 16:00					

Viðtalstímar umsjónarkennara: eftir samkomulagi



Fréttabréf Naustaskóla

7. tölublað, 4. árgangur, 17. ágúst 2011

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Lykilorð í mentor

Vanti foreldra ný lykilorð í mentor er hægt að fá þau send beint af vefsíðu mentor.is með því að slá inn kennitölu viðkomandi. Einnig er hægt að snúa sér til ritara skólans.

Fjöldi nemenda:

Innritaðir nemendur skiptast þannig á árganga:

1. bekkur: 30 nem.
2. bekkur: 31 nem.
3. bekkur: 37 nem.
4. bekkur: 31 nem.
5. bekkur: 29 nem.
6. bekkur: 28 nem.
7. bekkur: 21 nem.
8. bekkur: 20 nem.
9. bekkur: 16 nem.

Alls 243 nemendur

Íþróttakennsla

Ætlunin er að kenna íþróttir alfarið úti fyrstu vikunnar meðan veður leyfir. Því er að sjálfsgöðu afar mikilvægt að nemendur séu vel klæddir til útiveru.

Verkfall?

Ef svo illa vill til að verkfall leikskólakennara skellur á þann 22. ágúst mun það væntanlega hafa þau áhrif að Frístund Naustaskóla verður lokað uns verkfalli lýkur og því ekki hægt að bjóða upp á síðdegisgæslu fyrir nemendur.

Kæra skólasamfélag

Þriðja starfsár Naustaskóla hefst með skólaetningu mánudaginn 22. ágúst. Undanfarin tvö haust höfum við hafið skólastarfið með viðtölum nemenda, foreldra og umsjónarkennara en nú munum við breyta til og hafa viðtölin seint í september. Undantekning frá þessu er hvað varðar nemendur í 1. bekk þar sem foreldrar hafa nú þegar fengið senda viðtalstíma fyrir skólaetningardaginn. Þessi breyting er gerð að frumkvæði skólaráðs Naustaskóla með það að markmiði að viðtölin nýtist enn betur til markmiðssetninga og umræðna um nám nemenda þegar skólastarfið er komið nokkuð af stað. Nánari upplýsingar um skólaetninguna er að finna á bls. 2. Eins og sjá má hér til hliðar hefur fjölgað töluvert hjá okkur frá fyrra ári og reyndar fjölgað nemendum alltaf nokkuð umfram það sem áætlanir gera ráð fyrir. Þegar þetta er skrifað eru 243 nemendur innritaðir í skólann sem nær nú upp í 9. bekk. Starfsfólki hefur auðvitað fjölgað að sama skapi og eru starfsmenn skólans nú orðnir alls 40 talsins. Við bjóðum nýja nemendur, foreldra og starfsmenn að sjálfsgöðu velkomna til samstarfs og væntum þess að eiga gott og farsælt samstarf í vetur og um ókomin ár.

Með von um farsæla skólabyrjun og að lífið verði sem endranær dásamlegt í Naustaskóla veturinn 2011-2012.

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Nýir starfsmenn

Nokkrir nýir starfsmenn bætast í hópinn í haust. Nýir kennarar eru Gyða Björk Aradóttir, Jóna Hjaltadóttir, Úlfar Björnsson og Valdís Rut Jósavinsdóttir. Nýir skólaliðar / stuðningsfulltrúar eru Auður Guðný Yngvadóttir, Daníel Örn Einarsson og Ingibjörg Ósk Hannesdóttir. Þá hafa orðið mannbreytingar í eldhúsi Naustatjarnar þar sem komin eru til starfa Sigurgeir Ólafsson matreiðslumaður og Berglind Sigurðardóttir aðstoðarmatráður. Verið velkomin!

Undirbúningur starfsmanna

Síðustu daga hafa starfsmenn skólans verið í óðaönn að undirbúa sig fyrir starfið framundan. Auk hefðbundins undirbúnings hafa starfsmenn hlotið margskonar fræðslu sem án efa á eftir að nýtast okkur vel í vetur. Má þar nefna að kennarar sátu námskeið um notkun Numicon stærðfræðiefnis, skólaliðar hafa sótt námskeið um samskipti nemenda og starfsfólks, leiki með nemendum o.fl., starfsmenn hafa fræðst um sköpun í skólastarfi, vinnu í teymum og svo sátu kennarar og stuðningsfulltrúar eins og hálfs dags námskeið um Jákvæðan aga. Þar fengum við fyrirlesara frá Bandaríkjunum, Teresu LaSala, sem við höfum grætt mikið á og erum við nú töluvert öruggari en áður um ýmsa þætti stefnunnar og skrefin við innleiðingu hennar. Myndin hér að ofan er einmitt frá námskeiðinu þar sem starfsmenn fengu að reyna á eigin skinni mörg þau verkefna sem ætlunin er að vinna með börnunum í vetur. En þó að undirbúningsdögunum sé nú að ljúka og kennsla að hefjast erum við hvergi nærri hætt að læra því að næstu vikunnar munum við fá aðstoð frá Miðstöð skólaþróunar HA við innleiðingu kennsluaðferðarinnar Orð af orði og eflingu stærðfræðikennslu í skólanum. Þar að auki eru starfsmenn svo duglegir að sækja ýmis námskeið og endurmennta sig á eigin spýtur. Við erum því full af þrótti og áhuga og tilbúin í slaginn :)





Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Ágúst 2011

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
21	22 Skólasetning Frístund opnar (ef ekki kemur til verkfalls leikskóla- kennara)	23 Kennsla hefst skv. stundaskrá Lasagna, hrísgrjón og kartöflur	24 Plokkfiskur og rúg- brauð	25 Svínakjöt í súrsætri, hrísgrjón og salat	26 Kartöflumauksúpa og brauð	27
28	29 Soðinn fiskur, kartöflur, salat og tómatsósa	30 Íslensk kjötsúpa	31 Fiskur í raspi, salat og hrísgrjón	1. september Hakkréttur, kartöflustappa og salat	2 Grjónagrautur, brauð og álegg	

Skólasetning

Skólasetning í Naustaskóla verður mánudaginn 22. ágúst. Nemendur mæti á eftirfarandi tímum:

kl. 10:00 2.-3. bekkur

kl. 10:30 4.-5. bekkur

kl. 11:00 6.-7. bekkur

kl. 11:30 8.-9. bekkur

Nemendur í 1. bekk og forráðamenn eru boðaðir í viðtöl á skólasetningardaginn, tölvupóstur með viðtalstímum hefur verið sendur út.

Á skólasetningunni hitta nemendur umsjónarkennara, fá stundaskrá og fræðast um starfið í vetur. Foreldrar eru velkomnir og **við mælumst sérstaklega til þess að foreldrar nýrra nemenda í skólanum fylgi sínum börnum.**

Kennsla hefst skv. stundaskrá þriðjudaginn 23. ágúst.

Ársskýrsla 2010-2011

Ársskýrsla skólans fyrir skólaárið 2010-2011 er nú komin á vefinn. Í henni má finna helstu upplýsingar um annað starfsár skólans en auk þess inniheldur hún gróft mat á því hvernig til tókst og nokkrar tillögur um hvernig gera má enn betur í framtíðinni.

Gleðilegt nýtt skólaár!!

Skráningar / námsgagnagjald

Foreldrar eru minntir á að fylla út skráningarform sbr. tölvupóst sem sendur var út 8. ágúst sl. Þar er um að ræða skráningu úr mat ef nemandinn mun ekki nýta mótuneyti, skráningu í ávaxtaáskrift, upplýsingar um tengilið í neyðartilfellum o.fl. Þeir sem eiga eftir að fylla þetta form út geta nálgast það á slóðinni:

<http://www.surveymonkey.com/s/skraningar>

Svo minnum við þá sem enn hafa ekki greitt námsgagnagjaldið að gera það hið fyrsta eða í síðasta lagi á skólasetningardaginn. Gjaldið er 3600 kr. fyrir nemendur í 1.-3. bekk en 4000 kr. fyrir nemendur í 4.-9. bekk og greiðist inn á reikning 0159-15-200070, kt. 070372-5099.



Naustaskóli - símaskrá

460 4100 Aðalnúmer

460 4111 Frístund

460 4110 Fífilbrekka - leikskóladeild

460 4101 Skólastjóri beinn sími

460 4102 Deildarstjóri beinn sími

460 4106 Námsráðgjafi

460 4112 Skólahjúkrunarfræðingur

460 4103 Kaffistofa

460 4105 Vinnustofa kennara 6.-9.b

460 4109 Vinnustofa kennara 4.-5.b

460 4115 Vinnustofa kennara 1.-3.b

460 4119 Fax





Fréttabréf Naustaskóla

8. tölublað, 4. árgangur, 1. september 2011

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Forföll og leyfi

Foreldrar geta sjálfir skráð inn forföll barna sinna á mentorvefnum. Athugið hins vegar að sú skráning er eingöngu ætluð til að skrá veikindaforföll en ekki leyfisbeiðnir. Nauðsynlegt er að veikindaforföll séu tilkynnt inn í mentor eða með símtali að morgni, hvern þann dag sem nemandi er forfallaður. Umsjónarkennarar og ritari veita leyfi til 1-2 daga en ef um beiðni til lengri tíma er að ræða eru foreldrar beðnir um að hafa samband við skólastjóra eða deildarstjóra.

Farartæki nemenda

Nemendum er heimilt að koma á reiðhjólum í skólann frá 7 ára aldri. Hjólin eru alfarið á ábyrgð nemenda og forráðamanna þeirra, einnig er það á ábyrgð foreldranna að nemendur noti öryggishjál. Umferð reiðhjóla á skólalóðinni á skólatíma er ekki leyfð en við ætlum að gera tilraun með að leyfa notkun þeirra á ófrágengnu svæði norðan skólans. Leyfilegt er að nota línuskauta, hlaupahjól og hjólabretti á göngustígum lóðarinnar en þau tæki eru einnig á ábyrgð nemenda og forráðamanna sem og notkun nauðsynlegs hlífðarbúnaðar.



Kæra skólasamfélag

Skólastarfið er nú komið vel af stað og er þetta afskaplega ánægjuleg skólabyrjun hjá okkur. Ekki er annað að sjá en að bæði börn og fullorðnir mæti vel stemmdir til leiks og fyrstu dagarnir gefa góð fyrirheit um árangursríkt skólaár. En við erum auðvitað bara rétt að byrja skólaárið, það verður mikið um að vera hjá okkur í september og ekki síst er töluverðar þátttöku vænst af foreldrum með morgunfundum, skólafærninámskeiði, aðalfundi Foreldrafélagsins og svo viðtölum í lok mánaðarins. Það er afar mikilvægt að við fáum góða mætingu á þessa viðburði, þannig verða allir vel með á nótunum og auk þess fá börnin okkar þá skýr skilaboð um að þeirra daglega starf í skólanum skipti miklu máli. Við öll sem að skólanum stöndum þurfum að vera samstíga í því að halda áfram að byggja upp góðan og öflugan skóla og styðja hvert annað í því verki. Þannig verður lífið án efa dásamlegt í Naustaskóla enn sem fyrr!

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Morgunfundir

Í næstu viku, dagana 5.-9. september, verða morgunfundir fyrir foreldra. Þar er um að ræða kynningu fyrir foreldra á starfi barnanna í skólanum, helstu kennsluáðferðum sem notaðar eru, stefnu varðandi heimanám og hlutverk foreldra í þeim efnum, framsetningu námsmats o.fl. auk þess sem tækifæri gefast til umræðna og fyrirspurna. Fundirnir verða kl. 8:10-9:10 að morgni, nemendur mæta einnig á sama tíma og venjulega þessa daga. Fundirnir verða sem hér segir:

- **2.-3. bekkur miðvikudaginn 7. september kl. 8:10**
- **4.-5. bekkur föstudaginn 9. september kl. 8:10**
- **6.-7. bekkur þriðjudaginn 6. september kl. 8:10**
- **8.-9. bekkur mánudaginn 5. september kl. 8:10**

Mikilvægt er að fulltrúar frá öllum nemendum mæti á fundina!

Skólafærninámskeið

Skólafærninámskeið er sérstaklega ætlað fyrir foreldra þeirra barna sem eru að hefja sitt grunnskólanám. Námskeið af þessu tagi eru haldin árlega fyrir foreldra nýnema en markmiðið með þeim er að fræða foreldra um skólann okkar og grunnskólakerfið almennt, hvað það þýðir að eiga barn í grunnskóla, hvað þurfi helst að hafa í huga, hvaða þjónusta og aðstoð er í boði o.s.frv. Námskeiðið þetta árið verður samsagt haldið

miðvikudaginn 7. september kl. 17:30-20:00

Dagskrá þess verður sem hér segir:

- Að byrja í grunnskóla - hvað þýðir það fyrir börnin okkar?
- Grunnskólakerfið á Íslandi - yfirlit og upplýsingar
- Naustaskóli / starfshættir / agastefna / kennsluáðferðir o.fl.
- Samskipti heimila og skóla / upplýsingamiðlun - mentorkerfið o.fl.
- Foreldrafélag / skólaráð / stoðþjónusta

Ætlast er til að fulltrúar allra nemenda í 1. bekk mæti á námskeiðið en aðrir eru að sjálfsögðu einnig velkomnir. **Boðið verður upp á barnagæslu meðan á námskeiði stendur og léttan málsverð fyrir þátttakendur og börn.**



Starfsáætlun Naustaskóla fyrir starfsárið 2011-2012 er komin út. Starfsáætlun er gefin út árlega og er henni ætlað að gefa upplýsingar um skólann, áherslur og markmið með skólastarfinu, skipulag og helstu verkefni skólaársins, fyrirkomulag kennslu, venjur og siði í skólanum o.fl. Ritið er aðgengilegt á heimasíðu skólans en einnig er hægt að óska eftir að fá það útprentað.

Um heimanám

Stefna skólans er að heimanám verði mjög hóflegt og í samráði við forráðamenn nemenda. Áhersla er lögð á að ætíð sé skýrt markmið með heimanáminu og að heimanámið styðji við þau markmið sem í gangi eru í kennslunni hverju sinni. Heimanám á aldrei rétt á sér eingöngu heimanámsins vegna.

Markmið með heimanámi geta verið að æfa lestrarfærni nemenda, að þjálfar enn frekar og rifja upp atriði sem lögð hafa verið inn í skólanum og að veita foreldrum tækifæri til að taka þátt og fylgjast með námi barna sinna. Hjá eldri nemendum getur einnig verið um að ræða að þróa námsvitund og sjálfstæði í vinnubrögðum og að nemendur öðlist smátt og smátt færni í að undirbúa sig undir skólann. Í undantekningartilfellum getur verið um að ræða að nemendur ljúki við ákveðin verkefni sem sem ekki tókst að ljúka í skólanum, en í þeim tilfellum skal ætíð haft samráð við foreldra.

Lestur á alltaf að vera hluti af heimanámi barna, sérstaklega er þetta mikilvægt meðan þau eru að ná tökum á lestrinum. Gert er ráð fyrir að allir nemendur lesi heima daglega í stutta stund. Mikilvægt er að einhver fullorðinn hlusti og ræði textann við barnið til að efla skilning þess á textanum. Rannsóknir sýna að áhugi fullorðinna á heimalestri barnanna skilar sér í aukinni lestrarfærni nemandans.

Rétt er að hafa í huga að heimanám er hægt að vinna á fjölbreyttan hátt líkt og leitast er við að gera í námi barnanna innan skólans. Sem dæmi má nefna að þegar verið er að vinna með talningu í stærðfræði getur barnið þjálfað talninguna heima á ýmsan hátt, það er t.d. hægt að telja skref frá stað A til staðar B, telja hnífapörin, skóna, telja aftur á bak o.s.frv. Foreldrar geta þannig fylgst með og unnið með hæfni barnsins í raunverulegum aðstæðum. Skólinn stefnir að því gera þau markmið sem unnið er að hverju sinni meira sýnileg þannig að foreldrar eigi auðveldara með að styðja við námið í skólanum. Í vikulegum tölvupóstum koma kennarar líka oft á framfæri hvernig styðja megi námið heima, án þess að sett séu fyrir verkefni sem þarfnast formlegra skila.

Mikilvægt er að foreldrar hafi samband við kennara ef þeir hafa ábendingar og athugasemdir varðandi heimanám nemenda, enda er sem fyrr segir gert ráð fyrir góðu samráði foreldra og kennara um þennan þátt skólastarfsins.

6. bekkur í siglingu

Fimmtudaginn 1. september munu nemendur í 6. bekk fara í vettvangsferð á sjó á bátnum Húna II. Í ferðinni munu nemendur kynnst sjávarútveginum og fræðast um lífríkið í sjó, ásamt sögufræðslu um bátinn og ströndina. Sjávarlíffræðingur miðlar til þeirra á líflegan hátt fræðslu um lífríki sjávar, sérkenni Eyjafjarðarins og sýnir þeim þurrkaðar sjávarlífverur. Rennt er fyrir fisk og gert að honum með tilheyrandi fróðleik. Að lokum er aflinn grillaður og smakkaður um borð. Nemendur fá fræðsluefni afhent sem miðlar fróðleik um hollustuna úr hafinu og þann fjölbreytileika sem matarkistan hafið býður uppá. Fiskisþjald verður einnig afhent til að hengja upp í skólastofu þar sem það minnir á hollustuna úr hafinu og það sem þau upplifðu í ferðinni.

Námsgagnagjaldið...

Örfáir eiga enn eftir að greiða námsgagnagjald vetrarins sem er 3600 kr. fyrir nemendur í 1.-3. bekk en 4000 kr. fyrir nemendur í 4.-9. bekk. Vinsamlegast greiðið sem allra fyrst!

**Reikningsnúmerið er 1105-15-200070
kt. 070372-5099**

Nemendaráð

Þann 30. ágúst var kosið nýtt nemendaráð fyrir skólann. Kosningabaráttan var stutt en snörp. Auglýst var eftir framboðum og frambjóðendur fengu nokkra daga til að auglýsa sig og stefnumál sín, hver og einn mátti hengja upp eitt áróðursspjald og nýttu sér margir þann möguleika. Síðan var haldinn kjörfundur þar sem nokkrir frambjóðendur kynntu sig með ræðuhöldum og svo var gengið til kosninga. Niðurstaðan varð sú að eftirtaldir skipa nemendaráð Naustaskóla veturinn 2011-2012:

Pétur Már Guðmundsson 9. bekk - formaður
Hrannar Þór Rósarsson 9. bekk - varaformaður
Brynjar Helgason 8. bekk
Ugla Snorradóttir 7. bekk
Freyr Jónsson 6. bekk
Guðný Birta Pálsdóttir 5. bekk
Íris Orradóttir 4. bekk

Varamenn í nemendaráði eru:
Arnar Birkir Dansson 9. bekk
Jakob Gísli Ágústsson 8. bekk
Ásgeir Tumi Ingólfsson 7. bekk
Petra Reykjalín Helgadóttir 6. bekk
Thelma Karen Sveinsdóttir 5. bekk
Arnór Ísak Haddsson 4. bekk

Þetta eru glæsilegir fulltrúar nemenda okkar sem eiga án efa eftir eftir að láta til sína taka.



Um einelti

Í Naustaskóla er unnið samkvæmt ákveðinni áætlun til að fyrirbyggja einelti og til að leysa þau mál sem upp kunna að koma. Eineltisáætlun skólans er birt í starfsáætlun hans en hana er einnig hægt að nálgast beint á heimasíðu skólans á slóðinni:

<http://naustaskoli.is/page/eineltisaetlun>

Mikilvægt er að við vinnum saman að því að fylgjast með líðan barnanna og meta hvort að þau þurfi á einhverjum tímapunkti aðstoð til að leysa mál sem snúa að samskiptum í skólanum eða vinahópnum. Hins vegar er mikilvægt að hafa í huga að upp geta komið samskiptaerfiðleikar hjá börnunum án þess að um einelti sé að ræða.

Við skilgreinum einelti þannig:

Einstaklingur er lagður í einelti ef hún eða hann verður fyrir endurteknum neikvæðum verknaði eins eða fleiri einstaklinga yfir ákveðið tímabil. Þrennt þarf að koma til svo að einelti teljist vera til staðar:

- Árásarhneigt eða illa meint atferli.
- Um er að ræða endurtekningu sem stendur yfir ákveðinn tíma.
- Ójafnvægi afls og valda í samskiptum.

Þegar grunur vaknar um að um einelti geti verið að ræða er fyrsta skrefið hjá okkur að kanna samskipti nemendanna með því að fylgjast með, taka viðtöl og í sumum tilfellum leggja fyrir tengslakannanir. Ef um einelti er að ræða er svo unnið eftir ákveðnu ferli sem byggist að mestu leyti á reglulegum viðtölum við gerendur og þolendur og samstarfi við foreldra.

Gott er að foreldrar hafi í huga eftirtalin einkenni sem gætu verið vísbendingar um að einelti eigi sér stað, og hafi samband við skólann ef grunsemdir vakna.

Tilfinningaleg einkenni:

- Breytingar á skapi.
- Tíður grátur, þarf lítið til að tárin komi fram.
- Svefntruflanir, getur ekki sofið, fær martraðir.
- Matarvenjur breytast, lystarleysi, ofát.
- Þunglyndi.

Líkamleg einkenni:

- Líkamlegar kvartanir, t.d. höfuðverkur, magaverkur.
- Kvíðaeinkenni eins og að naga neglur, stama, kækir ýmiss konar.
- Rifin fót og/eða skemmdar eigur / hvarf á eigum.
- Líkamlegir áverkar.

Félagsleg einkenni:

- Lítið sjálfstraust, hræðsla og kvíði.
- Barnið virðist einangrað, einmana, fær ekki heimsóknir og fer ekki í heimsóknir, forðast t.d. að fara í afmælisboð.

Hegðunarleg einkenni:

- Óútskýranleg skapofsaköst og/eða grátköst.
- Hegðunarerfiðleikar.

Skóli - einkenni:

- Barnið hræðist að fara eitt úr og í skóla, biður um fylgd og/eða fer aðra leið.
- Leggur fyrir af stað í skólann en venjulega eða fer seinna af stað.
- Skróp.
- Barnið mætir iðulega of seint.
- Forðast ákveðnar aðstæður í skólanum t.d. leikfimi eða sund.
- Lægri einkunnir, einbeitingarörðugleikar í námi.
- Einangrun frá skólafélögum.

Heimili - einkenni:

- Barnið neitar að fara í skólann.
- Einangrar sig frá öðrum í fjölskyldunni.
- Aukin peningaþörf hjá barninu.
- Barnið neitar að leika sér úti eftir skóla.

Ertu að taka til?

Við gleðjumst alltaf mjög þegar foreldrar koma færandi hendi með hluti sem er orðið ofaukið á heimilunum. Það er t.d. alltaf þörf fyrir þúsluspil, kubba og hvers kyns leikföng í Frístund og á kennslusvæði neðri hæðarinnar. Svo er náttúrulega enn dálítið pláss á bókasafninu... :)

Aðalfundur Foreldrafélagsins

Að minnsta kosti einn fulltrúi frá hverju heimili þarf að mæta á fundinn!

Samkvæmt lögum Foreldrafélags Naustaskóla skal aðalfundur haldinn árlega í september.

Hér með er því boðað til aðalfundar Foreldrafélags Naustaskóla mánudaginn 12. september kl. 20:00-21:30

Á dagskrá verða venjuleg aðalfundarstörf, hagnýtar upplýsingar fyrir foreldra, tilnefning bekkjarfulltrúa, umræður um foreldrastarf í hverjum árgangi/námshópi og umræður um foreldrasamning Heimila og skóla. Þeir sem vilja gefa kost á sér sem bekkjarfulltrúar eru beðnir um að senda póst til vaka@mentor.is. Afar mikilvægt er að við höldum áfram að móta þá hefð að foreldrar mæti á fundi Foreldrafélagsins og taki virkan þátt í starfinu. Í fyrra fengum við prýðisgóða mætingu og við viljum að sjálfsögðu gera enn betur í ár. Því leggjum við mikla áherslu á að allir nemendur skólans eigi fulltrúa á aðalfundinum!

Naustaskóli leggur áherslu á þátttöku og áhrif foreldra, nýtum tækifærið og tökum þátt í að skapa gott og gagnlegt foreldrasamstarf.



Útivistarreglurnar
Á skólatíma
(1. september til 1. maí)

12 ára börn og yngri mega ekki vera úti eftir kl. 20
13 – 16 ára börn mega ekki vera úti eftir kl. 22



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

September 2011

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	29 Soðinn fiskur, kartöflur, salat og tómatsósa	30 Íslensk kjötsúpa <i>Kosning í nemendaráði</i>	31 Fiskur í raspi, salat og hrísgrjón	1 Hakkréttur, kartöflustappa og salat <i>6. bekkur fer í siglingu með Húna II</i>	2 Grjónagrautur, brauð og álegg <i>Útivistardagurinn</i>	3
4	5 Soðinn fiskur m/ kartöflum, soðið grænmeti og smjör <i>Morgunfundur hjá foreldrum 8.-9.b</i>	6 Grænmetisbuff, hrísgrjón, salat og sósa <i>Morgunfundur hjá foreldrum 6.-7.b</i>	7 Tómatporskur, kartöflur og salat <i>Morgunfundur hjá foreldrum 2.-3.b</i> <u>Skólafærninámskeið</u>	8 Kjöttbollur og spaghettí <i>Dagur læsis</i> <i>Brunaæfing</i>	9 Skyr, brauð og álegg <i>Morgunfundur hjá foreldrum 4.-5.b</i>	10
11	12 Soðinn fiskur, kartöflur, rófur og tómatefeti <i>Aðalfundur Foreldrafélagsins</i>	13 Pottaréttur, kartöflustappa og salat	14 Fiskbúðingur, salat, hrísgrjón og sósa	15 Kjúklingaleggir, steikt- ar kartöflur og sveppa- sósa	16 Grænmetisúpa, brauð og álegg <i>Dagur ísl. náttúru</i> <i>Rugludagur</i>	17
18	19 Soðinn fiskur m/ kartöflum, salati og laukfeiti	20 Slátur, rófur, gul- rætur, kartöflur og uppstúf	21 Grænmetisfiskur í kryddolíu, salat og hrísgrjón	22 Hakkabuff með kartöflum, sveppum og lauk <i>Samræmd próf í 4. og 7. bekk (isl)</i>	23 Skyr, brauð og álegg <i>Samræmd próf í 4. og 7. bekk (stæ)</i>	24
25	26 Soðinn fiskur m/ kartöflum, tómötum, gúrku og tómatsósu	27 Gúlassúpa, snittu- brauð og smjör	28 Viðtalsdagur Frístund opin (Karrýfiskur, kartöflur og salat)	29 Viðtalsdagur Frístund opin (Grísahnakki, kartöflur, salat)	30 Starfsdagur - Frístund lokað!	1. október

Muna: **Aðalfundur Foreldrafélagsins** verður haldinn mánudaginn 12. september kl. 20:00-21:30
Skólafærninámskeið og morgunfundir foreldra í vikunni 5.-9. september (sjá forsiðu)
Viðtalsdagar verða 28-29. sept. boðað verður til viðtalanna með tölvupósti þegar nær dregur.
Þann 30. september er starfsdagur og Frístund er lokað þann dag.



Fréttabréf Naustaskóla

9. tölublað, 4. árgangur, 3. október 2011

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Um miða og veikindi

Töluvert er um að nemendur mæti með miða að heiman til að fá undanþágu frá útivist, íþróttum o.s.frv. Við biðjum foreldra um að stilla beiðnum af þessu tagi í hóf og hringja frekar í skólann ef þetta er nauðsynlegt! Viðmiðið hjá okkur er að nemandi geti fengið að vera inni í frímínútum í einn dag að afloknum veikindum en annars á það ekki að þurfa nema að mjög sérstakar ástæður komi til.

GSM / MP3

Að sjálfsögðu ber töluvert á því að nemendur eru með síma og tónlistarspilara með sér í skólanum. Við leyfum notkun þessara tækja utan kennslustunda svo lengi sem þau trufla ekki, en bendum á að nemendur verða sjálfir að bera ábyrgð á tækjunum. Ef tækin valda truflunum geta nemendur átt það á hættu að skólinn taki þau í vörslu þar til foreldrar sækja þau :)



Íþróttir - sturta

Nú þegar inni í þróttakennsla er hafin hjá öllum aldurshópum minnum við á að ætlast er til þess að nemendur fari í sturtu að loknum íþróttatímum. Undantekning frá þessu er varðandi 1. bekk þar sem nemendur mega sleppa sturtunni..

Kæra skólasamfélag

Segja má að fyrsta lota skólaársins sé nú að baki, vonandi hafa viðtölin nú á dögnum reynst okkur vel til að leggja línurnar fyrir framhaldið þannig að veturinn verði sem árangursríkastur fyrir okkur öll. Í október verður "hefðbundið skólastarf" haft í hávegum en við minnum sérstaklega á að vikan 10.-14. október er opin vika, sem þýðir að þá eru foreldrar sérstaklega hvattir til að kíkja í heimsókn í skólann. Ekki verður um neina sérstaka dagskrá að ræða heldur við það miða að tækifæri gefist til að sjá skólann á venjulegum degi. Við hvetjum foreldra eindregið til að kíkja við en þess má einnig geta að foreldrar eru að sjálfsögðu alltaf velkomnir í skólann! Eins og sjá má ganga framkvæmdir við seinni áfanga skólans vel og er húsið nú að taka á sig form smátt og smátt. Hlutinn þar sem veggir eru að rísa þessa dagana er verðandi verkgreina- og unglingastigsálma skólans, þ.e.a.s. sá hluti sem við munum fá afhentan til notkunar næsta haust. Inni í fréttabréfinu er að finna yfirlitsmynd af skólanum og umhverfi hans eins og það mun líta út, til glöggvunar og gamans fyrir okkur. Við lifum sannarlega á spennandi tímum og jú, það er ekki um að villast, lífið er dásamlegt !

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Félagsmiðstöð

Nú hefur félagsmiðstöðin tekið til starfa hjá okkur en hún er rekin undir umsjón félagsmiðstöðvarinnar Tróju sem staðsett er í Rósenborg. Opnunartími í vetur verður þannig að fyrir 8.-10. bekk er opið á þriðjudögum kl. 19:30-21:30, en fyrir nemendur í 5.-7. bekk verður opið fyrsta þriðjudag í mánuði kl. 16:30-18:30. Umsjónarmenn félagsmiðstöðvarinnar eru þau Gunnlaugur Guðmundsson (gunnlaugur@akureyri.is) og Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir (vordis@akureyri.is).

Aðalfundur Foreldrafélagsins


Aðalfundur Foreldrafélags Naustaskóla var haldinn 20. september sl. Á fundinn mættu um 60 foreldrar. Þar var rætt um foreldrastarf vetrarins framundan og skólastarfið almennt, kjörin stjórn fyrir skólaárið o.fl. Stjórn Foreldrafélagsins mun skipta foreldrahópi hvers árgangs í þrennt og er hugmyndin að hver hópur standi fyrir einum atburði yfir veturinn hjá árganginum. Dregin verða út nöfn þeirra foreldra sem eiga að bera ábyrgð á því að kalla saman hvern hóp fyrir sig. Fyrirkomulagið verður nánar kynnt á heimasíðu skólans þegar það liggur fyrir. Stjórn Foreldrafélagsins skólaárið 2011-2012 skipa eftirtaldir: Vaka Óttarsdóttir, Ásdís Arnardóttir, Erla Rán Kjartansdóttir, Höskuldur Jóhannesson, Ingveldur Sturludóttir, Sigríður Ingólfsdóttir, Berglind Elly Jónsdóttir, Áshildur Hlín Valtýsdóttir, Guðrún Silja Steinarsdóttir og Lilja Dögg Vilbergsdóttir. Við minnum á að fundargerðir Foreldrafélagsins (og upplýsingar um foreldrastarf við skólann) má nálgast á heimasíðu skólans undir hlekknum "Foreldrar".

Snakk - og bíodagur

Nemendaráð skólans hefur nú komið með ýmsar tillögur að atburðum og uppákomum sem miða að því að gera skólastarfið fjölbreyttara og skemmtilegra. Meðal þeirra tillagna nemendaráðs sem ná fram að ganga í þessum mánuði er svokallaður snakk- og bíodagur sem verður fimmtudaginn 20. október. Það þýðir að milli kl. 10-12 þann dag verður boðið upp á ýmsar kvikmyndasýningar í skólanum sem nemendur geta valið um, og þeir fá að hafa með sér "snakk" að eigin vali til að gæða sér á á meðan :)



Íþróttahús, miðrymi (samkomusalur, bókasafn og matsalur) og stjórnunarálima verða tilbúin á árunum 2013-2014



Af hverju höfum við samkennslu árganga?

Í Naustaskóla fer kennslan að mestu fram í aldursblönduðum námshópum þar sem nemendum úr tveimur (og stundum fleiri) árgöngum er kennt saman án varanlegrar aðgreiningar eftir aldri eða námsgetu. Markmiðið með aldursblönduninni er að stuðla að námi við hæfi hvers og eins en auk þess að styðja við félagsþroska nemenda og líma skólasamfélagið enn frekar saman.

Að jafnaði er gert ráð fyrir að nemendum í eftirtöldum árgöngum sé “blandað”:

2.-3. bekkur, 4.-5. bekkur, 6.-7. bekkur, 8.-9. bekkur

Margvísleg rök eru fyrir aldursblöndun í skólastarfi og hafa þau verið studd rannsóknum.

Eftirfarandi hefur t.d. verið nefnt:

- Segja má að aldursblandaðir hópar líki að nokkru marki eftir “eðlilegum” aðstæðum í fjölskyldu og nærumhverfi þar sem aldur og þroski fólks er mismunandi. Nú á tímum verja börn minni tíma með fjölskyldu og í umhverfinu utan skólans og fara þar af leiðandi að nokkru á mis við þessar aðstæður ef þær eru ekki í boði í skólanum.
- Ef augljóst er að nemendur hafa til að bera misjafnan þroska og getu læra þeir að það er eðlilegt að vinna á misjöfnum hraða, að hafa mismunandi færni, áhugasvið o.s.frv. Ekki eru allir alltaf að gera það sama, það þykir eðlilegt og nemendur skera sig því síður úr. Það er eðlilegt að vera “barnalegur” eða “duglegur” og minna ber á neikvæðum samanburði.
- Nemendur í samkennslu fá tækifæri til að kynnst fleirum, bæði eldri og yngri nemendum, kynnst því að vera bæði eldri og yngri, þannig getur skapast góður námsandi og umhyggja í hópnum. Nemendur læra félagsleg samskipti þar sem yngri börn læra að þiggja hjálp frá eldri börnum og þau eldri læra að hjálpa, þetta leiðir til félagsmynsturs sem styrkir ábyrgð, forystu og félagslega færni. Margt bendir því til að aldursblöndunin hafi örvandi áhrif á félagslegan þroska nemenda og hegðun svo sem að hjálpast að, deila með sér og skiptast á, taka tillit til annarra, segja satt o.s.frv. Þetta hefur m.a. verið stutt með rannsókn Gayfers árið 1991 en þar sýndi hann fram á að nemendur í samkennsluhópi höfðu yfirburði í námstækni, félagslegum samskiptum, samvinnu og viðhorfum gagnvart námi og menntun miðað við nemendur í hefðbundnum bekk. Þá hefur verið nefnt að minni hætta er á að nemendur festist í ákveðinni stöðu í samkennsluhóp sem tekur reglulega breytingum.
- Nemendur í samkennslu þurfa að læra að vinna sjálfstætt og hjálpast að, það má segja að nauðsynlegt sé að nota fjölbreyttari kennsluáðferðir og því draga þessar aðstæður úr tilhneigingu kennara til að nota einsleita námskrá þar sem allir eiga að vera að gera sömu verkefni á sama tíma. Ennfremur hafa rannsóknir t.d. Maehr og Midgley sýnt fram á að aldursblöndun hvetur kennara til að velta sífellt fyrir sér eðli náms og kennslu.
- Rannsóknir á samvinnunámi og félagastuðningi í námi benda til að samvinna og samskipti milli barna í getublönduðum hópum komi öllum til góða, hver sem námsleg staða þeirra er og að samvinnunám í blönduðum hópi sé eitt öflugasta námsform sem til er. Minna má á að samvinna barna sín á milli er mikilvæg í námi, ekki síður en samvinna milli barna og fullorðinna. Aldursblöndun skapar kjöraðstæður fyrir samvinnunám og félagastuðning í námi. Þá hafa verið leidd rök að því að í samkennsluhópum séu meiri möguleikar á því að einstaklingarnir nái að nýta mismunandi greindir eða færni þar sem ekki er gert ráð fyrir því að allir séu að takast á við það sama á sama tíma.

Ávaxta- og mjólkuráskrift

Um þessi mánaðamót fá foreldrar greiðsluseðla þar sem meðal annars er innheimt ávaxta- og mjólkuráskrift þar sem nemendur eru skráðir í þá þjónustu. Þetta gjald er innheimt einu sinni á hvorri önn og er 5000 fyrir ávaxtaáskrift og 2400 fyrir mjólkina.



Foreldrar verum samtaka

Útivistarreglurnar

Á skólatíma
(1. september til 1. maí)

12 ára börn og yngri mega ekki vera úti eftir kl. 20
13 – 16 ára börn mega ekki vera úti eftir kl. 22

Mentor-leiðbeiningar

Á heimasíðu skólans er nú að finna leiðbeiningar fyrir foreldra um hvernig megi nálgast ýmsar upplýsingar á mentorvefnum. Þær er að finna undir hlekknum “Foreldrar”.



Samræmdur matseðill

Frá og með 1. nóvember nk. mun eldhús Naustatjarnar og Naustaskóla taka upp nýjan “samræmdan” matseðil. Þar er um að ræða 7 vikna matseðil sem verður eins fyrir alla leik- og grunnskóla bæjarins þó að stofnanirnar geti verið staddar á mismunandi tímamörkum á matseðlinum. Markmiðið með þessu er annars vegar að samræma innkaup og draga þar með úr hræfniskostnaði en hins vegar að tryggja að allar skólastofnanir bæjarins bjóði upp á hollan og góðan mat og foreldrar geti nálgast greinargóðar upplýsingar um innihald matarins á hverjum tíma. Unnið er að því að gera þessar upplýsingar aðgengilegar og munum við auglýsa þær nánar þegar þær eru tilbúnar...



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Október 2011

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	3 Soðinn fiskur, kartöflur, soðið grænmeti og kryddsmjör	4 Svinninn héri og co. Opið hús 5-7b 16:30-18:30 Opið hús 8-10b 19:30-21:30	5 Plokkfiskur, salat og rúgbrauð Forvarnardagur hjá 9. bekk	6 Kjúklingspasta og salat Inniþróttakennsla hefst hjá 4.-9.b.	7 Hrísgrónagrautur, brauð og álegg Bleikur dagur	8
9	10 Soðinn fiskur, kartöflur, rófur og tómatafeiti OPIN VÍKA Bólusetning í 7. bekk	11 Kjöt og karrý, hrísgrjón og salat Opið hús 8-10b 19:30-21:30	12 Steiktur fiskur í raspi, salat og kartöflur	13 Spaghettrí Bolognese og salat	14 Blómkaðlsúpa, brauð og álegg	15
16	17 Soðinn fiskur m/ kartöflum, salat og laukfeiti	18 Íslensk kjötsúpa Opið hús 8-10b 19:30-21:30	19 Ofnbakaður Tandoori þorskur, salat, hrísgrjón og sósa	20 Soðnar kjötbollar, hvítkað, kartöflur og sósa Snakk- og bíódagur :)	21 Makkarónusúpa, brauð og álegg Náttfatadagur	22
23	24 VETRARFRÍ Frístund opin (Soðinn fiskur m/ kartöflum, gulrótum og tómatsósu)	25 VETRARFRÍ Frístund opin (Grænmetis- lasagna, salat og hyðishrísgrjón)	26 Fiskibollar, kartöflur, salat og jóгурtdress- ing	27 Óskamatúr 8.-9. bekkjar :)	28 Ítölsk Minestrone-súpa, brauð og álegg Hrekkjavökuball	29
30	31 Soðinn fiskur, kartöflur, tómatar og smjör	1. nóvember Hakkabúff, kartöflur, salat og lauksósa Opið hús hjá 5.-7.b og 8.-10.b	2 Ofnsteiktur fiskur, kryddgrjón og salat	3 Steiktur kjúklingur, salat, kartöflur og krydd dressing Hæfileikakeppni	4 Skr, brauð og álegg Slæmur hárdagur	5

Muna: Opín vika 10.-14. október - foreldrar sérstaklega hvattir til að heimsækja skólann
Vetrarfrí 24.-25. október, Frístund verður opin fyrir skráða nemendur í 1.-4. bekk



Fréttabréf Naustaskóla

10. tölublað, 4. árgangur, 1. nóvember 2011

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Skautakynning hjá

3.-4. bekk

Ákveðið hefur verið að bjóða nemendum í 3.-4. bekk í grunnskólum Akureyrar upp á kynningu á skautaiþróttinni. Þetta þýðir að 3-4 fimmtudaga í nóvember munu nemendur þessara bekkja bregða sér niður í Skautahöll og spreyta sig aðeins á skautum. Þetta er nemendum algjörlega að kostnaðarlausu en mikilvægt er að þeir búi sig afar vel því það er kalt á skautum og mjög líklega á leiðinni líka :)

Innheimta matar og skólavistunar

Núna um þessi mánaðamót breytum við aðeins fyrirkomulagi á innheimtu mataráskriftar og skólavistunar á þann hátt að í stað þess að innheimta fyrir hvern mánuð miðast innheimtutímabil nú við 20.-20. hvers mánaðar. Þannig eru foreldrar nú um mánaðamótin að fá greiðsluseðla vegna 1.-20. nóvember, um næstu mánaðamót innheimtum við fyrir 21. nóv.-20. des og svo koll af kolli. Þetta er gert til vinnuhagræðis fyrir starfsmenn skólans en ætti ekki að skipta foreldra neinu máli nema að rukkunin er líklega óvenju lág þessi mánaðamótin...

Íþróttir - sturta

Við minnum á að ætlast er til þess að nemendur fari í sturtu að loknum inniþróttatímum. Eina undantekningin frá þessu er varðandi 1. bekk þar sem nemendur mega sleppa sturtunni..

Kæra skólasamfélag

Tíminn flýgur á arnarvængjum og strax kominn nóvember! Við minnum á að ekki er kennsla á mánudag og þriðjudag í næstu viku. Mánudagurinn er starfsdagur en á þriðjudaginn er svokallaður samráðs- og matsdagur. Það þýðir að boðið er upp á viðtöl við umsjónarkennara og í sumum tilfellum hafa kennarar frumkvæði að því að boða nemendur og foreldra í viðtöl. Þessi dagur gefur foreldrum, nemendum og kennurum tækifæri til að setjast niður í góða stund og fara yfir málin ef ástæða þykir til, rétt er að minna á að ekki þarf að vera "vandi á ferðum" til að ástæða þygi til að óska viðtals. Næst verða allir foreldrar og nemendur boðaðir til viðtals í byrjun janúar en í mars er aftur "frjáls" viðtalsdagur af þessu tagi. Á föstudaginn munu kennarar í flestum árgöngum í fyrsta sinn senda heim svokallaðar matsmöppur en í þær söfnum við ýmsum matsgögnum og sýnishornum af verkefnum nemenda, sú vinna stendur yfir allan veturinn og munu foreldrar sjá þessar möppur nokkrum sinnum í vetur. Hugmyndin er að þetta gefi tilefni til að ræða saman um námið og leggja á ráðin um framhaldið, í tengslum við þær umræður geta foreldrar svo óskað eftir viðtölum og er miðað við að það sé gert í síðasta lagi á mánudag, daginn fyrir viðtalsdaginn. Með von um mikið og gott nám og auðvitað dásamlegt líf í nóvember!

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Félagsmiðstöð

Félagsmiðstöðin starfar af fullum krafti hjá okkur og við vekjum athygli á því að nú hefur verið ákveðið að bæta enn þjónustuna og bjóða nemendum í 4. bekk einnig upp á opin hús mánaðarlega. Fyrirkomulagið verður því þannig að fyrsta þriðjudag í mánuði verður opnun fyrir 6.-7. bekk kl. 16:30-18:30 en fyrsta miðvikudag í mánuði verður opið fyrir nemendur í 4.-5. bekk kl. 16:30-18:30. Sem fyrr er svo opið vikulega á þriðjudagskvöldum fyrir 8.-9. bekk. Opnunartíma í hverjum mánuði er að finna á baksíðu fréttabréfanna en einnig má nálgast dagskrá fyrir hvern aldurshóp á heimasíðu skólans undir tenglunum "nemendur/félagsmiðstöð" Umsjónarmaður félagsmiðstöðvarinnar er Sigurlaug Vordís Eysteinsdóttir (vordis@akureyri.is).

Breytingar á starfsmannahópnum

Nokkrar breytingar eru að verða á starfsmannahópnum hjá okkur en þrír starfsmenn eru að hætta störfum hjá okkur þessar vikurnar. Þetta eru þau Auður Guðný Yngvadóttir og Magnús B. Jóhannsson skólalíðar og Ingólfur Valur Ívarsson húsvörður. Auður hætti í síðustu viku og við hennar starfi hefur tekið Almar Barja. Magnús hættir í enda þessarar viku og við hans starfi tekur Kristín R. Aðalsteinsdóttir. Ingólfur Valur hættir svo um mánaðamótin nóv.-des en umsóknarfrestur um starf húsvarðar rennur út þann 3. nóvember. Um leið og við þökkum fráfarandi starfsmönnum fyrir gott samstarf bjóðum við nýja starfsmenn velkomna í hópinn!

Morgunkaffi með stjórnendum

Í nóvembermánuði ætlum við að prófa að bjóða upp á svokallað "morgunkaffi með stjórnendum". Það þýðir að kl. 8:10-09:00 á ákveðnum dögum verður heitt á könnunni á kaffistofu skólans og þar verða stjórnendur til viðtals fyrir foreldra nemenda í ákveðnum námshópum. Þarna er ætlunin að hafa frekar óformlegt spjall um skólastarfið og fá fram sjónarmið foreldra um það sem vel gengur og það sem betur má fara. Þetta ætti því að vera góður vettvangur fyrir foreldrahópinn til að fá upplýsingar, skiptast á skoðunum og velta fyrir sér starfinu í skólanum okkar. Dagsetningar eru birtar á dagatalinu á baksíðu fréttabréfsins en kennarar munu einnig minna á þessar uppkomur í vikupóstum sínum þegar að þessu kemur. Við vonumst eftir að sjá sem flesta í notalegu morgunkaffi.





Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Nóvember 2011

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	31. október Soðinn fiskur, kartöflur, tómatar og smjör	1. nóvember Hakkabuff, kartöflur, salat og lauksósa <i>Opíð hús 6-7b 16:30-18:30</i> <i>Opíð hús 8-10b 19:30-21:30</i>	2 Öfnsteiktur fiskur, kryddgrjón og salat <i>Opíð hús 4-5b 16:30-18:30</i>	3 Steiktur kjúklingur, salat, kartöflur og kryddressing	4 Skeyr, brauð og álegg <i>Slæmur hárdagur</i>	5
6	7 STARFSDAGUR Frístund lokuð eftir hádegi (frá kl. 12:45) (Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti og tómatsósa)	8 VIÐTALSDAGUR Frístund opin (Soðið slátur, kartöflustappa og rófur) <i>Opíð hús 8-10b 19:30-21:30</i>	9 Þorskur í humarsósu, hrísgrjón og salat	10 Pasta carbonara (beikon og sveppir) og salat <i>3. og 4. bekkur fara á skauta</i>	11 Broccoli-ostasúpa, brauð og álegg <i>Bólusetning hjá stúlkum í 7-8b Morgunkaffi með stjórnnendum—l.b.</i>	12
13	14 Soðinn fiskur, kartöflur, salat og kryddsmjör	15 Mexíkísk kjötsúpa og heimabakað brauð <i>Opíð hús 8-10b 19:30-21:30</i> <i>Morgunkaffi með stjórnnendum— 2.-3.b.</i>	16 Fiskbúðingur, hrísgrjón, salat og sósa <i>Dagur ísl. Tungu</i> <i>Morgunkaffi með stjórnnendum— 4.-5.b.</i>	17 Grænmetisbuff, kartöflugratín, salat og köld dressing <i>3. og 4. bekkur fara á skauta</i>	18 Hrísgjónagrautur, brauð og álegg <i>Morgunkaffi með stjórnnendum— 6.-7.b.</i>	19
20	21 Soðinn fiskur, kartöflur, rófur og laukfeiti <i>Forvarnarfræðsla hjá 5. bekk og foreldrum kl. 17:00</i>	22 Hakkréttur, hrísgrjón og salat <i>Opíð hús 8-10b 19:30-21:30</i>	23 Öfnbökkuð bleikja, kartöflur, salat og sósa <i>Morgunkaffi með stjórnnendum— 8.-9.b.</i>	24 Súrsætur svínapottrétur, hrísgrjón og salat <i>3. og 4. bekkur fara á skauta</i> <i>Bekkjarkvöld hjá l.b.</i>	25 Tómatsúpa með papriku, brauð og álegg <i>Nemendadagurinn</i>	26
27	28 Soðinn fiskur, kartöflur, gúrkusalat og tómateiti	29 Óskamatur Naustatjarnar :) <i>Opíð hús 8-10b 19:30-21:30</i>	30 Spænskur karry-fiskur, hrísgrjón og salat	1. desember Heimagerður kjötbúðingur, kartöflur, grænar baunir, salat <i>Fánalitadagur</i>	2 Makkarónusúpa, brauð og álegg	3

Muna: Starfsdagur 7. nóvember, Frístund lokuð eftir hádegi.

Viðtalsdagur þann 8. nóvember—hægt að óska eftir viðtölum hjá umsjónarkennurum.

Morgunkaffi með stjórnnendum kl. 8:10-9:00, sjá dagsetningar hér fyrir ofan og útskýringar á forsiðu.



Fréttabréf Naustaskóla

I I. tölublað, 4. árgangur, 1. desember 2011

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson


Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Efniviður óskast!!

Nú þegar jólafróndrið skellur á er afar gott að krakkarnir hafi með sér efnivið sem getur gagnast til þeirra hluta. Þar getur verið um að ræða jóguútdollur, umbúðir utan af ostum ýmis konar, hólkar innan úr salernis- og eldhúspappír, jólamjólurfernur, gömul jólakort, efnisbútar af ýmsu tagi og í raun flest það sem á annað borð hægt er að föndra úr... Nú er bara að leggja höfuðið í bleyti og sjá hvort það er ekki eitthvað til á heimilinu sem gæti gagnast


Varúð - Lús!

Við höfum aðeins orðið vör við lús undanfarið, við hvetjum því alla foreldra til að fylgjast vel og reglulega með hári barna sinna og láta skólann vita ef vart verður við þennan leiðinda gest...



Endurskinsmerki

Töluvert er um að börnin okkar séu án endurskins en það er að sjálfsgöðu afar mikilvægt í svartasta skammdeginu og getur skipt sköpum í umferðinni. Við hvetjum því alla til að huga að þessum málum og bæta úr þessu hið snarasta ef með þarf!



Kæra skólasamfélag

Nóvember var viðburðaríkur hjá okkur í skólanum og meðal þess sem var á dagskránni var forvarnarfræðsla hjá mörgum árgöngum, við fengum rithöfunda í heimsókn, 3. og 4. bekkur fóru nokkrum sinnum á skauta, við höldum upp á dag íslenskrar tungu, nemendadagurinn var haldinn hátíðlegur, foreldrum var boðið á sýningar í tilefni af lokum þemaverkefna, stjórnendur buðu í morgunkaffi, Foreldrafélagið hélt fræðslufund, haldin voru bekkjarkvöld í flestum árgöngum og margt margt fleira. Það er sannarlega alltaf nóg að gerast í skólanum! Í desember ber hæst þemadaga í næstu viku, að líkindum verður ýmislegt bardúsað í tilefni af komu jólaþema þennan mánuðinn og svo setja litlu jólin auðvitað hefðbundinn punkt við haustönnina. Við reynum nú að halda ró okkar og halda áfram að læra þó að jólin hafi töluverða spennu í för með sér og blessaðir jólasveinarnir geti t.d. valdið uppnámi hjá óhörðnuðum sálum. Eitt af því sem truflar stundum blessuð börnin er þegar jólasveinarnir fara sumstaðar fram úr sér í gjafmildinni og gefa stóra og dýra hluti í skóinn. Það á það til að vekja sárindi hjá þeim sem fá hóflegar gjafir og ekki gott að skilja hvað ræður því að sumir fá mikið og sumir lítið.. Það er nú líklega allra hagur að jólasveinarnir verði bara hófstílltir þetta árið :) Með von um ljúfa aðventu og dásamlegan desember okkur öllum til handa!

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Þemadagar

Það er orðin hefð fyrir því hjá okkur að hafa þemadaga í desember þar sem við vinnum að hinum ýmsustu verkefnum, sumum jólatengdum, í bland við að við höfum það huggulegt saman í skammdeginu. Þemadagarnir núna verða þriðjudaginn 6. og miðvikudaginn 7. desember og í þetta sinn ætlum við að prófa að hafa meira valfrelsi fyrir nemendur en áður, þ.e.a.s. settur verður upp fjöldi stöðva og viðfangsefna og nemendur fá sjálfir að velja við hvað þeir fást hverju sinni. Skóladeginum lýkur kl. 13:15 hjá öllum nemendum skólans þessa daga en þá tekur Frístund að sjálfsgöðu við hjá þeim sem þar eru skráðir.

Nemendur sinna gæslustörfum

Nú fyrir skömmu tókum við upp þá nýbreytni að nemendur í 8. og 9. bekk skiptast á að fara út í frímínútum og hádegishléi og sinna gæslu með starfsmönnum. Þetta hefur gefist afar vel, krakkarnir standa sig upp til hópa frábærlega í þessu hlutverki og eiga hrós skilið fyrir sitt framlag. Auk þess höldum við auðvitað áfram að virkja nemendur með okkur í hinum ýmsu störfum, t.d. aðstoð við frágang í matartímum, tiltektir á kennslusvæðum og margt fleira. Við viljum nefnilega að allir leggi sitt af mörkum í skólastarfinu og taki þátt í að gera það sem gera þarf, hvaða aðalhlutverki sem þeir annars gegna...

Litlu jólin

Litlu jólin í Naustaskóla verða þriðjudaginn 20. desember. Að þeim loknum fara nemendur í jólafrí.

Á litlu jólinum mæta nemendur sem hér segir:

1., 4., 5., 8. og 9. bekkur kl. 8:30-10:00

2., 3., 6., og 7. bekkur kl. 10:00-11:30

Frístund verður opin á litlu jóladaginn fyrir þá nemendur sem þar eru skráðir og eins virka daga í jólaleyfinu.

Skólastarf að loknu jólaleyfi hefst þriðjudaginn 4. janúar með viðtalsdegi þar sem allir foreldrar og nemendur verða boðaðir í viðtal til umsónarkennara.





Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Desember 2011

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	28. nóvember Soðinn fiskur, kartöflur, gúrkusalat og tómatafeiti	29. nóvember Pizza Ópið hús 8-10b 19:30-21:30	30. nóvember Spænskur karrý-fiskur, hrísgrjón og salat	1. desember Heimagerður kjötbúðing- ur, kartöflur, grænar baunir, salat Fánalitadagur	2 Makkarónusúpa, brauð og álegg	3
4	5 Soðinn fiskur, kartöflur, soðið græn- meti og smjör	6 Pepperonipasta og salat <u>Þemadagur, skóla</u> <u>Lýkur 13:15 hjá öllum!</u> Ópið hús 6-7b 16:30-18:30 Ópið hús 8-10b	7 Pizzaborskur, kartöflur og salat <u>Þemadagur, skóla</u> <u>Lýkur 13:15 hjá öllum!</u> Ópið hús 4-5 b 16:30-18:30	8 Lasagna, hrísgrjón, salat og tómatsósa	9 Kartöflumauksúpa, brauð og álegg	10
11	12 Soðinn fiskur, kartöflur, rófur og tómatsósa	13 Gúlassúpa og nýbakað brauð Ópið hús 8-10b 19:30-21:30	14 Plokkfiskur og rúgbrauð	15 Hakkabúff, kartöflu- stappa, salat og sósa	16 Skr, brauð og álegg	17
18	19 Soðinn fiskur, kartöflur, salat og kryddsmjör	20 Litlu jólin (Stuttur dagur hjá nemendum, Frístund opin frá 7:45) (Karrýpottréttur, hrísgrjón og salat)	21 Frí en Frístund opin Fiskibollur, kartöflur, salat og pipardressing	22 Frí en Frístund opin Kjöklíngaréttur, hrísgrjón og salat	23 Frí en Frístund opin Hrísgrjónagraftur, brauð og álegg	24 Aðfangadagur
25 Jóla- dagur	26 Annar í jólum	27 Frí en Frístund opin Soðinn fiskur, kartöflur, salat og tómatafeiti	28 Frí en Frístund opin Kjötballur í sósu og spaghetí	29 Frí en Frístund opin Fiskuréttur í ofni, salat og hrísgrjón	30 Frí en Frístund opin Blómkalssúpa, brauð og álegg	31 Gamlaárs- dagur

Muna:

Skóladeginum lýkur hjá öllum nemendum kl. 13:15 dagana 6. og 7. desember

Litlu jólin eru 20. des, jólafrí hefst að þeim loknum (stuttur dagur - tímasetningar litlu jóla á forsiðu)

Skólastarf hefst að nýju með viðtalsdegi þann 4. janúar en þá mæta allir nemendur og foreldrar til umsýgnarkennara, viðtalstímar verða sendir út í tölvupósti milli jóla og nýárs.



Fréttabréf Naustaskóla

1. tölublað, 5. árgangur, 3. janúar 2012

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson


Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Gangbrautavarsla

Enn er töluvert mörgum vikum óráðstafað á gangbrautinni á vorönninni. Ef þú hefur áhuga á að leggja þitt af mörkum til að tryggja öryggi barnanna okkar á leið í skólann, þá vinsamlegast sendu línu á agust@akureyri.is

Varúð - Lús!

Eins og allir vita fengum við lúsina töluvert í heimsókn til okkar fyrir áramótin. Við leggjum því áherslu á að allir séu vakandi fyrir þessum leiðindagesti nú í byrjun nýja ársins og að foreldrar skoði hár barna sinna fyrir fyrsta skóladaginn og svo öðru hvoru næstu vikurnar. Eina leiðin til að komast fyrir þetta er að ALLIR sýni ábyrgð, fylgist vel með og bregðist skjótt við tilmælum um kemberingar. Lúsinn fer ekki í manngreinaralit og það er enginn óhultur!



Skólabolir og peysur

Á viðtalsdegi þann 4. janúar bjóðum við upp á mátun og pantanir á peysum og bolum merktum Naustaskóla. Hægt er að panta boli og renndar hettupeysur, bolirnir kosta 1.100 kr. en peysurnar 4.000 kr. Hægt er að bæta við nafni nemanda á flikurnar en það kostar 200 kr. aukalega. Hægt er að máta og panta hjá ritara skólans á efri hæð hússins.

Kæra skólasamfélag

Gleðilegt ár og takk fyrir gott samstarf á liðnu ári! Við gerum ráð fyrir að árið 2012 verði viðburðaríkt í Naustaskóla, það er í það minnsta ljóst að skólinn kemur til með að stækka bæði hvað varðar fólksfjölda og húsnæði á árinu. Nú um áramót bætast nokkrir nemendur í hópinn hjá okkur, sem við bjóðum hjartanlega velkomna! Þá eru nemendur skólans orðnir 247 og hefur fjölgað um 6 frá skólabyrjun. Við eigum svo von á a.m.k. 50 nemendum næsta haust og því næsta víst að Naustaskóli fer yfir 300 nemenda markið frá og með næsta hausti. Þar að auki eru uppi áform um að leikskólabörnum verði fjölgað í húsinu hjá okkur þegar rýmkast með auknu húsnæði og má því búast við að það verði um 400 manns að störfum í húsinu okkar næsta haust, börn og fullorðnir. Til að mæta fjölguninni eigum við von á að fá afhenta unglingastigs- og verkgreinaálmuna í ágúst nk. og vonumst við til að þau áform gangi eftir þó að nú þegar hafi reyndar orðið töluverð seinkun á framkvæmdum frá upphaflegri áætlun. Ævintýrið um uppbyggingu og mótun Naustaskóla heldur því áfram af fullum krafti, við erum nú komin með skóla sem hefur mótað sín sérkenni og hefur eins og aðrir skólar sína styrkleika og veikleika sem við höldum áfram að vinna með, viðhalda því sem gott er en fást við að bæta það sem þarf að bæta. Með von um áframhaldandi gott samstarf og árangursríkt skólastarf á því herrans ári 2012!

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Laus störf - breytingar á kennarahópnum

Framundan eru breytingar á kennarahópnum hjá okkur, tvær kennarastöður eru nú lausar til umsóknar og er umsóknarfrestur til 20. janúar. Í 6.-7. bekk losnar staða í næsta mánuði en Gunnþór hefur verið ráðinn skólastjóri við nýjan leik- og grunnskóla í Árskógi og mun hann hefja störf þar í febrúar. Í 4.-5. bekk losnar svo staða í mars þegar Brynja Dögg fer í fæðingarorlof. Hægt er að sækja um störfina á umsóknavef Akureyrarbæjar <http://www.akureyri.is/is/stjornkerfid/vinnustadurinn/storf-i-bodi>

Gjaldskrárbreytingar

Samhliða afgreiðslu fjárhagsáætlunar þessa árs samþykkti bæjarstjórn breytingar á gjaldskrá mótuneyta og Frístunda sem taka gildi frá og með 1. janúar 2012. Gjaldskráin er sem hér segir:

Skólavistun (Frístund):

Skráningargjald 6.280 kr. (innifalið 20 klst vistun)

Hver klukkustund eftir fyrstu 20 klst: 314 kr.

Síðdegishressing pr. dag: 112 kr.

Mötuneyti:

Stök máltíð: 473 kr. máltíðin

Annaráskrift: 350 kr. máltíðin

Annaráskrift á mjólk: 2.500 kr.

Annaráskrift á ávöxtum: 5.700 kr.

ATH: Við gerum ráð fyrir að ávaxta- og mjólkuráskrift

verði óbreytt frá því sem var á haustönninni, þ.e. að þeir sem keyptu þessa þjónustu fyrir áramót haldi því áfram. Þeir sem hafa óskir um breytingar hafi samband við ritara. Gjald fyrir ávaxta- og mjólkuráskrift á vorönn verður innheimt í byrjun febrúar.

Samræmdir matseðlar í grunn- og leikskólum

Um áramótin kom til framkvæmda breyting á skólamatseðlum leik- og grunnskóla bæjarins. Um tilraunaverkefni er að ræða þar sem ákveðið var að hafa sama matseðil í öllum skólunum. Meginmarkmiðið með þessari breytingu er að tryggja að öllum skólabörnum standi til boða hollur og næringarríkur hádegisverður. Matseðillinn nær yfir sjö vikur í senn og er hann aðgengilegur á heimasíðu skólans undir hlekkjunum [skólinn / mótuneyti](#). Þar er hægt að skoða matseðilinn fyrir hvern dag en einnig að sjá innihaldslýsingu máltíða og þegar fram líða stundir verður hægt að sjá útreiknað næringargildi matarins.



Ný reglugerð um “ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins”

Seint á síðasta ári gaf Mennta- og menningamálaráðuneytið út reglugerð sem hafði verið töluvert lengi í vinnslu en hún fjallar, eins og nafn hennar gefur til kynna, um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Þetta þýðir að reglugerðin fjallar m.a. um skólareglur og leysir af hólmi eldri reglugerð um skólareglur. Nýja reglugerðin er að ýmsu leyti skýrari og afdráttarlausari, t.d. hvað varðar ábyrgð starfsfólks, nemenda og forráðamanna, en hér á eftir má einmitt finna þann hluta reglugerðarinnar til glöggvunar. Í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar munum við nú hefjast handa við gerð formlegra skólareglna en við höfum einmitt hinkrað með það verk þar til reglugerðin væri komin út með þeim leiðbeiningum sem þar er að finna. Reglugerðina í heild má finna hér: http://www.naustaskoli.is/static/files/2011_2012/reglugerd_abyrgd.pdf

II. KAFLI

Ábyrgð, réttindi og skyldur.

3. gr.

Ábyrgð, réttindi og skyldur starfsfólks skóla.

Starfsfólk skóla skal ávallt bera velferð nemenda fyrir brjósti og leggja sig fram um að tryggja nemendum öryggi, vellíðan og vinnufrið til að þeir geti notið skólagöngu sinnar. Starfsfólki ber að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólastarfi og góðri umgengni. Starfsfólk skal sýna nærgætni og gæta virðingar í framkomu sinni gagnvart nemendum, foreldrum og samstarfsfólki og gæta þagmælsku, nema þegar um er að ræða tilkynningarskyldu gagnvart barnaverndarlögum. Stjórnendum skóla ber að vinna markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti allra í skólanum og í þeirri vinnu skal taka sérstaklega mið af aldri og þroska nemenda. Ef mál koma upp í skólanum sem tengjast óæskilegri hegðun og framkomu nemenda skal fara með slík mál skv. 6. kafla reglugerðar þessarar. Skólastjórnendum og kennurum ber að eiga samstarf við foreldra um hegðun, líðan og samskipti barna þeirra. Umsjónarkennarar skulu upplýsa foreldra reglulega um skólabrag og bekkjarbrag og leita eftir uppbyggjandi samstarfi við foreldrahópinn um hvorutveggja. Starfsfólki skóla ber að taka afstöðu gegn líkamlegu, andlegu og félagslegu ofbeldi í skólanum. Ef slík tilvik koma upp skal bregðast við þeim samkvæmt stefnu skólans, sbr. 3. kafla reglugerðar þessarar. Skólastjórnendum og kennurum ber að upplýsa foreldra ef ítrekað er fundið að hegðun eða framkomu nemanda í öllu starfi á vegum skóla, þ. á m. í útiveru á skólatíma og í ferðum utan skólalóðar á vegum skólans.

4. gr.

Ábyrgð, réttindi og skyldur nemenda.

Nemendur skulu sækja grunnskóla nema veikindi eða önnur forföll hamli. Nemendur bera ábyrgð á eigin námi, framkomu sinni, háttsemi og samskiptum við skólasystkin og starfsfólk skóla, þ.m.t. rafrænum samskiptum og netnotkun með hliðsjón af aldri og þroska þeirra. Nemendur eiga rétt á að láta skoðanir sínar í ljós í málum sem þá varðar og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þeirra. Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks skóla, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin. Nemanda skal gefinn kostur á að tjá sig ef fundið er að hegðun hans vegna brota á skólareglum.


5. gr.

Ábyrgð, réttindi og skyldur foreldra.

Foreldrar skólaskylds barns bera ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það kemst á skólaskyldualdur og sækir skóla. Foreldrar bera ábyrgð á uppeldi barna sinna. Þannig bera foreldrar einnig ásamt börnum sínum ábyrgð á hegðun þeirra og framkomu gagnvart samnemendum og starfsfólki skóla og eiga að bregðast við afleiðingum hegðunar barna sinna í skóla. Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna og ber að stuðla að því að þau stundi nám sitt. Þeim ber að fylgjast með námsframvindu í samvinnu við þau og kennara. Foreldrar skulu fá tækifæri til að taka þátt í námi barna sinna, sem og í skólastarfinu almennt í samráði við umsjónarkennara og skólastjórnendur. Foreldrum ber að greina skólanum frá þeim þáttum sem kunna að hafa áhrif á námsframvindu, ástundun og hegðun, s.s. um vanlíðan barna sinna og áföll sem gætu haft áhrif á skólagönguna, sem og þegar breytingar verða á högum þeirra og aðstæðum. Foreldrum er skylt að vinna að lausn mála í samstarfi við skóla, sérfræðipjónustu og fræðsluyfirvöld sveitarfélaga þegar misbrestur verður á hegðun og framkomu barna þeirra. Foreldrum ber ásamt barni að taka þátt í meðferð máls, en telji foreldrar eða stjórnendur skóla að ekki ríki trúnaður eða traust í tengslum við umfjöllun um mál barns er æskilegt að leita aðstoðar óvilhalls aðila.

Bókasafnið eflist

Á árinu 2010 skiluðu grunn- og leikskólar bæjarins í sameiningu nokkrum afgangi frá rekstri, sem má telja undragóðan árangur miðað við árferði og þær aðhaldsaðgerðir sem þurft hefur að fara í. Skólanefnd ákvað í haust að hluta þessara fjármuna yrði skipt milli skóla bæjarins í hlutfalli við nemendafjölda og skyldi skólaráð á hverjum stað ákveða hvernig þeim yrði varið. Rúmlega 500 þúsund krónur komu í hlut Naustaskóla og var ákveðið að verja peningunum alfarið til að efla bókasafn skólans. Í desember var því umtalsvert verslað af bókum og er því um nóg að velja fyrir nemendur til að lesa nú á nýju ári, bæði hvað varðar skemmti- og fræðiefni af ýmsu tagi.




Skólapúlsinn

Í nóvember tókum við í fyrsta sinn þátt í að leggja fyrir spurningakönnun sem kallast Skólapúlsinn. Um er að ræða nokkurn fjölda spurninga sem lagðar eru fyrir nemendur í 6.-10. bekk og nær þessi könnun nú orðið til u.þ.b. 60% nemenda landsins í þessum aldurshópi. Framkvæmdin er þannig að hver og einn nemandi svarar könnuninni einu sinni yfir veturinn, í stærri skólum er könnunin lögð fyrir hluta nemenda mánaðarlega en hjá minni skólum, eins og t.d.

Naustaskóla, er könnunin lögð fyrir helming nemenda í nóvember en hinn helminginn í apríl. Einn helsti kosturinn við þessa könnun er að hún er samin af sérfræðingum, við gerð spurninga er m.a. tekið mið af erlendum könnunum s.s. PISA og gætt er að því að aðferðafræði sé eins og best

Liður 2: Í tímum fá nemendur tækifæri til að koma skoðunum sínum um ákveðin viðfangsefni á framfæri.



Dæmi um jákvæðar niðurstöður í könnuninni, lituðu súlurnar eru svör nemenda í Naustaskóla en gráu súlurnar er uppsafnaðar niðurstöður á landsvísu.

gerist. Þar að auki fæst góður samanburður við niðurstöður á landsvísu á hverjum tíma. Niðurstöður könnunarinnar hjá okkur voru í heildina tekið jákvæðar og sýna fram á ótvíræða styrkleika, en að sjálfsögðu einnig veikleika sem við þurfum að fást við. Af 19 þáttum sem eru mældir er Naustaskóli ofan landsmeðaltals í 13 þáttum en undir meðaltali í 5 þáttum. Meðal þess sem er afar ánægjulegt er að í Naustaskóla virðist vera marktækt minni upplifun eineltis en að landsmeðaltali, nemendum líður yfirhöfuð vel í skólanum, þeir telja sig fá aðstoð frá kennurum, samband nemenda og kennara virðist vera gott og nemendur virðast marktækt vera virkari þátttakendur í námi sínu en gengur og gerist, þ.e.a.s. að nemendur fá að koma sínum hugmyndum og skoðunum á framfæri, ræða um námið og tekið er tillit til þeirra sjónarmiða. Helsti veikleikinn sem fram kemur í könnuninni snýr að “aga í tímum” en hann mælist marktækt undir landsmeðaltali. Þegar rýnt er í þær niðurstöður kemur í ljós að ekki er endilega um að ræða að til staðar sé viðvarandi óróleiki eða hávaði heldur er fyrst og fremst um að ræða svörun við spurningunum “kennarinn þarf að bíða lengi eftir því að nemendur róist” og “nemendur byrja ekki að vinna fyrr en langt er liðið á kennslustundina” en t.d. í svörum við fullyrðingunni “það er hávaði og óróleiki” var lítill munur frá landsmeðaltali. Þetta er í ágætu samræmi við okkar tilfinningu, þ.e.a.s. að okkur finnst oft töluverður tími fara til spillis, sérstaklega í byrjun kennslustunda þegar erfitt getur reynst að ná eyrum og athygli hjá nokkrum hópi nemenda. Þetta er nokkuð sem við ætlum að beina athyglinni að nú á nýja árinu og leitast við að bæta úr, enda mikilvægt að við nýtum tímann sem best til náms og starfa í skólanum og grátlegt ef nokkrir einstaklingar ná að skemma fyrir heildinni að þessu leyti. Má búast við að við leitum liðsinnis hjá foreldrum þessara einstaklinga og biðjum við þá um að taka þeirri málaleitan vel og aðstoða okkur eftir föngum.

Þess má geta að á heimasíðu skólans undir hlekkjunum **skólinn / matsgögn og skýrslur** söfnum við saman ýmsum gögnum sem lúta að mati á skólastarfinu. Þar má m.a. sjá niðurstöður Skólapúlsins í heild sinni, niðurstöður samræmdra prófa og læsisprófa o.fl.

Við fengum aldeilis góðan gest í heimsókn fyrir jólin þegar sjálfur Mugison kíkta við hjá okkur og tók lagið með nemendum. Myndir frá þessari uppákomu má nálgast á heimasíðu skólans ásamt fjölda annarra mynda t.d. frá jólapemadögnum, litlujólunum o.fl.





Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Janúar 2012

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	2. febrúar Frí en Frístund opin (Gufusoðin ýsa, kartöflur, gúrka og tómatsósa)	3. Starfsdagur, Frístund opin (Hakkabúff, kartöflu-mauk, baunir, salat og lauksósa)	4. Viðtalsdagur, Frístund opin (Öfnbakaður þorskur í blaðlaukssósu, hrísgrjón og salat)	5. Steiktir kjúklingaleggir, kartöflur, salat og sósa	6. Skr, brauð og álegg Þrettándinn	7.
8.	9. Steiktur fiskur, kartöflur, soðið grænmeti og dressing	10. Kjötbullur í brúnni sósu, kartöflur, rauðkál, salat Opíð hús 6-7b 16:30-18:30 Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	11. Öfnbokað ýsa, hrísgrjón, soðnar gulrætur, salat Opíð hús 4-5 b 16:30-18:30	12. Súrsætur svínapottrétur, hrísgrjón, salat Rafmagnslaus dagur	13. Skinkupasta, brauð, salat	14.
15.	16. Spaghetifiskur og salat	17. Soðið slátur, kartöflur, rófur, jafningur Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	18. Fiskibollur, kartöflur, sósa, salat	19. Grænmetisbuff, hýðishrísgrjón, mais-baunir, salat	20. Hrísgrjónagrautur, slátur Bóndadagur / ullarfatadagur	21.
22.	23. Svikkinn héri, kartöflur, baunir, salat, sósa	24. Ýsa Björkeby, kartöflur, salat Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	25. Steikt lambakjöt, kartöflur, grænmeti, sósa	26. Fiskipottrétur, hrísgrjón og salat	27. Broccolisúpa, heimbakað brauð og smjör	28.
29.	30. Fiskubúðingur, hrísgrjón, karrýsósa, gulrætur	31. Kjotsúpa og rósmarín-brauð Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	1. febrúar Grænmetisgratín, hrísgrjón og salat	2. Gufusoðin ýsa, kartöflur, gulrætur og sósa	3. Pottrétur, kartöflur, rauðkál og salat Dagur stærðfræðinnar	4.



Viðtalsdagur 4. janúar - tímasetningar viðtala má finna á heimasíðu skólans

Kennsla að loknu jólahefði hefst skv. stundaskrá fimmtudaginn 5. janúar.

Gleðilegt nýtt ár!



Fréttabréf Naustaskóla

2. tölublað, 5. árgangur, 2. febrúar 2012

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Ávextir og mjólk

Mánaðarlegir greiðsluseðlar frá skólanum eru nokkuð hærri um þessi mánaðamót en í meðalmánuði. Skýringin er sú að við erum nú að innheimta gjald fyrir ávaxta- og mjólkuráskriftina, þetta er hins vegar bara gert einu sinni á önn..

Upplstrarkeppni

Nemendur 7. bekkjar eru þessar vikurnar að æfa sig í upplestri og föstudaginn 17. febrúar verður svo keppni hjá okkur þar sem valdir verða þeir fulltrúar skólans til að keppa á Stóru upplestrarkeppni grunnskólanna á Akureyri sem haldin verður í MA þann 7. mars.

Átt þú ónotuð spil?

Krakkarnir okkar eru afskaplega dugleg við að nota lausar stundir til að spila hin ýmsustu spil. Nú langar þau mjög mikið að bæta við fleiri spilum t.d. Risk og Monopoly.. Getur verið að þessi spil eða önnur liggi kannski ónotuð á einhverju heimilinu???

Kæra skólasamfélag

Það er sannarlega gaman að vinna í skóla og eitt af því sem gerir það svo skemmtilegt er að "efniviðurinn" er lifandi og stundum óútreiknanlegur, engir tveir dagar eru eins og það gerist margt á stórum vinnustað, oftast skemmtilegir hlutir en líka stundum erfiðir eins og gengur. Það er nefnilega þannig að börnin okkar gera stundum mistök, eins og reyndar við sjálf - þó það nú væri - þau eru nefnilega börn! Við fullorðna fólkið gleymum stundum hversu eðlilegt þetta er og verðum pirruð á þessu, ætlumst til þess að krakkarnir kunni alla hluti, fæðist snillingar í samskiptum og lendi aldrei í neinum árekstrum, það er dálítið galið ekki satt! Við verðum jafnvel upptekin af því að finna sökudólga þegar í raun er bara um ósköp eðlilega hluti að ræða. Það er einfaldlega okkar hlutverk að leiðbeina börnunum og það er ekkert eðlilegra en að börn lendi í margvíslegum árekstrum og uppákomum sem við þurfum að ræða við þau, finna út orsakir og vinna í sameiningu að bættri líðan og hegðun. Þetta er væntanlega veruleikinn í öllum skólum, öllum fjölskyldum og alls staðar þar sem fengist er við uppeldi. Ef við náum að sættast við þetta hlutverk okkar getum við jafnframt farið að hafa svolítið gaman af því, þegar upp er staðið er þetta allt saman nefnilega eitt af því sem gerir lífið svolítið dásamlegt, ekki satt?

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Nýir kennarar í hópinn

Nú hafa verið ráðnir tveir nýir kennarar að skólanum. Það eru Andri Snær Stefánsson og Sigríður Jóna Ingólfsdóttir. Andri Snær hefur störf hjá okkur nú í byrjun febrúar og kemur í stað Gunnþórs sem umsjónarkennari í 6.-7. bekk, en Gunnþór hefur verið ráðinn skólastjóri við Árskógsskóla. Sigríður Jóna mætir svo til starfa í byrjun mars og leysir Brynju af sem umsjónarkennari í 4.-5. bekk þegar Brynja fer í fæðingarorlof. Við bjóðum nýja kennara hjartanlega velkomna í hópinn en þökkum um leið Gunnþóri fyrir samfylgdina og vel unnin störf og óskum honum velfarnaðar á nýjum vettvangi. Brynju þurfum við ekkert að kveðja...

Stórgóður árangur í spurningakeppni grunnskólanna

Fulltrúar Naustaskóla í spurningakeppni grunnskólanna á Norðurlandi, þau Kristófer, Odda og Pétur, stóðu sig frábærlega, komust alla leið í úrslit í keppninni og urðu í öðru sæti! Í riðlakeppninni unnu þau lið bæði Brekkuskóla og Hrafnagilsskóla, í undanúrslitum lögðu þau lið Síðuskóla en í sjálfri úrslitaviðureigninni töpuðu þau fyrir Dalvíkingum. Sannarlega glæsilegur árangur hjá krökkunum sem eru náttúrulega öll bara í 9. bekk.

Námskeið - jákvæður agi

Ákveðið hefur verið að bjóða upp á foreldranámskeið um "Jákvæðan aga". Námskeiðið verður opið foreldrum barna í Naustaskóla, Naustatjörn, Glerárskóla og Hrafnagilsskóla og mun kosta 1.500 kr. pr. þátttakanda. Námskeiðið verður haldið í Naustaskóla og inniheldur þrjú síðdegi kl. 17-19, þ.e. miðvikudaginn 29. febrúar, þriðjudaginn 6. mars og þriðjudaginn 13. mars. (Þetta er að hluta til upprifjun og endurtekning á námskeiði sem haldið var síðastliðinn vetur, kynning á stefnunni, ýmis gagnleg ráð fyrir uppalendur og tækifæri til að skiptast á ráðum varðandi uppeldi barnanna okkar. Síðan er ætlunin að bjóða upp á ítarlegra 7 vikna námskeið næsta haust.) Áhugasamir um þriggja kvölda námskeið framangreinda daga eru beðnir um að skrá sig á vefslóðinni hér fyrir neðan. Haft verður samband við þátttakendur með tölvupósti þegar nær dregur, áhugasamir vinsamlegast skrá sig fyrir 10. febrúar. <http://www.surveymonkey.com/s/LLPQMWN>

Hæfileikakeppnin "Naustaskóli's got talent"

Hin árlega hæfileikakeppni nemendaráðs skólans var haldin 2. febrúar og bar hún ofangreint nafn að þessu sinni en í fyrra skartaði hún heitinu "N-faktor". Í ár voru 11 attriði í keppninni og voru þau af ýmsu tagi en hlutskarpast varð myndband sem þær Hildur, Æsa og Véný í 8. bekk höfðu búið til. Í öðru sæti varð Crispin í 6. bekk með töfrabrogið en í þriðja sæti urðu Ásta og Sara í 4. bekk með söngatriði. Allt löðrandi í hæfileikum í skólanum okkar!



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Febrúar 2012

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	30. janúar Fiskbúðingur, hrísgrjón, karrýsósá, gulrætur	31. janúar Kjötsúpa og rósmarín-brauð	1. febrúar Grænmetisgratín, hrísgrjón og salat	2. Gufusoðin ýsa, kartöflur, gulrætur og sósá Hæfileikakeppni hjá 4.-9. bekk Spurningakeppni grunnskólanna	3. Pottréttur, kartöflur, rauðkál og salat Dagur stærðfræðinnar Hundrað daga hátíð hjá 1. bekk	4.
5.	6. Plokkfiskur, kartöflur og rúgbrauð OPIN VÍKA	7. Lasagna, kartöflumauk og salat Opíð hús 6-7b 16:30-18:30 Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	8. Fiskur í raspi, hrísgrjón, salat og sólskinssósá Opíð hús 4-5 b 16:30-18:30 Kynningarfundur v/ skólavals 2012	9. Hrísgrjónagrautur og slátur	10. Pizza og salat	11.
12.	13. Hakk, spaghetti og salat	14. Gufusoðinn fiskur, kartöflur, salat og tómatsósá Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	15. Grisasnitsel, steiktur kartöflur, grænar baunir, salat og sósá Opíð hús v/ skólavals 2012 kl. 9-11	16. Snakk-ýsa, hrísgrjón og salat	17. Grænmetisúpa, brauð og álegg Upplstrarkeppni 7. bekkjar	18.
19.	20. Fiskibollur í tómatsósú, kartöflur og salat	21. Saltkjöt og baunir Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	22. Öskudagur - vetrarfrí Frístund opin (Dönbakaður fiskur í blaðlaukssósú, kryddgrjón og salat)	23. Vetrarfrí - Frístund opin (Steiktur kjúklingur, kartöflubátar, salat og sveppasósá)	24. Vetrarfrí - Frístund opin (Skyr, brauð og álegg)	25.
26.	27. Steiktur fiskur, kartöflur, salat og vorlauksdressing	28. Kjötbollur í brúnni sósú, kartöflur, salat og rauðkál Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	29. Gratinerður fiskur, hrísgrjón og soðið grænmeti	1. mars Ítalskur lambakjötsréttur, kartöflustappa og salat	2. Kjúklingapasta, heimbakað brauð og salat Dóttadagur	3.

Munið opnu vikuna 6.-10. febrúar - foreldrar og forráðamenn sérstaklega hvattir til að kíkja við í skólanum og fylgjast með starfinu á venjulegum skóladögum.

Vetrarfrí verður dagana 22.-24. febrúar, nemendur eiga frí þá daga en Frístund verður opin fyrir þá sem þar eru skráðir, skráning verður auglýst í tölvupósti snemma í febrúar.



Fréttabréf Naustaskóla

3. tölublað, 5. árgangur, 3. mars 2012

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Mentor í snjallsíma

Mentor hefur nú kynnt fyrstu snjallsímaútgáfuna af vefkerfi sínu. Í þessari útgáfu má skoða stundatöflu, ástundun, bekkjarlista, fréttir frá skólanum og heimavinnu. Notendur þurfa fara inn á m.mentor.is og skrá sig inn með notanda- og lykilorði rétt eins og þegar þeir skrá sig inn á Mentor í tölvunni.

Tónsmíðar nemenda

Nemendur í 4.-5. bekk bjuggu til og tóku upp sín eigin lög í tónmennt fyrir áramótin. Þetta eru hinar athyglisverðustu tónsmíðar sem eru aðgengilegar á netinu á síðunni www.soundcloud.com/naustaskoli



Upplestrarkeppni 7. bekkjar

Nemendur í 7. bekk hafa í vetur unnið að því hörðum höndum að æfa sig í upplestri og framsögn. Hápunktur þessarar vinnu var þegar haldin var Upplestrarkeppni 7. bekkjar þar sem nemendur fluttu texta og ljóð fyrir framan dómnefnd og áhorfendur. Krakkarnir stóðu sig auðvitað öll frábærlega en það voru þau Ugly, Elvar og Enóla sem þóttu skara fram úr að þessu sinni. Þau hljóta því þann heiður að verða fulltrúar Naustaskóla í Stóru upplestrarkeppninni á Akureyri sem fram fer þann 7. mars nk. Á myndinni hér fyrir ofan má sjá verðlaunahafana ásamt dómnefndinni.

Kæra skólasamfélag

Það sem ber hæst hjá okkur í marsmánuði er að sjálfsögðu árshátíðin okkar sem fyrirhugað er að halda fimmtudaginn 15. mars, og verður skólastarfið auðvitað mjög litað af undirbúningi hennar næstu daga. Fyrirkomulagi hátíðarinnar reynum að haga því með þeim hætti að allt komist sem best fyrir, sem er óneitanlega nokkuð erfitt þar sem við höfum ekki yfir að ráða samkomusal enn sem komið er og það er vissulega þröngt um okkur í vetur, en það stendur nú allt til bóta næsta vetur.. Hugmyndin er að hafa þrjár sýningar og er markmiðið að allir nemendur geti látið ljós sitt skína, en við ætlum líka að reyna að koma hlutunum þannig fyrir að systkini sýni á sömu sýningunni, foreldrum til hægðarauka :) Skipulag árshátíðarinnar verður nánar auglýst með tölvupóstum og auglýsingum á heimasíðu á allra næstu dögum. Meðal annarra viðburða í mars má nefna að fyrirhugað er að hafa útivistardag í Hlíðarfjalli þann 21. mars, nemendur í 7. bekk fara í skólabúðir í síðustu viku mánaðarins, þá fá nemendur 6. bekkjar væntanlega að gista í skólanum, við höfum "mottudag" og "gulan dag" og margt fleira gerum við okkur til skemmtunar meðfram því sem við höldum auðvitað öll áfram að læra, jafnt börn sem fullorðnir!

Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Undirbúningur fyrir næsta skólaár

Nú er þar komið í hringrás tímans að við erum farin að huga að næsta skólaári. Gert er ráð fyrir að skólaásetning verði miðvikudaginn 22. ágúst og samræmd vetrarfrí skólanna verði 29.-30. október og 13.-15. febrúar. Þetta eru dagsetningar sem gott getur verið fyrir foreldra að hafa í huga við skipulagningu fría og ferðalaga næsta vetur! Næsta haust bætast við u.þ.b. 50 nýir nemendur í hópinn en auk þess fjölga leikskólabörnum í húsinu hjá okkur og verða þá komnar tvær deildir frá Naustatjörn í húsnæðið til okkar. Á sama tíma tökum við í notkun heilmikið húsnæði og erum að huga að skipulagningu og niðurröðun í það, búnaðarkaupum o.s.frv. Það er því sannarlega að nógu að hyggja enda er skólinn okkar smátt og smátt að verða stór og sterkur! Við erum svo að rétt að byrja að huga að uppröðun kennara í teymi næsta vetur en nokkur bið er á að öll kurl verði komin til grafar hvað þau mál varðar því fyrirséð er að við þurfum að ráða 5-6 nýja kennara að skólanum þetta vorið. Þar kemur í fyrsta lagi til að skólinn er að stækka það mikið að það kallar á fleiri stöðugildi, en síðan er Ása á leið í fæðingarorlof í vor og Sígga ætlar í námsleyfi næsta vetur. Því er hætt við að nöfn umsjónarkennara fyrir næsta vetur verði ekki ljós fyrr en seint í maí.

Naustaskóli í Landanum í Sjónvarpinu

Um daginn kom Naustaskóli við sögu í þætti af Landanum í Ríkissjónvarpinu. Þar var skólaþróun til umfjöllunar og var af því tilefni leitað til Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri og fjallað um nýjar kennsluaðferðir m.a. varðandi læsiskennslu sem Háskólinn hefur stutt skóla við að innleiða. Þar sem við í Naustaskóla höfum verið að tileinka okkur þessar aðferðir og verið bærilega óhrædd við að prófa nýja hluti, var leitað til Naustaskóla með efnistösk og viðmælendur í þættinum. Þetta var hið skemmtilegasta innslag sem gefur ágætis innsýn í hluta skólastarfsins hjá okkur. Þeir sem misstu af þættinum geta nálgast hann á netinu á slóðinni:

<http://ruv.is/sarpurinn/landinn/26022012/kennsluadferdir-i-laesi>



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Mars 2012

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	27. Steiktur fiskur, kartöflur, salat og vorlauksdressing	28. Kjötbullur í brúnni sósu, kartöflur, salat og rauðkál Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	29. Gratineraður fiskur, hrisgrjón og soðið grænmeti	1. mars Ítalskur lambakjötsréttur, kartöflustappa og salat	2. Kjúklingapasta, heima- bakað brauð og salat Dótadagur	3.
4.	5. STARFS DAGUR Frístund lokað frá kl. 12:15 (Karrýtómatfiskur, hrisgrjón og salat)	6. Soðið slátur, kartöflur, rófur og jafningur Opíð hús 6-7b 16:30-18:30 Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	7. Fiskiklattar, kartöflur, salat og blaðlaukssósa Opíð hús 4-5 b 16:30-18:30	8. Grænmetisbuff, hrisgrjón, salat og kryddjurtasósa	9. Hrisgrjónagrautur og slátur	10.
11.	12. Kjötþúðingur, kartöflur, salat, grænar baunir og brún sósa	13. Steikt bleikja, hrisgrjón, salat og rækjuostasósa Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	14. Kjöt, karrýhrisgrjón og salat	15. Fiskipottréttur, kartöflur og salat ÁRSHÁTÍÐ !	16. Grænmetisúpa og heimabakað brauð Árshátíðarböll	17.
18.	19. Fiskibollur, kartöflur, salat og karrýsósa	20. Íslensk kjötsúpa Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	21. Grænmetis- og bauna- bollur, hrisgrjón og sósa Útivistardagur	22. Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti og lauksmjör	23. Gúllas, hrisgrjón og salat Mottudagurinn	24.
25.	26. Plökkfiskur og rúg- brauð 7. bekkur í skólabúðum þessa viku	27. Lasagna, kartöflur, salat og tómatsósa Opíð hús 8-10b 19:30-21:30	28. Fiskur í raspi, hrisgrjón, salat og sólskinsdress- ing	29. Hrisgrjónagrautur og slátur	30. Pizza og salat Gulur dagur	31. PÁSKAFRÍ

Munið: Mánudagurinn 5. mars er starfsdagur, frí hjá nemendum, Frístund opin fyrir hádegi fyrir þá nemendur sem þar eru skráðir.

Árshátíð skólans verður haldin fimmtudaginn 15. mars - Nánar auglýst síðar!

Páskafri hefst 31. mars, kennsla hefst að nýju skv. stundaskrá þriðjudaginn 10. apríl.



Fréttabréf Naustaskóla


4. tölublað, 5. árgangur, 7. apríl 2012

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Lúsín - aftur?

Eins og allir vita kom aftur upp lús hjá okkur rétt fyrir páskana. Það er því afar mikilvægt að allir kambi og skoði hár barna sinna vel og vandlega nuna áður en mætt er í skólann svo við náum að fyrirbyggja faraldur.



Munið að nauðsynlegt er að tilkynna til skólahjúkrunarfræðings eða skólastjórnenda ef vart verður við lús hjá nemendum skólans.

Lausar stöður

Nú hafa verið auglýstar nokkrar kennarastöður við skólann fyrir næsta vetur. Hægt er að sækja um stöðurnar á vef Akureyrarbæjar og þar er einnig að finna nánari upplýsingar um störf. Umsóknarfrestur er til 30. apríl nk.

Könnun meðal foreldra

Í apríl leggjum við könnun fyrir foreldra þar sem við biðjum um aðstoð við að leggja mat á ýmsa þætti í skólastarfinu. Afar mikilvægt er að foreldrar bregðist vel við þessari umleitan og taki þátt í könnuninni. Þannig fáum við gagnlegar upplýsingar sem nýtast við draga fram styrkleika og veikleika í starfinu og leggja þannig línurnar um starfið í framtíðinni.



Kæra skólasamfélag

Aprílmánuður er mættur til leiks, af því tilefni hækkar sólin sífellt meir á lofti og vorið nálgast óðfluga. Skóladagatalið er dálítið tætingslegt þennan mánuðinn eins og sjá má á baksíðu fréttabréfsins, ekki nema ein heil kennsluvika en nóg af almennum frídögum auk starfsdags og viðtalsdags sem skerast í leikinn. Við höfum fengið nokkrar athugasemdir við það í vetur að of mikið sé af stökum starfsdögum og viðtalsdögum í skóladagatali ársins, þ.e. frídagar hjá nemendum sem ekki liggja að öðrum fríum. Við töfum þessar athugasemdir alvarlega og höfum þær til hliðsjónar við gerð skóladagatala næsta vetrar. Eins og sjá má ganga byggingaframkvæmdir við skólann vel og er nú unnið að fullum krafti að innanhússfrágangi á verkgreinastofum og unglingastigssvæðinu sem við eigum að fá afhent í sumar. Þá er unnið að því að setja þak yfir verðandi miðrymi skólans, af þeim sökum þurfti m.a. að rífa þakið af stigahúsinu hjá okkur núna fyrir páskana og koma þar fyrir stálbitum og nýju þaki, en einnig hafa nemendur og starfsfólk orðið nokkuð fyrir hávaða og truflunum af framkvæmdunum á undanförunum vikum. Við bindum nú vonir við að við séum komin yfir versta hjallann hvað þetta varðar og við verðum ekki fyrir miklum áhrifum af framkvæmdunum fram á vorið. Og svo er bara hægt að fara að hlakka til stærra húsnæðis og bættrar aðstöðu næsta haust. Já er ekki lífið bara dásamlegt :) Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Breytingar á starfsliði

Nú um mánaðamótin lét Ari smíðakennari af störfum hjá okkur þar sem hann er að flytjast búferlum af svæðinu. Þau Brynjar húsvörður og Hrafnhildur í Frístundinni ætla að brúa bilið með smíðakennsluna fram á vorið, Hrafnhildur tekur að sér hópana í 4.-5. bekk en Brynjar verður með eldri nemendurnar. Svo er komið að því að Ása þarf að fara að hefja fæðingarorlof og því kemur nýr kennari í hópinn til afleysinga, það er Kolbrún Sigurgeirsdóttir sem mun leysa af í 6.-7. bekk fram á vorið. Við þökkum Ara fyrir samfylgdina í vetur og bjóðum Kolbrúnu velkomna til starfa.

Niðurstöður læsisprófa

Þrisvar yfir veturinn eru svokölluð læsispróf lögð fyrir nemendur í 1.-2. bekkjum í Naustaskóla og öðrum skólum þar sem stuðst er við kennsluaðferðina Byrjendalæsi. Nú liggja fyrir niðurstöður úr annarri fyrirlögn vetrarins og eins og jafnan áður eru þær afar jákvæðar fyrir okkur og sýna góðan árangur okkar nemenda í lestrarnáminu, ekki síst í samanburði við aðra skóla. Áhugasamir geta kynnt sér þessar niðurstöður og einnig önnur gögn sem lúta að mati á skólastarfinu á vef skólans, á slóðinni

http://www.naustaskoli.is/page/matsgogn__skyrslur

Foreldrastarfið - bekkjarkvöld

Nú er komið að síðustu bekkjarkvöldalotu vetrarins og við minnum þá foreldra sem bera ábyrgð á að kalla til fundar til undirbúnings fyrir bekkjasamkomu apríl-maimánaða að blása til undirbúningsfundanna hið fyrsta. Hugmyndir að viðfangsefnum bekkjarkvölda og nöfn ábyrgðaraðila má nálgast á slóðinni: http://www.naustaskoli.is/page/foreldrastarf_vetrarins

Fræðslufundur fyrir foreldra og nemendur í 8.-9. bekk

Þriðjudaginn 17. apríl kl. 18 er fyrirhugað að halda fræðslufund fyrir nemendur í 8.-9. bekk og foreldra þeirra um tölvunotkun og ýmislegt hafa þar huga verðandi þau mál. Við biðjum þennan hóp um að taka þennan tíma frá en minnt verður á fundinn með tölvupósti þegar nær dregur.



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Apríl 2012

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
1.	2. PÁSKAFRÍ Frístund opin (Hakkréttur, kartöflustappa og salat)	3. PÁSKAFRÍ Frístund opin (Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti og tómatsósa)	4. PÁSKAFRÍ Frístund opin (Lambasnitsel, steiktur kartöflur, salat og sósa)	5. SKÍRDAGUR	6. FÖSTUDAGURINN LANGI	7.
8. PÁSKA-DAGUR	9. ANNAR Í PÁSKUM	10. Hakkabuff, kartöflur, salat og lauksósa Opið hús 6-7b 16:30-18:30 Opið hús 8-10b 19:30-21:30	11. Ýsa Björkeby, kryddgrjón og salat Útivistardagur Opið hús 4-5 b 16:30-18:30	12. Steiktur kjúklingur, kartöflur, salat og vor-lauksdressing	13. Skyr, brauð og álegg	14.
15.	16. Steiktur fiskur, kartöflur, salat og pipardressing	17. Kjötbullur, kartöflur, baunir, salat og sósa Fræðslufundur fyrir 8.-9b + foreldra Opið hús 8-10b 19:30-21:30	18. SAMRÁÐ / MAT Viðtöl hjá hluta nemenda en annars frí - Frístund opin (Snakkfiskur, hrísgrjón og salat)	19. SUMARDAGURINN FYRSTI	20. STARFSDAGUR FRÍSTUND LOKUÐ	21.
22.	23. Öfnbakaður fiskur í blaðlauksrjóma, hrísgrjón og salat	24. Soðið slátur, kartöflur, rófur og jafningur Opið hús 8-10b 19:30-21:30	25. Fiskibollur í tómatsósu, kartöflur og salat 4. bekkur fer í skólábúðir	26. Grænmetislasagna, hrísgrjón og salat 4. bekkur í skólábúðum	27. Hrísgrjónagrautur, brauð og álegg 4. bekkur kemur heim	28.
29.	30. Svikinn héri, kartöflur, rauðkál og brún sósa	1. maí FRÍ	2. Kjöt, og karrý, hrísgrjón og salat	3. Fiskipottréttur, hrísgrjón og salat	4. Kartöflu- og lauksúpa, brauð og smjör	5.

Munið:

Miðvikudaginn 11. apríl verður útivistardagur ef veður leyfir.

Miðvikudagurinn 18. apríl er samráðs- og matsdagur. Þá er hægt að óska eftir viðtali við umsjónarkennara og eins eru sumir boðaðir til viðtals. Frístund opin fyrir þá sem þar eru skráðir.

20. apríl er starfsdagur og frístund er einnig lokuð þann dag.



Fréttabréf Naustaskóla

5. tölublað, 5. árgangur, 1. maí 2012

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Gangbrautavarsla

Nú eru fjórar síðustu vikur skólaársins "lausar til umsóknar" hvað varðar gangbrautavörsluna. Morgunstund gefur gull í mund :) Áhugasamir bjóði sig fram með tölvupósti á netfangið agust@akureyri.is

Útiþróttir

Um miðjan mánuðinn (frá 14. maí) gerum við ráð fyrir að verði komin sumarblíða og að frá þeim tíma verði íþróttakennslan alfarið utandyra. Við biðjum því um að frá og með tíma verði nemendur sérstaklega vel búnir til útiveru...

Útivistartíminn

Frá og með 1. maí lengdist útivistartími skv. lögum, nú mega börn 12 ára og yngri vera úti til kl. 22 en 13-16 ára mega vera úti til kl. 24. Rétt er þó að taka fram að foreldrar ráða að sjálfsögðu útivistartíma sinna barna, og sjálfsgætt að muna að flest börn og unglingar þurfa að minnsta kosti 9-10 tíma svefn!!

Kæra skólasamfélag

Um miðjan apríl bárust okkur þær gleðifréttir að ákvörðun hefði verið tekin um að flýta framkvæmdum við miðrými skólans. Þetta þýðir að í haust fáum við ekki aðeins afhentar list- og verkgreinastofur og kennslusvæði unglingastigs eins og áður hafði verið stefnt að, heldur einnig matsal og samkomusal skólans. Það er ljóst að þessi ákvörðun hefur gríðarlega jákvæð áhrif á alla aðstöðu hjá okkur og mun breyta skólabragnum að mörgu leyti. Það verður t.d. mikill léttir þegar hvert og eitt kennslusvæði þarf ekki lengur að gegna a.m.k. þremur hlutverkum, þ.e. að vera heimasvæði, sérgreinastofa og matsalur. Eins og flestum er kunnugt hafa verið þónokkur þrengsl hjá okkur í vetur og verður því sannarlega kærkomið að fá aukið svigrúm, og má kannski segja að ekki sé seinna vænna því að frá og með næsta hausti verða væntanlega nokkuð yfir 400 manns að störfum í húsinu, þ.e. yfir 300 grunnskólanemendur, 50-60 leikskólanemendur og um 60 starfsmenn. Við færum stjórnendum bæjarins að sjálfsögðu bestu þakkir fyrir skilning á aðstæðum skólans og þann velvilja sem birtist í þessari ákvörðun. Við munum áfram leggja okkur öll fram við að byggja upp þróttmikinn og framsækinn skóla sem fer svo sannarlega ört stækkandi. Og það er ekki um að villast - lífið er dásamlegt :)

Ágúst Jakobsson, skólastjóri



Miðrými skólans séð frá austri (frá sviði) til vesturs (að matsal)



Miðrými skólans séð frá vestri (frá matsal) til austurs (að sviði)

Starfsmannamál

Umsóknarfrestur um stöður umsjónarkennara, íþróttakennara og smíðakennara fyrir næsta vetur rann út nú um mánaðamótin. Hins vegar er umsóknarfrestur um stöðu heimilisfræðikennara til 10. maí nk. Alls eru 44 umsækjendur um stöðurnar en umsóknir skiptast þannig að 37 umsóknir eru um stöður umsjónarkennara, 11 umsóknir um stöðu íþróttakennara og 3 umsóknir um stöðu smíðakennara. Vinna er að hefjast við ráðningarferlið, stefnt er að því að ákvarðanir liggi fyrir um 10. maí og þá ættu jafnframt að skýrast línur varðandi skipan kennarateyma næsta vetrar.

Skólanefnd óskar eftir tilnefningum til viðurkenninga

Samkvæmt skólastefnu Akureyrarbæjar skal árlega veita viðurkenningar, þeim einstaklingum eða stofnunum sem skarað hafa fram úr í skólastarfi. Markmiðið er að vekja sérstaka athygli á því sem vel er gert og hvetja þá sem fyrir valinu verða til þess að halda áfram því góða starfi sem þeir eru að vinna og jafnvel gera enn betur. Viðurkenning er einnig staðfesting á að viðkomandi skóli/kennari/nemandi er fyrirmynd annarra á því sviði sem viðurkenning nær til. Á heimasíðu skólans er að finna auglýsingu með nánari upplýsingum varðandi þetta. Hægt er að tilnefna nemendur, kennara og sérstök verkefni sem unnið hefur verið að. Hver sem er getur skilað inn tilnefningum en þeim þarf að skila í síðasta lagi 3. maí.

Vorskóli - skólabyrjun í haust

Mánudaginn 21. maí nk. kl. 17:00 bjóðum við verðandi nemendum í 1. bekk og foreldrum þeirra á stutta kynningu í skólanum. Þar munu nemendur hitta verðandi kennara sína og foreldrar fá kynningu á skólanum hjá stjórnendum. Foreldrum annarra nýnema við skólann er einnig velkomið að nýta tækifærið og kíkja á skólann og kynna sér starfið örlítið. Skólastarf í haust mun svo hefjast með skólasetningu þann 22. ágúst. Drög að skóladagatali næsta árs eru nú aðgengileg á heimasíðu skólans (Skólinn / Skóladagatal 2012-2013 drög) en dagatalið er þó birt með fyrirvara þar sem það biður staðfestingar skólanefndar.



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Maí 2012

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
29.	30. Svikinn héri, kartöflur, rauðkál og brún sósa	1. maí FRÍ Ópið hús 4-5 b 16:30-18:30 Ópið hús 8-10b 19:30-21:30	2. Kjöt, og karrý, hrísgrjón og salat Ópið hús 6-7 b 16:30-18:30	3. Fiskipottréttur, hrísgrjón og salat	4. Kartöflu- og lauksúpa, brauð og smjör	5.
6.	7. Fiskibúðingur, kartöflur, salat og kryddjurtasósa	8. Íslensk kjötsúpa og heimabakað brauð Ópið hús 8-10b 19:30-21:30	9. Grænmetisbuff, hrísgrjón, salat og lauksósa	10. Gufusóðinn fiskur, kartöflur, soðið grænmeti og smjörvi	11. Gúllas, hrísgrjón og salat	12.
13.	14. Gratineraður fiskur, kartöflur, salat og rúgbrauð Útiþróttakennsla hefst!!	15. Lasagna, hrísgrjón og salat Ópið hús 8-10b 19:30-21:30	16. Steiktur fiskur í raspi, kartöflur, salat og köld súrmjólkursósa	17. Uppstigningardagur FRÍ	18. Nautakjötstortillur Gistinótt hjá 8.-9. bekk í félagsmiðstöðinni..	19.
20.	21. Hakk, spaghetti og salat Vorskóli fyrir verðandi í bekkinga og foreldra þeirra kl. 17:00	22. Soðinn fiskur, kartöflur, salat og tómatsósa Ópið hús 8-10b 19:30-21:30	23. Lambasteik, kartöflur, steikt grænmeti og brún sósa	24. Tómatkarrýfiskur, hrísgrjón og salat	25. Grænmetisúpa, heimbakað brauð og smjör Unicef - dagurinn	26.
27.	28. Annar í hvítasunnu FRÍ	29. Hakkabuff, kartöflustappa, salat og lauksósa	30. Ofnbakaður fiskur í karrýostasósu, hrísgrjón og salat	31. Steiktur kjúklingur, kartöflubátar, salat og sveppasósa Vorhátíð - nánar auglýst síðar	1. júní Skyr, brauð og álegg	2.

Munið: Íþróttir verða alfarið kenndar úti frá og með 14. maí.

Vorhátíð skólans verður 31. maí - nánar auglýst síðar

Skólaslit vorið 2012 verða þriðjudaginn 5. júní





Fréttabréf Naustaskóla

6. tölublað, 5. árgangur, 21. maí 2012

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Innkaup námsgagna

Gert er ráð fyrir að skólinn muni sem fyrr annast innkaup á námsgögnum fyrir nemendur, nema því sem tilheyrir pennaveskjum nemenda í 4.-10. bekk. Við birtum leiðbeiningar vegna innkaupa á heimasíðu skólans í sumar og í haust verður svo rúkað inn gjald fyrir námsgögnin.

Frístund

Síðasti opnunardagur Frístundar í vor er skólasítadagurinn, 5. júní. Í ágúst verða foreldrar beðnir um að ganga frá dvalar-samningum fyrir næsta vetur og Frístund tekur að nýju til starfa á skólasetningardaginn, þann 22. ágúst.

Skólaslit

Þriðja starfsári Naustaskóla verður slitið þriðjudaginn 5. júní. Allir nemendur mæta kl. 13:00 á sín heimasvæði, hitta umsjónarkennara, taka á móti námsmati, skólastjóri segir nokkur orð og svo halda nemendur út í sumarið. Foreldrar eru að sjálfsgöðu einnig hjartanlega velkomnir á skólaslitin.

Starfsmannamál

Nú hafa verið ráðnir 11 nýir kennarar að skólanum. Kemur það til af því að þær Brynja og Ása verða í fæðingarorlofi fram á næsta vor, Inga Lilja og Sigurlaug fara í ársleyfi frá skólanum og Freydis hefur sagt upp störfum, en auk þess er nemendum að fjölga umtalsvert og verða þeir væntanlega komnir yfir 300 næsta haust. Þeir sem ráðnir hafa verið eru Aníta Jónsdóttir, Anna María Sigurðardóttir, Berglind Bergvinsdóttir, Halla Óladóttir, Kolbrún Sigurgeirsdóttir, Svala Einarisdóttir, Sunna Alexandersdóttir og Þóra Ólafsdóttir. Hjartar sem verða umsjónarkennarar. Auk þess hafa verið ráðnar þær Þórey Sjöfn Sigurðardóttir íþróttakennari, Hulda Berglind Árnadóttir smíðakennari og Dögg Stefánsdóttir sem mun annast heimilisfræðikennslu. Halla Jóhannesdóttir mun skipta yfir í myndmenntakennslu og Valdís Jósavinsdóttir mun taka að sér textilmenntakennslu. Skipan kennsluteyma má sjá hér til hliðar.

Kæra skólasamfélag

Hér er væntanlega á ferðinni síðasta fréttabréf skólaársins og geymir það m.a. upplýsingar um síðustu skóladagana hjá okkur í vor, nýráðna starfsmenn, skipan í kennsluteymi o.fl. Þriðja starfsári Naustaskóla fer senn að ljúka en áður en við vitum af verður auðvitað aftur komið haust og nýtt skólaár. Það verður nú líka aldeilis spennandi því að þá fáum við afhenta heilmikla viðbót við húsnæðið okkar, það koma nýir nemendur, foreldrar og starfsmenn í hópinn og við höldum áfram að leika og læra saman, og þróa skólann okkar þannig að hann verði sífellt betri og betri. Fyrir mína hönd og annarra starfsmanna skólans þakka ég samstarfið í vetur. Við sjáumst hress í haust eftir dásamlegt líf í sumar auðvitað!

Bestu kveðjur úr skólanum,

Ágúst Jakobsson.

Vorhátíð Naustahverfis 2012

Haldin fimmtudaginn 31. maí

Hátíðin hefst kl. 16:15 í Naustaborgum

Dagskrá í Naustaborgum kl. 16:15-18:00

- Þrautabraut
- Andlitsmálning
- Stultur, kastveggur o.fl.
- Trúðar
- Kubb, boccia o.fl.
- Leikir
- Sápukúlublástur
- Flugdrekar
- Grillaðar pylsur - ókeypis :)
- Ótrúlega gott veður !!



Allir velkomnir!!

Opið hús í Naustaskóla frá kl. 17:30

- **Kaffihús á neðri hæð skólans**
 - Kaffi / safi / mjólk og vöffur
 - Fullorðnir 400 kr.
 - 6-16 ára 200 kr.
- Tombóla – 50 kr. miðinn
- Föndurborð
- Spákona
- Verður draugahús??
- Sýningar á verkum nemenda

Umsjónarkennarar næsta vetur

1. bekkur: Lilja, Berglind og Þóra Ólafsd.

2.-3. bekkur: Gyða Björk, Yrsa, Halla Ólad. og Sunna

4.-5. bekkur: Sigríður Jóna, Úlfar, Svala og Ingibjörg Jóna

6.-7. bekkur: Heimir, Andri og Kolbrún

8.-10. bekkur: Þóra Ýr, Aníta og Anna María

Skipting umsjónarkennara á árganga verður eins og sést hér að ofan. Við röðum nemendum hins vegar ekki niður á umsjónarkennara fyrr en í ágústmánuði. Enn á eftir að ganga frá ráðningu skólaliða og stuðningsfulltrúa fyrir næsta vetur en umsóknarfrestur um þau störf rennur út 24. maí nk. Þar er Agnes á leið í fæðingarorlof en Almar og Daníel hverfa til annarra starfa. Um leið og við bjóðum nýtt fólk velkomið í hópinn þökkum við þeim sem hverfa á braut fyrir samfylgdina og vel unnin störf!



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Endaspretturinn vorið 2012

20.	21. Hakk, spaghetti og salat Unicef-dagurinn Vorskóli fyrir verðandi 1. bekk og foreldra þeirra	22. Soðinn fiskur, kartöflur, salat og tómatsósa Opíð hús 8-10b Frjálsíþr.mót 4.b	23. Lambasteik, kartöflur, steikt grænmeti og brún sósa Frjálsíþr.mót 5.b	24. Tómatkarrýfiskur, hrísgrjón og salat Frjálsíþr.mót 6.b	25. Grænmetisúpa, heimabakað brauð og smjör Frjálsíþr.mót 7.b	26.
27.	28. Annar í hvítasunnu FRÍ	29. Hakkabuff, kartöflustappa, salat og lauksósa Opíð hús 8-10b Vorþemadagur	30. Ofnbakaður fiskur í karrýstasósu, hrísgrjón og salat Vorþemadagur	31. Steiktur kjúklingur, kartöflubátar, salat og sveppasósa Vorhátíð - sjá forsíðu	1. júní Skrý, brauð og álegg Útivistardagur	2.
3.	4. Steiktur fiskur Hópeflisdagur nýrra námshópa	5. Skólaslit kl. 13:00	6. Starfsdagur	7. Starfsdagur	8. Starfsdagur	

Unicef - dagurinn

Mánudaginn 21. maí vörðum við hluta dagsins í verkefni sem kennt er við Unicef, Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna. Þá unnu nemendur íþróttatengd verkefni og söfnuðu í leiðinni peningum til styrktar Unicef.



Frjálsíþróttamót á miðstigi

Dagana 22.-25. maí verða haldin frjálsíþróttamót fyrir nemendur á miðstigi (sjá dagatalið hér að ofan). Mótin fara þannig fram að á mótssdegi leggur árgangurinn af stað að morgni í Bogann og er mæting þar kl. 8:45. Þar er svo keppt í nokkrum greinum og er lagt upp með að sem flestir geti keppt í einhverju. Skólarnir eru hvattir til að mæta sem mest hver í sínum lit og er litur Naustaskóla **appelsínugulur**, nemendur eru því hvattir til að mæta í þeim lit (bolir, hárbönd, borðar, fánar o.s.frv.) til að auðkenna stuðningsmenn og keppendur og búa til stemmingu. Ávextir verða með í för en einnig er nemendum frjálst að hafa með sér hollt og gott nesti og mikilvægt er að búa sig vel í samræmi við veður. Gert er ráð fyrir að komið verði að nýju heim í Naustaskóla upp úr kl. 12 á hádegis.

Vorþemadagar, vorhátíð, útivistardagur og hópeflisdagur

29.-30. maí eru vorþemadagar hjá okkur. Í þetta skiptið munu þeir mikið snúast um ýmis konar leiki og er afar mikilvægt að nemendur séu vel búnir til útiveru.. Vorhátíðin verður með hefðbundnu sniði fimmtudaginn 31. maí, þá er skóli til 13:15 en svo hefst vorhátíðin kl. 16:15 og stendur fram undir kvöldmat (sjá forsíðu). Föstudaginn 1. júní verðum við svo aftur í útiveru, förum þá í gönguferðir, grillum o.þ.h. Mánudaginn 4. júní myndum við svo nýja námshópa og verjum deginum í að kynnst og hrista saman nýju hópana, þ.e.a.s. þá vinna tilvonandi 2.-3. bekkur saman, tilvonandi 4.-5. bekkur, tilvonandi 6.-7. bekkur og tilvonandi 8.-10. bekkur.

Athugið: Frá og með þriðjudeginum 29. maí lýkur kennslu hjá öllum nemendum kl. 13:15!